


ÁSLAUG DÓRA EYJÓLFSDÓTTIR

*Tilhlökkunarefni að gista alveg við úthafið*

sumar ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




BÖRN

*Útivist, listsköpun og önnur frístundaiðkun*

Sérblað um börn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÞRÖSTUR JÓNSSON

*Kominn í heyskap*

Bassafanturinn notar tímann milli túra á sjónum

FÓLK 30


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júlí 2008 — 191. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Klukkan er núll



Þorleifur Örn Arnarsson er þrítugur í dag. Hann stendur á tímamótum; mun brátt ljúka námi sínu og fram undan eru mörg krefjandi verkefni.

TÍMAMÓT 18

### Raðar inn mörkum



Útvarpsmaðurinn Elías Ingi Árnason er með markahæstu mönnum í annarri deildinni í fótbolta.

FÓLK 30

### Flóttamenn á Íslandi

„Langar okkur til að búa í hinni vernduðu virkisborg sem búið er að reisa í kringum okkur eða viljum við annars konar heim?“ spyr Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16

### Keflvíkingar á toppinn



Þórarinn Kristjánsson skoraði bæði mörkin í 0-2 sigri Keflavíkur gegn Fram í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT SYÐRA** Í dag verða norðvestan 5-10 m/s víðast hvar. Rigning norðan til og austan en þurrt syðra og sums staðar bjart með köflum. Hiti 7-18 stig, hlýjast til landsins syðra.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. skv. könnun Capacent í febrúar - apríl 2008


# Ljósleiðarar ríkisins skráðir í eigu NATO

**Yfirvöld telja svokallaða NATO-ljósleiðara til eigna Atlantshafsbandalagsins. Það er á skjön við samning um lagningu ljósleiðaranna frá 1989, þar sem stendur skýrum stöfum að ljósleiðararnir séu og verði alfarið í eigu íslenska ríkisins.**

**STJÓRNSÝSLA** Þrír ljósleiðaraþræðir sem Atlantshafsbandalagið (NATO) lét leggja á Íslandi í kringum 1990, iðulega kallaðir NATO-ljósleiðarar, eru taldir til eigna NATO í auglýsingu utanríkisráðuneytisins. Það samræmist ekki samningi um lagningu ljósleiðaranna frá 1989, þar sem segir skýrum stöfum að þeir séu og verði eign Íslendinga.

Í varnarmálalögum er kveðið á um að utanríkisráðuneytið skuli birta lista yfir mannvirki og fjarskiptakerfi NATO sem Varnarmálastofnun ber ábyrgð á. Slík auglýsing var birt 19. júní. Á listanum eru ljósleiðaraþræðirnir þrír auk fjölda annarra eigna.

Samningur um lagningu ljósleiðaranna frá 1989 kveður hins vegar afdráttarlaust á um að þeir séu eign íslenska ríkisins, nánar tiltekið Póst- og fjarskiptastofnunar. Bandaríkin, fyrir hönd NATO, skuli þó hafa óheftan aðgang og afnot af þeim þar til varnarsamningi þjóðanna frá 1951 verði rift. Undir samninginn rita Þorsteinn Ingólfsson, þáverandi ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, og Thomas F. Hall frá NATO.

Þetta eignarhald hefur verið ítrekað margsinnis í opinberum skjölum, meðal annars í samningi Landssímans, utanríkis- og samgönguráðuneytisins frá 2001 um eignarhald, meðferð, rekstur og viðhald ljósleiðaranna, og að auki í tveimur skýrslum einkavæðingarnefndar frá 2001 og 2005.

Þórir Ibsen, yfirmaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, staðfesti við Fréttablaðið í gær að ráðuneytið teldi ljósleiðarana eign NATO.

Leiga á tveimur þráðunum af þremur var nýverið boðin út á grundvelli ákvæðis í varnarmálalögum sem segir að Varnarmálastofnun sé „heimilt […] að veita gegn gjaldi samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði [NATO] sem stofnunin hefur umsjón með […]“ Tekjurnar skuli renna til stofnunarinnar til viðhalds mannvirkjana, í þessu tilviki ljósleiðaranna. **- sh**



**FUNDUR FORSÆTISRÁÐHERRA** Geir Haarde forsætisráðherra boðaði blaðamenn til fundar í Stjórnarráðinu í gær. Geir kvaðst telja það óraunhæft að Íslendingar næðu samningum við Evrópusambandið um upptöku evru án inngöngu í sambandið.

FRÉTTABLAÐIÐ STEFÁN

Deilt um hvort hér sé hægt að taka upp evru án aðildar að Evrópusambandinu:

# Ekki hægt að stytta sér leið

**EFNAHAGSMÁL** „Miðað við mínar upplýsingar er þessi leið ekki fær. Það er ekki hægt að stytta sér leið þarna inn,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um hugmyndir Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um evru sem þriðju stoðina í samstarfinu við Evrópusambandið (ESB), samhliða samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samkomulaginu.

Ingibjörg telur engar lögformlegar hindranir fyrir hugmyndinni en dregur mjög í efa að pólitískur vilji sé fyrir þessu hjá Evrópusambandinu. „Um það höfum við fengið skýr skilaboð frá Evrópusambandinu,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Hún segir það merkilega yfirlýsingu hjá Birni að hann telji nú að Íslandi sé best borgið innan myntbandalagsins. Þá yrðu 27 ríki ESB að samþykkja að Íslendingar tækju upp evru áður en málið kæmist lengra.

„Við höfum talið þetta fjarlægan möguleika,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær. Hann segir að innan hugmyndar Björns rúmist einnig að krónan verði tengd evrunni. Það verði kannað frekar.

Björn vísar til 111. greinar stofnsáttmála ESB. Þar sjáist að sambandið hafi heimild til að semja við þriðja ríki um evruaðild. „Ég hef sagt að lögheimildir skorti ekki, ef pólitískan vilja skortir er það annað mál.“

Spurður hvort hann hafi heyrt af viðhorfsbreytingu innan ESB segir hann að mat sitt byggist á uppnámi í ESB eftir að Írar höfnuðu Lissabon-sáttmálanum.

Percy Westerlund, sendiherra Evrópusambandins gagnvart Íslandi, segir hins vegar að þessi túlkun á 111. grein stofnsáttmálans standist ekki.

**- ikh** / sjá síðu 10 og 12



**JÓN REYNIR OG SMYRILLINN** Vel fór á með Jóni Reyni og smyrlinum sem fékk gistingu um helgina hjá skólameistaranum.

MYND/MAGNÚS HREINN JÓNSSON

Næturgestur skólameistara:

# Smyrill gisti í bílskúrnum

**DÝRALÍF** Smyrill nokkur fékk gistingu í bílskúrnum hjá Jóni Reyni Sigurvinssyni, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, aðfaranótt sunnudags. Jón varð var við að fugl flygi inn í bílskúrinn. „Þegar þangað var komið sá ég hvar smyrillinn sat í mestu makindum á hjóli og ekkert fararsnið á honum.“ Jón taldi fuglinn jafnvel lemstraðan og leyfði honum því að gista. Daginn eftir vitjaði hann næturgestsins.

„Ég fékk hann til að setjast á höndina á mér og þar sat hann sem fastast.“ Svo flaug hann á brott en sat á umferðarskilti skammt frá síðast þegar Jón Reynir sá hann. „Ég held að honum muni bara vegna vel.“ **- jse**

Vefsíða um tómstundir barna:

# Allar upplýsingar á einum stað

**BÖRN Letetia Beverly Jonsson hefur safnað saman upplýsingum um þá möguleika til frístundaiðkunar sem bjóðast börnum. Upplýsingarnar birtast nú á nýrri vefsíðu, fristundir.is, og eru á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku.**

**„Ísland hefur breyst, það er ekki eins og áður þegar hér voru bara Íslendingar. Núna er mikið af erlendu fólki sem er með börn. Nauðsynlegt er að taka tillit til þarfa þess,“ segir Letitita.**

**Fyrsta kastið taka upplýsingar til frístundaiðkunar á höfuðborgarsvæðinu en á næsta ári verður upplýsingum af öllu landinu bætt við.** **- stp** / sjá sérblað um börn

Fleiri telja McCain of gamlan:

# Áhyggjur af aldri McCain

**BANDARÍKIN, AP** Skoðanakannanir í Bandaríkjunum benda til þess að 58 prósent Bandaríkjamanna telji John McCain, forsetaframbjóðana Repúblikanaflokksins, of gamlan.



**JOHN MCCAIN**

McCain verður 72 ára gamall þegar hann tekur við forsetaembættinu, nái hann kjöri. Sitji hann tvö kjörtímabil, hámarkið sem leyfilegt er, verður hann áttatíu ára þegar hann lætur af störfum.

44 prósent Bandaríkjamanna telja Barack Obama, frambjóðanda Demókrataflokksins, of ungan samkvæmt skoðanakönnunum. **- gh**

## SPURNING DAGSINS



*Börkur, gefur ríkið bara skít í ferðamál?*

„Já, svo virðist sem ferðamenn séu nýttir til uppgræðslu á náttúruperlum landsins.“

Börkur Hrólfsson leiðsögumaður segir salernisaðstöðu fyrir ferðamenn ófullnægjandi. Þeir þurfi jafnvel að ganga örna sinna úti í náttúrunni.

Erlendir ferðamenn lenda oftast í umferðaróhöppum við aksturinn að Dettifossi:

# Yfir tuttugu óhöpp síðustu ár

**SAMGÖNGUR** Yfir tuttugu umferðaróhöpp hafa orðið á vegunum að Dettifossi undanfarin fimm ár. Oftast var um bílveltur að ræða samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á Húsavík.

„Erlendir ferðamenn lenda oftast í óhöppum þarna,“ segir Bjarni Höskuldsson lögregluþjónn. „Oft og tíðum er ekki ofsaakstri um að kenna heldur vanþekkingu á íslenskum malarvegum.“

Bjarni segir bifreiðum oft velt á ótrúlega lítilli ferð við fossinn. „Miðað við fjölda óhappa er ótrúlega lítið um slys á fólki en margir bílar hafa farið mjög illa.“

„Flest tjón verða þegar malbikaður vegur breytist í malarveg,“ segir Margrét Líndal, markaðs- og gæðastjóri hjá bílaleigunni Hertz.



**BÍLVELTA VIÐ DETTIFOSS** Nýr vegur að Dettifossi vestan megin er í undirbúningi en framkvæmdir gætu tafist þar sem samningar við landeigendur hafa ekki náðst.

Margrét segir tjónum þó hafa fækkað milli ára og þakkar mikilli áherslu sem lögð sé á öryggismál. „Hver einasti ferðamaður fær nú möppu með margs konar upplýsingum um aksturinn hér á landi. Einnig höfum við gert vel heppnaðar breytingar á bílaflota okkar.“

Nýr vegur að Dettifossi vestan megin er í undirbúningi en framkvæmdir gætu tafist þar sem samningar hafa enn ekki náðst við landeigendur á svæðinu.

„Margt bendir til þess að gera þurfi eignarnám en það skýrist betur á næstu vikum,“ segir Stefán Erlendsson, lögfræðingur hjá Vegagerðinni. Enn er óljóst hvenær framkvæmdir við nýja veginn geta hafist. **- ht**

Lítið skotið af mávum:

# Fáir mávar í Reykjavík núna

**REYKJAVÍK** Lítið hefur verið af mávum í Reykjavík í sumar miðað við undanfarin ár. Engar kvartanir hafa borist Meindýravörnum Reykjavíkurborgar vegna máva við Tjörnina. Í fyrra voru hins vegar skotnir milli þrjú og fjögur hundruð mávar í borginni.

Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri Meindýravarna, segir helst bera á kvörtunum vegna máva við veiðiár. „Líklegast er nóg æti í sjónum þannig að mávurinn þarf ekki að sækja fæðið annað. Þetta er allt annað en þegar við vorum að skjóta tíu þúsund fugla fyrir nokkrum árum.“ **- kóp**

Varaformaður Orkuveitunnar:

# Saving Iceland hafnaði styrk

**UMHVERFISMÁL** Varaformaður Orkuveitu Reykjavíkur, Ásta Þorleifsdóttir, segist dást að hugsjón Saving Iceland-samtakanna, sem nú halda úti mótmælabúðum á Hellisheiði.

Hún hafi spurt félaga í samtökunum hvort þeim hafi ekki komið til hugar að sækja um styrk hjá Orkuveitunni, en fyrirtækið hefur oft stutt umhverfisverndarsamtök, til að mynda Landvernd. „Það er afar gagnlegt að fá sjónarhorn svona samtaka fram,“ segir Ásta. Gagnrýni sé Orkuveitunni holl.

Svar Saving Iceland var skorinort; það kæmi ekki til mála að þiggja fé frá fyrirtækinu. **- kóþ**

Deilur um trú í Tyrklandi:

# Tugir manna ákærðir í gær

**TYRKLAND, AP Á níunda tug Tyrkja var í gær ákærður fyrir hryðjuverkastarfsemi. Þeir eru sakaðir um að hafa ætlað að steypa stjórn landsins.**

**Í hópnum eru nokkrir fyrrverandi yfirmenn í hernum og einn stjórnmálamaður úr stjórnarandstöðunni. Allir aðhyllast þeir hina veraldlegu stjórnskipan landsins, sem gerir ráð fyrir skýrum aðskilnaði trúar og stjórnmála. Þeir hafa gagnrýnt núverandi stjórnvöld fyrir að vilja blanda þessu tvennu saman.**

**Stjórnarandstaðan segir ákærurnar lið í tilraun stjórnvalda til að þagga niður í gagnrýnisröddum.** **- gb**

## AFGANISTAN

### Pakistan styðji hryðjuverk

Afgönsk yfirvöld sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem þau saka pakistönsku leyniþjónustuna um aðild að árásum talíbana í Afganistan. Pakistanar neita ásökununum.

# Lögfræðingur frá Spáni fær alltaf nei

**Spænskur lögfræðingur sem talar góða íslensku hefur sótt um störf hjá hinu opinbera en alltaf verið hafnað. Umhverfisstofnun tók laganema fram yfir hann. Starfsmannastjóri stofnunarinnar segir uppruna hans engu hafa skipt.**

**INNFLYTJENDUR** „Ég hef oft sótt um vinnu hjá hinu opinbera og fæ alltaf nei. Ég sendi umsókn til Umhverfisstofnunar og þeir sögðu mér að laganemi hefði verið ráðinn, en auglýst var eftir lögfræðingi,“ segir Xavier Rodríguez lögfræðingur.

Xavier er með embættispróf í lögfræði frá háskóla í Barcelona og meistaragráðu í alþjóða- og umhverfisrétti frá Háskóla Íslands. Hann hefur sótt um störf hjá Háskóla Íslands, umhverfisráðuneytinu og Umhverfisstofnun en aldrei verið boðaður í viðtal. Þrjú ár eru síðan hann flutti til landsins og hann talar mjög góða íslensku. Í ráðningarferli Umhverfisstofnunar var hann ekki boðaður í viðtal.

„Ég var með meiri menntun en hinir umsækjendurnir. Þetta lyktar af fordómum. Umhverfisstofnun sagði í bréfi sem þeir sendu mér að fimm hefðu sótt um og tveir verið boðaðir í viðtal. Fyrir mig er þetta móðgun,“ segir Xavier.

Xavier starfar nú í Alþjóðahúsinu og kennir fjölmiðlatækni við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. „Ég vil koma fram með þetta svo aðrir útlendingar fái ekki sömu meðferð og ég,“ segir Xavier og segist fullviss um að þetta sé vegna þess að hann er ekki íslenskur.

„Vinkona mín sem er líka erlend lenti í þessu sama. Hún fékk alltaf nei þrátt fyrir að vera búin að búa á Íslandi í átta ár. Síðan kláraði hún doktorsnám í lögfræði og fékk loksins vinnu,“ segir Xavier.



**XAVIER RODRÍGUEZ** Hann segir vinnubrögð Umhverfisstofnunar lykta af fordómum því hann hafi verið með meiri menntun en allir aðrir umsækjendur.

> Ég var með meiri menntun en hinir umsækjendurnir. Þetta lyktar af fordómum.
>
> **XAVIER RODRÍGUEZ**
> LÖGFRÆÐINGUR

Sigrún Valgarðsdóttir, starfsmannastjóri Umhverfisstofnunar, segir að yfirleitt séu ekki allir umsækjendur boðaðir í viðtöl. Xavier hafi beðið um rökstuðning fyrir ráðningunni og í rökstuðningnum er að sögn Sigrúnar ítarlega rökstutt af hverju laganeminn hafi verið ráðinn.

„Laganeminn er að klára og verður ráðinn í september þegar hann gerir það. Í bréfinu rökstyðjum við ítarlega að hann hafi verið hæfastur,“ segir Sigrún. Hún segir ráðningarferlið hjá Umhverfisstofnun vera mjög faglegt þegar fólk er ráðið og allt sé skoðað vel og vandlega.



**KÁRAHNJÚKAR** Starfsemi Umhverfisstofnunar er mjög viðamikil og fer eftir tugum lagabálka og reglugerða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er alveg bókað að sjónarmið um uppruna hans hefur engu ráðið varðandi ráðningarferlið,“ segir Sigrún.

**vidirp@frettabladid.is**



**LAUFÁSVEGUR** Gera á mikið jarðhýsi á Laufásvegi 73.

Stækkun húss á Laufásvegi:

# Íbúar óttast sprengingar

**SKIPULAGSMÁL Nágrannar Þorsteins Jónssonar, forstjóra Vífilfells, á Laufásvegi óttast skemmdir á eignum sínum af sprengingum vegna stækkunar húss hans. Þetta kemur fram í athugasemdum sem eigendur tveggja húsa sendu skipulagsyfirvöldum í Reykjavík þar sem umsókn Þorsteins um stækkunina er til afgreiðslu.**

**Að þessu sinni barst ekki athugasemd frá forsetaembættinu, sem áður hafði vitnað til þess mats ríkislögreglustjóra að öryggi í gestahúsi forsetans handan götunnar væri teflt í hættu með framkvæmdunum. Stækkunarumsókninni var á sínum tíma hafnað á þessari forsendu en sú synjun var felld úr gildi og Þorsteinn reynir nú aftur að fá byggingarleyfi.** **- gar**

## BANDARÍKIN

### Íbúar snúa heim

Íbúar í Kaliforníu eru farnir að snúa aftur til síns heima eftir að rýma þurfti stór svæði vegna skógarelda. Hagstæð veðurskilyrði hafa gert slökkviliðsmönnum kleift að ná tökum á eldunum, sem kviknuðu í þrumuveðri.

### Í lagi með hjarta Cheneys

Hinn 67 ára gamli varaforseti Bandaríkjanna, Dick Cheney, fór í árlega hjartaskoðun síðastliðinn sunnudag. Að sögn fjölmiðlafulltrúa Cheneys er allt í lagi með hjarta hans, en hann á langa hjartveikisögu að baki.


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Flugfrakt

Sækjum og sendum
– hratt og örugglega
á hagstæðu verði.

Til/frá Reykjavík
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag




Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.


Sarkozy Frakklandsforseti í umdeildum félagsskap á þjóðhátíð Frakka:

# Tugir þjóðarleiðtoga fögnuðu

**FRAKKLAND, AP** Fjölmargir þjóðarleiðtogar tóku þátt í hátíðarhöldum á þjóðhátíðardegi Frakka í París í gær.

Auk Nicolasar Sarkozy Frakklandsforseta voru þar bæði Bashar Assad Sýrlandsforseti og Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, sem ekki hafa viljað hafa mikið saman að sælda til þessa, ásamt Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, og Michel Sleiman, forseta Líbanons.

Fjölmargir aðrir leiðtogar Evrópusambandsríkja, Mið-Austurlandaríkja og Afríkuríkja tóku einnig þátt í hátíðarhöldum á Bastilludeginum, þar sem franski herinn efndi að venju til veglegrar sýningar á liðstyrk sínum á breiðstrætinu Champs-Elyseés.

Leiðtogarnir komu til Parísar á sunnudag til að stofna bandalag Miðjarðarhafsríkja, sem stefnir að efnahagssamvinnu og ætlar að gera landsvæði ríkjanna gereyðingarvopnalaust.

Umdeildastur gestanna er Assad Sýrlandsforseti, en Sarkozy vísaði á bug gagnrýni mannréttindasamtaka og fjölmargra annarra fyrir að leyfa honum að vera við hátíðarhöldin í gær.



**FYLGST MEÐ FRÖNSKUM HERÞOTUM** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, Hosni Mubarak Egyptalandsforseti, Tarja Halonen Finnlandsforseti og Bashar Assad Sýrlandsforseti á hátíðarhöldum í París.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy notaði einnig daginn til þess að heiðra Ingrid Betancourt, sem fyrr í þessum mánuði losnaði úr gíslingu hjá FARC-skæruliðasamtökunum í Kólumbíu. **- gb**

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

# MILLJÓN FYRIR ÞANN GAMLA!

## UPP Í KAUP Á NOTUÐUM JEPPA

Komdu upp á Klettháls með gamla bílinn og settu hann upp
í jeppa árgerð 2004 eða nýrri. Við metum bílinn þinn á eina milljón,
sama hvernig hann er, bara að hann sé skoðaður 2009.






**Opið 10–18 virka daga**

Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 14.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,54 | 76,9 |
| Sterlingspund | 151,98 | 152,72 |
| Evra | 121,33 | 122,01 |
| Dönsk króna | 16,26 | 16,356 |
| Norsk króna | 15,061 | 15,149 |
| Sænsk króna | 12,801 | 12,875 |
| Japanskt jen | 0,7172 | 0,7214 |
| SDR | 124,99 | 125,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
155,3119

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til eflingar fasteignamarkaðnum virðast skila árangri:

# Markaðurinn á leið upp á við

**NEYTENDUR** „Fasteignamarkaðurinn er að koma upp úr þeim öldudal sem hann var í,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala.

„Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að efla markaðinn hafa tekist vel og þá sérstaklega sú ákvörðun að miða við kaupverð íbúða í stað brunabótamats við viðmiðun lána. Hækkun hámarksláns í tuttugu milljónir er sömuleiðis mikilvæg aðgerð, sem og niðurfelling stimpilgjalds á fyrstu íbúð. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar kveður reyndar á um að stimpilgjöld verði felld niður að fullu og við teljum mikilvægt að staðið verði við það.“


**FASTEIGNIR** Markaðurinn hefur verið „alveg dauður“ undanfarna mánuði segja fasteignasalar en er þó eitthvað að glæðast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ingibjörg telur að áhrifa breytinganna muni gæta í ríkari mæli í haust þegar sumarleyfistímanum lýkur.

Ingólfur Gissurarson, framkvæmdastjóri Valhallar fasteignasölu, er sammála því að markaðurinn sé á uppleið. Hins vegar segir hann aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa komið allt of seint og vera ófullnægjandi. „Það er bráðnauðsynlegt að það verði gert eitthvað meira fyrir ungt fólk. Þá er ég að hugsa um níutíu prósenta lán fyrir fyrstu kaupendur.“

Hann segir jafnframt að neikvæðni á markaðnum hafi verið meiri en efni standa til. „Vonandi breytist það núna.“

- ges

Hreinsun á Kárahnjúkum:

# Fimm þúsund tonn af rusli

**UMHVERFISMÁL** „Það er talið að þarna séu um fimm þúsund tonn af hráefni sem þurfi að hreinsa af svæðinu,“ segir Einar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Hringrásar, en starfsmenn fyrirtækisins leggja nú nótt við dag til að hreinsa svæðið á Kárahnjúkum.

„Það ríður á að við klárum þetta áður en frystir. Við höfum verið hér með tíu manns og góð tæki í tvær vikur og höfum þegar tekið um 1.200 tonn svo þetta gengur vel.“

Hann segir efnið af ýmsum toga. „Þetta eru járnbrautarteinar, kaplar, hlutar úr bornum og önnur ónýt tæki.“

- jse

Lögregla skoðar Árna Johnsen:

# Ærumeiðingar enn í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL Lögregla rannsakar enn meintar ærumeiðingar þingmannsins Árna Johnsen í garð Gunnars Gunnarssonar aðstoðarvegamálastjóra. Þetta segir Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. Gunnar kærði Árna í lok apríl fyrir ummæli sem Árni lét falla í blaðagrein þess efnis að Gunnar væri vart starfi sínu vaxinn og hefði sinnt ýmsum verkum afar slælega.**


ÁRNI JOHNSEN

**Aðdróttun gegn opinberum starfsmanni, sem varðar starf hans, er brot gegn hegningarlögum og því fer lögregla með rannsókn málsins.**

- sh

# Forseti ákærður fyrir þjóðarmorð

**Forseti Súdans hefur verið ákærður fyrir að hafa skipulagt ofbeldisherferð á hendur þjóðflokkum í Darfúr-héraði. Skipulagðar nauðganir eru lykilþáttur útrýmingarherferðar gegn 2,5 milljónum manna.**

**HOLLAND, AP** Saksóknari stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna sendi í gær frá sér ákærur á hendur Omar Al-Bashir, forseta Súdans. Hann er sakaður um að standa á bak við tilraunir til að útrýma heilu þjóðflokkunum í Darfúr-héraði.

Luis Moreno-Ocampo saksóknari fór jafnframt fram á að gefin yrði út alþjóðleg beiðni um handtöku á Al-Bashir til að koma í veg fyrir hægfara morð á 2,5 milljónum manna, sem hraktir hafa verið frá heimilum sínum í Darfúr.

Janjaweed-vígasveitirnar hafa árum saman með stuðningi stjórnvalda ráðist gegn fólkinu með morðum, nauðgunum og nauðungarflutningum. Þessi ofbeldisherferð stendur enn yfir.

„Hópmorð er ásetningsglæpur,“ segir saksóknarinn. „Við þurfum ekki að bíða eftir því að þessar 2,5 milljónir manna deyi.“

Hann segir kerfisbundnar nauðganir lykilþátt í ofbeldisherferðinni: „Sjötugum konum og sex ára stúlkum er nauðgað,“ sagði hann. „Fjöldanauðganir, hópnauðganir, nauðganir fyrir augum foreldra.“

Hann segir að Al-Bashir forseti stefni að því að útrýma þremur þjóðflokkum: Fur, Masalit og Zaghawa, sem eru þjóðflokkar afrískra blökkumanna. Þessar þjóðir eru í minnihluta meðal íbúa Súdans, en stjórnin er að mestu í höndum arabaþjóða frá norðanverðu landinu.

„Ég hef ekki þann munað að geta litið undan. Ég hef sannanir,“ segir Moreno-Ocampo saksóknari.


**HINN ÁKÆRÐI** Þegar Omar Al-Bashir Súdansforseti mætti á ríkisstjórnarfund á sunnudag beið hans þar mannfjöldi sem ákaft mótmælti því að stríðsglæpadómstóllinn í Haag legði fram ákærur á hendur forsetanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Áform hans voru að stórum hluta pólitísk. Tylliafsökun hans var „gagnbylting“. Ásetningur hans var þjóðarmorð.“

Ákæran er í tíu liðum: þrjár ákærur fyrir hópmorð, fimm fyrir glæpi gegn mannkyni og tvær fyrir morð. Búist er við því að þrír dómarar dómstólsins taki nokkra mánuði í að fara yfir sönnunargögnin áður en ákvörðun er tekin um hvort handtaka skuli Al-Bashir forseta.

Erfitt gæti síðan reynst að framfylgja handtökubeiðninni. Súdansstjórn viðurkennir ekki lögsögu dómstólsins og mun ekki láta handtaka forseta landsins.

Þetta er í fyrsta sinn sem Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn í Haag, sem er stríðsglæpadómstóll á vegum Sameinuðu þjóðanna, ákærir þjóðarleiðtoga sem enn situr í embætti.

Dómstóllinn var stofnaður árið 2002 með aðild sextíu ríkja, en hvorki Bandaríkin né Súdan eru aðilar að honum.

gudsteinn@frettabladid.is


**MOSKVA** Samskipti Rússa og Breta hafa verið stirð frá árinu 2006. MYND/GETTY IMAGES

Rússnesk stjórnvöld:

# Saka Breta um njósnastarfsemi

**RÚSSLAND, AP Rússar hafa sakað viðskiptafulltrúa breska sendiráðsins í Moskvu, höfuðborg Rússlands, um njósnastarfsemi.**

**Ásökunin er líkleg til að auka enn á spennuna milli Rússa og Breta, sem meðal annars má rekja til átaka um stjórn olíufyrirtækisins TNK-BP og morð Alexanders Litvinenkó í London árið 2006.**

**Ásökunin kemur í kjölfar frétta breska ríkisútvarpsins BBC á mánudag þar sem rússnesk yfirvöld eru bendluð við morðið á Litvinenkó.**

- gh

Bifhjólaslys á Miklubraut:

# Ekið á vespu

**SLYS** Mæðgur sluppu með minniháttar meiðsl þegar ekið var á vespu þeirra á Miklubraut í gærmorgun.

Hjólið féll í götuna við áreksturinn en skemmdist lítið. Konurnar voru fluttar á sjúkrahús til aðhlynningar en voru útskrifaðar síðdegis í gær.

Vespum hefur fjölgað til muna í umferðinni undanfarið. Vélarstærð þeirra ræður því hvort þær falla í flokk létt- eða stórbifhjóla. Falli þær í síðarnefnda flokkinn má vera með farþega aftan á þeim, en ekki falli þær í þann fyrri.

- kóp

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brotnaði á báðum fótum

Fimmtán ára piltur fótbrotnaði á báðum fótum í slysi eftir að hann féll af mótorkrosshjóli á sunnudagskvöld. Slysið varð á svæði Kappakstursklúbbs Akureyrar við Glerá þar sem hann var við æfingar.

### Ekið yfir sjö unga

Ekið var yfir sjö gæsarunga sem voru á leið sinni yfir Drottningarbraut á Akureyri aðfaranótt sunnudags. Lögreglan á Akureyri vill minna ökumenn á algengt er að gæsir séu í stórum hópum á brautinni og því sé ráð að gæta varúðar á þessari leið.

## LEIÐRÉTTING

Rangur flokksstafur var við nafn Ragnheiðar Ríkarðsdóttur í frétt í gær um afstöðu þingmanna til máls Paul Ramses. Ragnheiður er í Sjálfstæðisflokknum.




## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson**
veðurfræðingur

**LÉTTIR TIL SUNNAN OG VESTAN TIL**
Það má kannski segja að veðrið hafi ekki verið sérlega sumarlegt síðustu daga en nú er þetta að breytast. Í dag léttir smám saman til á landinu sunnanverðu ásamt því að það lægir síðdegis. Á morgun er hins vegar að sjá bjartviðri sunnan til og vestan í hægum vindi á ágætum hita.



**Á MORGUN**
5-10 m/s allra austast, annars 3-8 m/s.

**FIMMTUDAGUR**
Norðvestan 5-10 austast, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 21° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 19° |
| Helsinki | 23° |
| Eindhofen | 23° |
| Amsterdam | 23° |
| London | 24° |
| Berlín | 25° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 25° |
| París | 26° |
| Basel | 25° |
| Barcelona | 26° |
| Alicante | 27° |
| Algarve | 29° |
| Tenerife | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# the PIER

# Útsalan hefst á morgun

# 20% til 70% afsláttur

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00

## KJÖRKASSINN



*Fer of mikið af raforku Íslands í stóriðju?*

| | |
|---|---|
| Já | 50,0% |
| Nei | 50,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér hugmyndir Björns Bjarnasonar um upptöku evru án ESB-aðildar raunhæfar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Samband íslenskra námsmanna erlendis tekur undir með Jóhönnu Barðdal:

# Ósamræmi ríkir í lögunum

**KJARAMÁL** „Það er mjög slæmt þegar regluverkið er ekki nógu skýrt og Íslendingar búsettir erlendis verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa,“ segir Garðar Stefánsson, stjórnarmaður í Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, SÍNE.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í liðinni viku telur Jóhanna Barðdal, sérfræðingur í Háskólanum í Björgvin, á sér brotið vegna þess að notaður er íslenskur útsvarsstofn til grundvallar þegar endurgreiðsla námslána hennar hjá LÍN er reiknuð. Skatta borgar Jóhanna í Noregi og telur felast eðli máls samkvæmt í orðunum „útsvarsstofn lánþega“ í lögum LÍN að reikna eigi útsvarsstofninn í því landi þar sem hún borgar skatta.



**JÓHANNA BARÐDAL** Telur á sér brotið við útreikning námslána.

Nýlega lagði umboðsmaður Alþingis inn fyrirspurn til málskotsnefndar LÍN. Í fyrirspurninni ályktaði umboðsmaður að ekki væri skýrt hvaða reglur giltu um námsmenn búsetta erlendis.

Stjórn SÍNE sendi frá sér ályktun í gær þar sem segir að stjórnin líti á þetta sem „ábendingu til stjórnvalda um að farið verði í aðgerðir til að ósamræmi ríki ekki í lögum LÍN“.

Einn stjórnarmaður SÍNE situr í stjórn LÍN og segist Garðar munu sérstaklega taka þetta mál á næsta stjórnarfundi, sem verður í næstu viku. **- vsp**

Varnaraðilar í sprengjumáli:

# Hryðjuverk áróðursbragð

**BRETLAND, AP** Þrír menn af fimm sem sakaðir eru um hafa ætlað að sprengja farþegarflugvélar á leið frá Bretlandi til Bandaríkjanna hafa játað að hafa ætlað að koma af stað sprengingum.

Þeir segja hins vegar að ekki hafi verið ætlunin að meiða neinn; sprengingarnar hafi átt að vekja athygli á fyrirhugaðri áróðursvkvikmynd gegn Vesturlöndum.

Upp komst um áætlanir fimmmenninganna um að smygla sprengiefni í gosdósum inn í flugvélar í ágúst 2006. Í kjölfarið voru öryggisreglur í flugi hertar, einkum hvað varðar farangur í vökvaformi. **- gh**

Brown sendir Geir bréf:

# Samstarf um varnir gegn óstöðugleika

**VIÐSKIPTI „Við höfum ákveðið að sækjast eftir því að taka þátt í þessu samstarfi,“ sagði Geir H. Haardeforsætisráðherra á blaðamannafundi í gær.**



GORDON BROWN

**Samstarfið snýst um varnir gegn fjármálaóstöðugleika; samstarf seðlabanka, fjármálaráðuneyta og fjármálaeftirlita í ríkjum Evrópu.**

**Geir upplýsti að sér hefði borist bréf frá Gordon Brown, forsætisráðherra Breta. Þar kæmi fram að ríki Evrópusambandsins hefðu boðið ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins að taka þátt í samstarfinu.**

**Ekki hefði verið gengið frá þessu formlega, en það yrði væntanlega fljótlega. - ikh**

Staða forstjóra Orkuveitunnar:

# Hjörleifur ætlar að sækja um

**ORKA** Hjörleifur B. Kvaran, starfandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, ætlar að sækja um stöðu forstjórans þegar hún verður auglýst.



**HJÖRLEIFUR B. KVARAN**

Hjörleifur hefur verið starfandi forstjóri Orkuveitunnar síðan Guðmundur Þóroddsson fór að sinna verkefnum REI.

Ásta Þorleifsdóttir, varaformaður Orkuveitunnar, sagði í útvarpsfréttum 16. júní að staðan yrði auglýst.

Það hefur enn ekki verið gert og Hjörleifur veit ekki hvenær af því verður. **- kóp**

# Högg fyrir verslun á Skólavörðustígnum

**Framkvæmdir á Skólavörðustíg hafa gríðarleg áhrif á viðskipti í Krambúðinni að sögn aðstoðarverslunarstjóra. Starfsfólk verslunarinnar vinnur minna. Aðrir verslunarmenn finna einnig fyrir samdrætti. Framkvæmdum lýkur í ágúst.**

**REYKJAVÍK** „Framkvæmdirnar hafa haft gífurleg áhrif á viðskiptin hjá okkur,“ segir Andri Guðnýjarson, aðstoðarverslunarstjóri Krambúðarinnar við Skólavörðustíg.

Endurbætur á efri hluta Skólavörðustígs standa nú yfir. Framkvæmdir hófust í mars og á að ljúka í ágúst að sögn Ólafs Ólafssonar, deildarstjóra á framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar.



**EGGERT ÓLAFUR JÓHANNSSON**

„Við höfum þurft að minnka við mannskapinn hjá okkur til þess að halda starfseminni gangandi,“ segir Andri. „Hingað kemst enginn akandi, gangandi vegfarendur forðast að ganga götuna eins og hún lítur út og ferðamenn hafa lítið sést.“

„Við höfum dregið saman seglin til að bregðast við minni viðskiptum,“ segir Kjartan Kjartansson, staðgengill framkvæmdastjóra Samkaupa, eiganda Krambúðarinnar.

„Þetta er slæmt til skamms tíma en við vonumst til að ná því til baka síðar í fallegri og meira aðlaðandi Skólavörðustíg.“

„Menn þyrftu að vera blindir og heyrnarlausir til að verða ekki varir við áhrif af svona stórri framkvæmd,“ segir Eggert Jóhannsson feldskeri.

Eggert lýsir engu að síður ánægju með framkvæmd verksins. „Verkinu lýkur mjög fljótlega og við lítum björtum augum til framtíðar.“

„Við höfum öll fundið fyrir minni tekjum vegna þessara



**FRAMKVÆMDIR** Endurbætur á Skólavörðustíg hófust í mars og hafa gengið samkvæmt áætlun. Þeim verður væntanlega lokið um miðjan ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Menn þyrftu að vera blindir og heyrnarlausir til að verða ekki varir við áhrif af svona stórri framkvæmd.
>
> **EGGERT JÓHANNSSON** FELDSKERI

framkvæmda,“ segir Guðmundur Einarsson, leirkerasmiður í Listvinahúsinu við Skólavörðustíg. „Ég held að heppilegra hefði verið að hefja framkvæmdirnar fyrr á árinu þannig að þeim væri lokið fyrir mesta ferðamannatímann.“

Guðmundur kveðst tapa umtalsverðum fjárhæðum vegna framkvæmdanna enda mikið umstang í kringum þær, hávaði og læti. „Þetta er högg á reksturinn.“

„Miklar framkvæmdir hafa óhjákvæmilega í för með sér röskun á svæðinu,“ segir Ólafur. „Verktakinn hefur þó lagt sig í líma við að gera aðgengi að



**KRAMBÚÐIN** Framkvæmdirnar hafa haft gríðarleg áhrif á viðskiptin og starfsfólk vinnur minna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verslunum og fyrir íbúa bærilegt. Ég hef ekki heyrt annað en að ánægja ríki með hvernig til hafi tekist.“

Ólafur segir framkvæmdirnar ganga vel. „Við erum mjög bjartsýn á að verkið gangi samkvæmt áætlun og ljúki á tilsettum tíma.“

Að sögn Ólafs hefur ekki komið fram krafa um greiðslu bóta vegna framkvæmdanna. Sjaldgæft sé að greiddar séu bætur vegna sambærilegra verkefna. **helgat@frettabladid.is**




**FORSÍÐUMYND NEW YORKER** Myndin fór fyrir brjóstið á stuðningsmönnum Obama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsíðumynd New Yorker:

# Obama hryðjuverkamaður

**BANDARÍKIN, AP Á forsíðu nýjasta heftis bandaríska tímaritsins New Yorker er mynd af Barack Obama, forsetaframbjóðanda Demókrataflokksins, sem róttækum múslima ásamt eiginkonu sinni sem hryðjuverkamanni.**

**Talsmenn tímaritsins segja myndina háðsádeilu á ómálefnalega gagnrýni margra hægrimanna á Obama en bæði talsmenn framboðs Obama og Johns McCain, frambjóðanda Repúblikanaflokksins, hafa sagt myndina smekklausa og særandi.**

**Á myndinni má auk þessa sjá málverk af Osama bin Laden og brennandi bandarískan fána. - gh**

## ÍTALÍA

### Samkynhneigður fær bætur

Ítalska ríkið hefur verið dæmt til að greiða samkynhneigðum manni jafnvirði rúmlega tólf milljóna króna fyrir ólögmæta mismunun. Yfirvöld höfðu breytt ökurskírteini hans í skírteini fyrir fatlaða þar sem kynhneigð hans væri andleg fötlun.




GAGGENAU

- munurinn felst í Gaggenau

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000

www.sminor.is


# Ósamræmi ólöglegt

Gunnþór K. Guðfinnsson ritaði: *Verð að benda á villandi upplýsingar um verð á áskrift að heimasíðu hjá Barnalandi.is. Fyrst er gefið upp að áskriftin kosti aðeins 2.490 kr. á ári, en þegar farið er í að greiða áskrift þá er verðið 2.990 kr.*

Sigríður Guðmundsdóttir, einn eigenda Barnalands, segir ástæðu ósamræmisins vera breytingar á gjaldskrá. „Við vorum að hækka gjaldskrá okkar í júlí, í fyrsta sinn í fjögur ár.“ Hún tekur það fram að greinilega hafi mistök átt sér stað við uppfærslu síðunnar og að ef kvartanir berist verði brugðist við þeim.



**HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR** Staðgengill dr. Gunna sem er í fríi.

Rangt verð í auglýsingum er brot á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í lögunum segir: *Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það.*




**TVENNS KONAR VERÐ VAR GEFIÐ UPP Á BARNALANDI** Neytendasamtökin hvetja neytendur til þess að kvarta við Neytendastofu.

Halldór Oddsson hjá Neytendasamtökunum segir að neytendur verði að tilkynna ósamræmi á milli verðs og verðmerkinga til Neytendastofu. „Við vitum þó ekki til þess að sektir vegna verðmerkinga hafi verið gefnar út ennþá.“

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**












THULE® SWEDEN

## Upplifðu Ísland með THULE ferðavörum.

### Margvíslegar lausnir fyrir mismunandi þarfir.



Allar upplýsingar um THULE® ferðaboxin er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

**Stilling**

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hversu miklar voru tekjur ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins?*

**2.** *Hvaða bandalag var stofnað í París um helgina?*

**3.** *Hvar fæddust tvíburar Angelinu Jolie og Brads Pitt á laugardag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Íbúar í Staðarhvammi segja fullreynt að ræða við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði:

# Heimta leikskólastofur burt

**SKIPULAGSMÁL** Húseigendur í Staðarhvammi hafa kært Hafnarfjarðarbæ til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna tveggja færanlegra kennslustofa sem komið var fyrir við leikskólann Hvamm.

„Það var alger samstaða um þetta, enda er búið að reyna allt til að vinna málið í sátt, án nokkurs árangurs,“ segir Halldór Halldórsson, íbúi í Staðarhvammi.

Í Fréttablaðinu í síðustu viku kom fram að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði reyna nú að tryggja að öll börn í bænum sem orðin eru átján mánaða eigi kost á leikskólaplássi í haust. Sem hluti af lausn þess verkefnis voru færanlegu kennslustofurnar tvær fluttar að Hvammi eftir að bæjaryfirvöld höfðu samþykkt eins árs stöðuleyfi fyrir þau. Íbúarnir telja hins vegar að fyrir stofurnar þurfi byggingarleyfi með tilheyrandi grenndarkynningu.

„Samkvæmt mínum upplýsingum eru aldrei settar upp færanlegar kennslustofur á lóð skóla, til dæmis í Reykjavík, án grenndarkynningar. Málið er í hnút vegna þess að æðstu ráðamenn ætla að keyra það í gegn. Þetta er mjög vandræðalegt því skólastofurnar eru í ofanálag settar utan lóðar leikskólans á og við svæði sem hefur svipað tilfinningalegt gildi fyrir marga og Hamarinn í Hafnarfirði,“ segir Halldór. **- gar**



**KÆRA BÆJARYFIRVÖLD** Húseigendur í Staðarhvammi spá auknum umferðarþunga vegna stækkunar leikskólans Hvamms.

Umhverfisverndin rýrnar:

# Eini liðurinn sem lækkar

**RÍKISSJÓÐUR** Útgjöld ríkissjóðs til umhverfisverndar, fyrstu fimm mánuði ársins, drógust saman um 5,9 prósent. Á sama tíma í fyrra jókst útgjaldaliður ríkissjóðs til umhverfisverndar um 27,9 prósent.

Umhverfisráðuneytið segir lækkunina á fyrstu fimm mánuðum ársins líklega skýrast af því að útgjaldafrek verkefni falli á síðari helming ársins. Jafnframt er sagt að útgjöld til umhverfismála muni aukast um átta prósent á þessu ári.

Útgjöld til umhverfisverndar eru eini málaflokkurinn sem lækkar frá árinu 2007 til 2008 samkvæmt nýjustu skýrslu fjármálaráðuneytisins. **- vsp**

Flugmálastarfsmenn sömdu:

# Launin hækka um 21 þúsund

**SAMGÖNGUR Félag flugmálastarfsmanna ríkisins gekk frá kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins og Flugstoðir ohf. í hádeginu í gær. Laun hækka um 21.000 krónur en í kjarasamningi BSRB við ríkið var kveðið á um 20.300 króna hækkun.**

**Flugmálastarfsmenn eru flestir sem koma að flugmálum nema flugmenn og flugumferðarstjórar. Inn í hugtakið falla þeir sem vinna á flugstöðvum sem og tæknimenn, starfsmenn á skrifstofu Flugstoða ohf. og fleiri.**

**Samningurinn gildir frá 1. júní 2008 til 30. október 2009. Atkvæðagreiðsla um samninginn verður rafræn og hefst fimmtudaginn 17. júlí og lýkur viku síðar.** **- vsp**

Ásta Þorleifsdóttir, varaformaður stjórnar REI, hugsar sig tvisvar um þegar hún er erlendis og fær símtal:

# Borgar símakostnað og akstur fyrir REI

**ORKA** Laun stjórnarmanna í REI duga fyrir kostnaði, en duga skammt fyrir vinnunni sem starfið krefst, að sögn varaformannsins, Ástu Þorleifsdóttur.

Sjálf þiggur hún 125.000 krónur á mánuði og segir fundi að meðaltali vera þrjá á viku.

En Ásta fær ekki greiddan útlagðan kostnað, svo sem vegna síma og aksturs.

„Ég fæ útborgað um 80.000 krónur og ég hugsa að kostnaðurinn sé allt að 40.000,“ segir hún. Þar af leiðandi sé ekki mikið eftir af laununum, þegar allt komi til alls.

Þegar Ásta er stödd erlendis og hringt er frá Íslandi í farsíma hennar vegna starfsins segist hún þurfa að hugsa sig tvisvar um áður en hún svarar, því hún greiði kostnaðinn af utanlandssamtalinu.

„Ég er reyndar í töluvert annarri stöðu en aðrir stjórnarmenn,“ segir Ásta. „Þeir eru borgarfulltrúar og hafa því tölvur, síma og akstursaura inni í launum sínum sem slíkir.“

Hún hafi farið í eina ferð utan á vegum REI og skoðaði þá jarðhitasvæði í Jemen og Eþíópíu.

„Ég tel það hafa verið afar gagnlegt. Ég nýtti mér það að vera bæði jarðfræðingur og sérhæfð í vatni og borunum sem jarðverkfræðingur. Ég hitti líka ráðamenn og fékk staðfestingu á því að þessi verkefni væru fýsileg að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða og samfélagslegrar ábyrgðar, auk þess að vera verulega arðbær,“ segir hún.

Aðrir stjórnarmenn í REI eru Kjartan Magnússon formaður og Sigrún Elsa Smáradóttir. Þeim var send sama fyrirspurn og Ásta svarar hér fyrir sig. **- kóþ**



**ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR** Varaformaðurinn segir starfið í aðra röndina hugsjónastarf, en hún er áhugasöm um umhverfismál og orkunýtingu. Hún greiði ýmsan kostnað við starfið úr eigin vasa.

www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Toyota Yaris Sol**
Álfelgur, spoiler, filmur, þokuljós, Xenon, krómstútur á pústi
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.07 Ekinn: 36.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. JKY-36



**Toyota Aygo**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 30.000 km
Verð: 1.340.000 kr. Skr.nr. TA-374



**Toyota Aygo**
Álfelgur, filmur, spoiler, snúningsmælir
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 22.000 km
Verð: 1.540.000 kr. Skr.nr. VN-202



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 53.000 km
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. NB-864



**Toyota Corolla S/D Sol**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.06 Ekinn: 42.000 km
Verð: 2.050.000 kr. Skr.nr. DL-278



**Toyota Corolla W/G**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.03 Ekinn: 79.000 km
Verð: 1.450.000 kr. Skr.nr. RU-587

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.**

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 43039 07.2008


Vigtar sinnar virði í gulli
Áhugaverðar staðreyndir um verðmæti kartöflunnar og áhrif hennar á tískuheiminn.
Var svo verðmæt á tímum gullæðisins að skipt var á gulli og kartöflum kílógramm fyrir kílógramm
Var fyrst grænmetistegunda til að vera ræktuð í geimnum árið 1995
Var fyrst ræktuð af Inkum um það bil 2.500 árum fyrir Krist
Hefur hýði sem er trefjaríkt og inniheldur mikið magn af járni, kalki, zinki og B- vítamínum
Geymist í allt að 6 mánuði við 4-6°C sem er dæmigerður ísskápshiti
Er 80% vatn og 20% föst fæða
Var tískufyrirbæri í Frakklandi á 18. öld meðal hefðarfólks sem gekk með kartöflur í hárinu
Var flysjuð og sett í vasann til að lækna tannpínu og gengið með hana bundna um hálsinn til að lækna gigt samkvæmt gamalli hjátrú
íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
islenskt.is



**ELDING** Miklar rigningar í Austur-Kína undanfarið hafa valdið flóðum og umtalsverðu tjóni. NORDICPHOTOS/AFP

Sautján félög samþykktu kjarasamning sinn við BHM um helgina:

# Lögfræðingar höfnuðu samningi

**STÉTTARFÉLÖG** Sautján félög af tuttugu í Bandalagi háskólamanna, BHM, samþykktu kjarasamning sinn um helgina. Enn á eftir að kjósa í tveimur félögum, Félagi háskólakennara og Kennarafélagi KHÍ, sem klára atkvæðagreiðslur á fimmtudaginn. Félag lögfræðinga hafnaði samningi sínum.

„Okkur fannst þetta heldur rýr hlutur,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, sem sat í kjarasamninganefndinni fyrir hönd lögfræðinga. „Með þessum samningi værum við að taka á okkur meiri skerðingu en aðrir í þjóðfélaginu miðað við þá verðbólgu sem er í gangi. Við fengjum einungis fimm prósenta hækkun.“

Lítil ánægja er almennt innan BHM með kjarasamningana að sögn Guðlaugar Kristjánsdóttur, formanns BHM, en um er að ræða 20.300 króna hækkun á allar stéttir. „Fólk er ekki að lýsa ánægju með samninginn heldur bara að sætta sig við hann,“ segir Guðlaug.

Hún segir fólk gera ráð fyrir því að ríkisstjórnin standi við stóru orðin í stjórnarsáttmála sínum um að menntun sé „forsenda framþróunar í landinu“ þegar gengið verði að samningaborðinu næsta vor.

„Laun háskólamanna verða að endurspegla þetta markmið ríkisstjórnarinnar,“ segir Guðlaug. - vsp

**HELSTU NIÐURSTÖÐUR ATKVÆÐAGREIÐSLU**

| Nafn félags | Já | Nei |
|---|---|---|
| Stéttarfélag lögfræðinga | 46,7% | 50% |
| Sálfræðingafélag Íslands | 90% | 10% |
| Félagsráðgjafafélag Íslands | 55,3% | 39,5% |
| Dýralæknafélag Íslands | 60% | 30% |

*Alls greiddu 1.279 meðlimir BHM atkvæði af 3.444 meðlimum. Það eru 37,1%.*

Orkuveita Reykjavíkur:

# Ætlar enn að hita upp skýlin

**SAMGÖNGUR** **Hugmynd stjórnar Orkuveitu um að hita upp strætisvagnaskýli, er „enn í vinnslu“ segir varaformaður hennar, Ásta Þorleifsdóttir.**

**„Ég vil til dæmis setja þannig skýli í Ártún. Það væri ákjósanlegt að byrja þar,“ segir hún.**

**Kjartan Magnússon, formaður Orkuveitunnar, lýsti þessari hugmynd í Fréttablaðinu á sínum tíma og stóð þá til að einangra og hita upp vinsælustu skýlin, svo sem fyrir utan menntaskólana.**

**Tillagan var samþykkt einróma á stjórnarfundi í upphafi mars.**

- kóþ

Morðið á Benazir Bhutto:

# Óskað eftir rannsókn SÞ

**NEW YORK** **Stjórnvöld í Pakistan hafa farið þess á leit við Sameinuðu þjóðirnar að morðið á Benazir Bhutto verði rannsakað.**

**Bhutto var myrt í lok síðasta árs og mun talið að talíbanar hafi staðið fyrir ódæðinu og leiðtogi þeirra, Baitullah Mehsud, hafi annast skipulagningu. Mehsud er þekktur fyrir að skipuleggja sjálfsmorðsárásir og því hafa grunsemdir um aðild hans vaknað.**

- mmr

Heimasíða Frjálslyndra:

# Birtir enn gögn Jóns um Ramses

**FLÓTTAMENN** **Heimasíða Frjálslynda flokksins birtir enn punkta Jóns Magnússonar þingmanns af fundi allsherjarnefndar Alþingis um Paul Ramses.**



JÓN MAGNÚSSON

**Gögnin birtust þar fyrst 9. júlí og fyrir mistök, að sögn Jóns. Kvaðst þingmaðurinn vera „óskureiður“ en því miður hefði þetta gerst fyrir mistök starfsmanns.**

**Punktarnir birtast undir fyrirsögninni „Segir Paul Ramses ekki eiga ættingja hér“ en ættingjar hans hafa síðan verið í viðtali í fréttum Stöðvar 2.**

- kóþ



**RÚSSNESKI FÁNINN Á NORÐURPÓLNUM** Rússar hafa undanfarið í auknum mæli notað rannsóknir á norðurslóðum í pólitískum tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússnesk rannsóknastöð:

# Fer fyrr vegna bráðnandi íss

**RÚSSLAND, AP** Rússar rýma nú rannsóknarstöðina Norðurpóll-35 sem er á íshellu í Vestur-íshafinu. Íshellan hefur bráðnað fyrr en ætlað var, en áður var ætlað að stöðin yrði rýmd í lok ágúst. Rússar kenna loftslagsbreytingum um.

21 vísindamaður hefur hafst við í stöðinni frá því í september. Íshellan sem hún hvíldi á var um átta ferkílómetrar þá en er nú tæplega 0,2 ferkílómetrar.

Rússar hafa lengi verið virkir í rannsóknum á lífríki og veðurfari norðursins.

- gh

**AKUREYRI**

## Vilja vinnu fyrir fanga

Fangelsismálastofnun hefur óskað eftir viðræðum við bæjaryfirvöld á Akureyri um verkefni á vegum sveitarfélagsins sem fangar í fangelsinu á Akureyri geta unnið. Bæjarráð fól bæjarstjóra að vinna að málinu.


# Alicante

## í júlí og ágúst

## frá kr. 19.990

**Kr. 19.990**
Flugsæti aðra leið með sköttum (ALC - KEF) 24. júlí og (KEF - ALC), 23. júlí, 6. eða 13. ágúst. Netverð á mann.

**Kr. 34.990**
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, 23. júlí í 2 vikur. Netverð á mann.

****** Aðeins örfá sæti laus ******

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sölina við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum í júlí og ágúst. Úrval gistimöguleika í boði á Benidorm. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarauka á frábærum kjörum á einum vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


**FRÉTTASKÝRING:** Hugmyndir um upptöku evru í stað krónu

# Fjarlægur möguleiki

**Forsætisráðherra segir ekki rétt að kenna krónunni um ástand efnahagsmála. Hann telur óraunhæft að semja við Evrópusambandið um upptöku evru í stað krónu en sjálfsagt að skoða það nánar.**

„Fólk er að leita sér að skjóli með því að einblína á Evrópusambandið og kennir gjaldmiðlinum um,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um hugmyndir um upptöku evru í stað krónu á Íslandi.

Hann segir skrif Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra ekki ný af nálinni. Þau komu þó morgum á óvart þegar Björn setti þau fram á heimasíðu sinni á laugardag. „Við höfum talið þetta vera fjarlægan möguleika en hins vegar eitt af því sem Evrópunefndin á að taka til skoðunar,“ segir Geir.

„Mér líst ekki illa á neitt sem opnar umræðuna. Ég tel mjög ólíklegt að þetta sé raunhæft en mjög sjálfsagt að skoða þetta.“

Þá segist Geir halda að umræða um upptöku evrunnar minnki á ný þegar efnahagsþrengingum á Íslandi ljúki. „Það á ekki að líta á aðild að Evrópusambandinu sem lausn á skammtímavanda. Þeir sem vilja ganga í Evrópusambandið, og ég er ekki í þeim hópi, gera það vegna þess að þeir vilja taka þátt í því pólitíska samstarfi og samruna sem þar er að eiga sér stað.“

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra fagnar umræðunni. Honum finnst sjálfsagt að þeir sem koma að peningastefnunni skoði þennan kost eins og aðra. „Það höfum við ítrekað gert en fram til þessa höfum við fengið þau skilaboð frá Evrópusambandinu að slík aðild að myntbandalaginu sé ekki raunhæf,“ segir Björgvin.

Hann segir mat manna hafa verið að aðild að myntbandalaginu væri fyrst raunhæf í kjölfar umsóknar að bandalaginu. „Hins vegar finnst mér sjálfsagt mál að kanna þessa leið sem Björn nefnir með formlegum hætti og leiða það þá endanlega til lykta hvort hún er möguleg.“

„Mín skoðun hefur verið að kostirnir séu tveir, það er núverandi fyrirkomulag eða aðild að sambandinu með aðild að myntbandalaginu í framhaldinu.“

Illugi Gunnarsson, annar formanna Evrópunefndar ríkisstjórnarinnar, segir hluta efnahagsþrenginganna á Íslandi stafa af stjórnun peningamála. „Sú spurning sem við stöndum frammi fyrir er hvort við getum bætt samvinnu peningamálastjórnunar og fjármál hins opinbera þannig að við getum búið við okkar eigin mynt,“ segir Illugi. Annars þurfi að leita annarra leiða.

„Þá er Björn Bjarnason að benda á að það er önnur leið til en að ganga í ESB. Ég tel þetta áhugaverða hugmynd. Íslenskir fræðimenn hafa velt þessum möguleika upp og ég held að mat Björns, að þetta sé vel mögulegt, sé alveg rétt.“

„Aðalatriðið er að við tökumst á við þau efnahagslegu vandamál sem við erum að takast á við núna og reynum ekki að blekkja sjálf okkur með því að það séu einhverjar ódýrar og auðveldar lausnir á þeim vanda,“ segir Illugi.



**FRÁ STJÓRNARRÁÐINU** Geir H. Haarde forsætisráðherra telur mjög óraunhæft að Íslendingar nái samningum við Evrópusambandið um upptöku evru án inngöngu í sambandið eins og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra nefndi sem möguleika á heimasíðu sinni um helgina.

## SAMSTARF SEÐLABANKANNA MIKILVÆGT

„Ég held að það sé sjálfsagt að láta á þetta reyna,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA). Hann telur æskilegt að ná samkomulagi um aðild Íslands að seðlabankasamstarfi Evrópusambandsins. Það sé hins vegar pólitísk ákvörðun Evrópusambandsins að hleypa ríki utan sambandsins þar til áhrifa. Evrópski seðlabankinn sé þó mjög mikilvægur bakhjarl fyrir fjármálastofnanir.



VILHJÁLMUR EGILSSON

„Það er mín skoðun að staðan nú sé orðin stórskaðleg fyrir okkur. Þess vegna þarf eitthvað róttækt að gerast.“ Vilhjálmur telur krónuna ekki passa þeim stóra fjármálageira sem þróast hefur á Íslandi undanfarin ár. „Annað hvort þurfum við að draga saman seglin eða komast inn í evruna.“

## VERT AÐ SKOÐA UPPTÖKU EVRU

„Við höfum verið mjög ósáttir við efnahagsstjórnina og viljum skoða alla möguleika,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna. Hann segir mjög vert að skoða upptöku evru án inngöngu í ESB. „Vegna þess að við teljum það ekki þjóna hagsmunum Íslands að ganga í Evrópusambandið ef við þurfum að taka upp sameiginlega fiskveiðistefnu. En þetta gæti verið leiðin.“



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Friðrik segir þá hjá LÍÚ ætla að skoða nánar hvaða áhrif upptaka evru hefði á sjávarútveginn. „Við munum kanna þetta sérstaklega hvað varðar sjávarútveginn og sú vinna er að hefjast. Menn mega hins vegar ekki gleyma því að upptaka evru er engin allsherjar lausn en við eigum hiklaust að skoða þetta alvarlega.“

## ÞRIÐJA STOÐ EVRÓPUSAMSTARFSINS

„Íslendingar hafa valið þann kost, að tengjast ESB eftir tveimur meginleiðum: með EES-samningnum og Schengen-samkomulaginu. Hvernig væri að láta reyna á það á markvissan hátt, hvort unnt sé að setja þriðju stoðina undir þetta samstarf, það er um evruna? Engin lagarök eru gegn því, að það verði gert. Mun meiri pólitísk sátt yrði um þá leið en aðildarleiðina. Evruleiðin kann auk þess að hafa meiri hljómgrunn í Brussel en aðildarleiðin.“

*Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni, www.bjorn.is, laugardaginn 12. júlí 2008.*



FRÉTTASKÝRING
**OLAV VEIGAR DAVÍÐSSON**
olav@frettabladid.is

Fiskisaga

GALLERÝ KJÖT

...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR FYRIR VEL HEPPNUÐUM MATARKAUPUM




**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

**Á AKRANESI:** ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:** VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar sem hér segir:
**Virka daga** 10:00 – 18:30 **(á Dalvegi frá 11:30 – 18:30)**
**Laugardaga** 11:00 – 17:00 í Búðakór, Dalvegi, Grensásvegi, Höfðabakka, Tjarnarvöllum, Sundlaugarvegi og Fitjum.
**(á Dalvegi laugardögum frá 12:00 – 17:00)**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.188 **-0,69%**

**Fjöldi viðskipta:** 183
**Velta:** 1.189 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **GRANDI** | +5,00% | **EIK BANKI** | -3,97% |
| **CENTURY ALUM.** | +2,56% | **ATL. PETROLEUM** | -2,94% |
| **BAKKAVÖR** | +0,60% | **SPRON** | -1,54% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,99 -0,14% ... Atorka 6,12 0,00% ... Bakkavör 25,25 +0,60% ... Eimskipafélagið 14,30 0,00% ... Exista 6,60 -1,35% ... Glitnir 14,94 -0,73% ... Icelandair Group 16,45 0,00% ... Kaupþing 725,00 -1,09% ... Landsbankinn 22,80 -0,22% ... Marel 89,10 -0,22% ... SPRON 3,20 -1,54% ... Straumur-Burðarás 9,65 -0,52% ... Teymi 1,95 0,00 ... Össur 87,30 -0,57%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Gúrkutíð á fjölmiðlum?

Forsætisráðherra boðaði friðan hóp fjölmiðlafólks á sinn fund í Stjórnarráðinu í gær. Á ráðherra var helst að skilja að mikið upphlaup hefði orðið út af engu; hugmyndir Björns Bjarnasonar mörkuðu enga stefnubreytingu hjá ríkisstjórninni og sagði hann málið lýsa fullkominni gúrkutíð hjá blaðamönnum. Svo vill til að dómsmálaráðherra segir rétt að kanna hvort ekki megi bæta þriðju stoðinni við EES-samninginn. Áttu fjölmiðlar ekkert að gera með það? Svo segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra að Samfylkingin eigi að taka Björn á orðinu og ríkisstjórnin eigi þegar að fara í viðræður við framkvæmdastjórn ESB í Brussel. Er það heldur ekki frétt? Hvað þá með útspil atvinnulífsins, til dæmis stórkaupmanna?



Getur verið að stærstur hluti pólitískrar umræðu í landinu að undanförnu hafi hreinlega farið framhjá forsætisráðherranum?

### Árni Snævarr ósáttur

Að venju sýnist sitt hverjum um útspil Björns Bjarnasonar, sem Andrés Jónsson bloggari hefur um snjallyrðið e-beygja. Árni Snævarr í Brussel hefur nýlega gert heimildarmynd um Evrópumálin fyrir Samtök iðnaðarins og hann hefur sínar skýringar á afstöðu Björns: „Hann er bara að kaupa sér tíma, að leika millileik og vonast til að staðan í refskákinni skáni af sjálfu sér," segir Árni og bætir við: „Hve lengi eigum við Íslendingar að borga fyrir að forystumenn Sjálfstæðisflokksins séu ekki menn til að horfast í augu við staðreyndir?"

## Bjórrisi verður til

Stærsti bjórframleiðandi í heimi varð til í fyrradag þegar stjórn bandaríska bjórrisans Anheuser-Busch ákvað að taka yfirtökutilboði bjórframleiðandans Inbev í fyrirtækið.

Við kaupin renna einar þekktustu bjórtegundir heims í eina krús. Inbev framleiðir Stella Artois en Anheuser-Busch Budweiser. Fyrirtækið keypti fyrir ári fimmtungshlut í Icelandic Water Holdings, sem framleiðir átappað vatn í Ölfusinu.

Upphaflegt tilboð hljóðaði upp á 65 dali á hlut. Það var hækkað um fimm dali um helgina og nemur nú 52 milljörðum bandaríkjadala, jafnvirði fjögur þúsund milljarða íslenskra króna. **- jab**

## Tilboðin felld niður

Tvenn stór viðskipti upp á tæpa 4,5 milljarða króna hvor í bréf Landsbankans á genginu 22,8 krónur á hlut voru felld niður í Kauphöll Íslands í gær. Heildarverðmæti þeirra nam tæpum 8,9 milljörðum króna.

Tilboðin voru lögð fram fyrir upphaf viðskiptadagsins í gærmorgun en felld niður um hádegisbil.

Ekki var um raunveruleg og tilkynningaskyld viðskipti að ræða, samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni.

Eins og gefur að skilja lækkaði heildarveltan á hlutabréfamarkaði verulega við þetta en hún nam í enda dags rúmum 1,3 milljörðum króna. **- jab**



## Bakkavör sektað

**Bakkavör var í enda síðustu viku gert að greiða rúm 30 þúsund punda, jafnvirði 4,5 milljóna íslenskra króna, í sekt vegna mengunar frá einni af verksmiðjum af fyrirtækisins í Grimsby í Bretlandi.**

**Leifar af pasta, hrísgrjónum, baunum og öðrum úrgangi fundust í árfarvegi í námunda við verksmiðjuna, að sögn breska dagblaðsins Grimsby Telegraph um málið í gær. Fram kemur að Bakkavör hafi síðan þá varið háum fjárhæðum í hreinsunarbúnað til að koma í veg fyrir að úrgangur berist framvegis frá verksmiðjunni.**



ÁGÚST GUÐMUNDSSON

**Sektað er í tveimur hlutum fyrir jafnmörg mengunartilfelli í ágúst og október á síðasta ári og eru greiðslurnar jafnháar, hvor upp á fimmtán þúsund pund. Þá hljóðar annar kostnaður upp á rúm sautján hundruð pund, jafnvirði rúmra 260 þúsunda íslenskra króna.** **- jab**

# Láta kanna hvort tengja eigi krónuna við evruna

**Forsætisráðherra segir að kanna þurfi ofan í kjölinn hvort tengja megi krónuna evrunni. Hann telji þó litlar líkur á því að þetta verði gert. Hugmyndir um tengingar eða evruupptöku koma sendiherra Evrópusambandsins gagnvart Íslandi á óvart.**

„Við höfum talið þetta fjarlægan möguleika. En hins vegar eitt af því sem nefndin, sem Illugi Gunnarsson og Ágúst Ólafur Ágústsson stýra, eigi að taka til skoðunar," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á blaðamannafundi í stjórnarráðinu í gær.

Geir boðaði til fundarins í tilefni af ummælum Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

Björn reit á heimasíðu sína að láta mætti á það reyna að taka upp evru hér. Evran yrði þá þriðja stoðin í samstarfi Íslendinga við ESB, til hliðar við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og Schengen.

Geir sagði að í hugmynd Björns fælist einnig frekari binding krónunnar við evruna.

„Evran yrði ekki tekin upp á Íslandi án þess að Íslendingar gerðust aðilar að sambandinu," segir Percy Westerlund, sendiherra Evrópusambandsins (ESB), gagnvart Íslandi. Hann bætti því við að ummæli Björns hefðu komið sér á óvart.

Geir nefndi að Danir hefðu farið þá leið að binda saman krónu og evru og bætti því við að vafalaust væru til margar útfærslur á slíku.

„Ég leggst ekki gegn því, og tel það bara eðlilegt, að menn rannsaki öll þessi atriði til hlítar. Og það er bara eitt af því sem okkur ber skylda til að gera," sagði Geir. Hann bætti því við að athugun á málinu hefði leitt í ljós að litlar líkur væru á þessu. Þá ítrekaði hann að við núverandi aðstæður teldi hann ekki að skipta ætti um gjaldmiðil. Slíkt yrði engin lausn á núverandi vanda. Geir segist ekki hafa rætt þessar hugmyndir við forystumenn ESB í vetur þegar hann átti fundi með þeim.

Geir bætti því við að hugmyndir Björns hefðu ekki verið ræddar í ríkisstjórn. **ingimar@markadurinn.is**



**GEIR H. HAARDE OG MANUEL BARROSO** Forsætisráðherrann og framkvæmdastjóri Evrópusambandsins ræddust við í vetur. Hvorki voru þá ræddar hugmyndir um tengingu evru og krónu né hugmyndir Björns Bjarnasonar um þriðju stoðina. FRÉTTABLAÐIÐ/BÞS

## Aðeins spurning um krónu eða evru

„Þessi hugmynd Björns [Bjarnasonar] gengur út á tvíhliða samning sem gefur kost á að Evrópski seðlabankinn verði bakhjarl íslenska seðlabankans.



**ÞÓR SIGFÚSSON**

Nú þurfa ríkisstjórnarflokkarnir að bretta upp ermarnar og fara alla leið með þessa hugmynd," segir Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins.

„Það þarf töluverðan pólitískan vilja af hálfu Evrópusambandsins til að af verði," segir Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs.



**ERLENDUR HJALTASON**

Hann bætir því við að það ætti að vera auðvelt að láta á það reyna á skömmum tíma. „Aftur á móti er mikilvægt að hafa í huga að formlegar viðræður af þessu tagi fælu í sér ákveðna yfirlýsingu af hálfu stjórnvalda um íslensku krónuna og peningastefnu Seðlabanka Íslands."

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að Björn Bjarnason sé augljóslega að ræða um að evran verði tekin upp hér án þess að gengið verði í Evrópusambandið. Þá sé það ný hugmynd að tengja krónuna evrunni. Hann bendir hins vegar á að árið 1992 hafi krónan verið tengd mynteiningunni EMU um eins árs skeið. „Því var hætt, því það hentaði okkur ekki mjög vel að vera með þess háttar fastgengisstefnu."



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Erlendur og Gylfi bæta því báðir við að mikilvægt sé að umræðan og framtíðarskipan peningamála þokist áfram og sjálfsagt sé að kanna kosti þessarar leiðar. Hins vegar eigi Íslendingar eftir að standa frammi fyrir hinni sömu spurningu, hvort krónunni verði haldið og peningakerfið styrkt, eða hvort Íslendingar gangi í Evrópusambandið og tækju upp evru í kjölfarið. **- ikh**

# Stjórnvöld til bjargar ríkislánasjóðum

**Bandarísk stjórnvöld samþykktuí fyrradag að veita húsnæðislánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac hjálparhönd og tryggja fjármögnun þeirra.**

Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði í síðustu viku stöðu sjóðanna sterka og væru þeir nægilega fjármagnaðir. Á sunnudag var hins vegar samþykkt að kaupa lán sjóðanna eftir þörfum og veita auknu hlutafé í reksturinn.

Fjármálasérfræðingar sögðu í samtali við fréttastofu Reuters í gær að þótt björgunaraðgerðir stjórnvalda hafi náð að róa fjármálamarkaði um stundarsakir sé óvíst hverju það skili enda sé bandarískt efnahagslíf ekki burðugt um þessar mundir.

Þótt báðir sjóðirnir séu skráðir á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum sækja þeir fé sitt í ríkiskassann, sem þeir lána áfram til annarra lánveitenda. Verðmæti lána þeirra beggja er tæplega helmingi minna en samanlagðir sjóðir allra slíkra fyrirtækja í Bandaríkjunum. Það segir sitt um umfangið en af þeim sökum telja menn harla ólíklegt að bandarísk stjórnvöld muni leyfa sjóðunum að sigla í strand. **- jab**


-2 krónur í Hafnarfirði í dag!

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 173,1 kr. á 95 okt. bensíni og 190,6 kr. á dísel.
M.v. verð 15. júlí 2008.




DYNAMO REYKJAVIK

Sparaðu hjá Orkunni í dag!

ORKAN BENSÍN
SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

# HEILIR STURTU KLEFAR

## ÚR HERTU ÖRYGGISGLERI ALLAN HRINGINN

## EIN FLOTTASTA OG VANDAÐASTA VARAN Á MARKAÐNUM!




331-A Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




311-A Kantaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




622-A Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn




611-A
Kantaður 8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

**Innifalið í öllum:**

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtusett
Ömmustöng m stórum haus

**Stærðir:**

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90X90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað laugardaga | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# 100% lán hjá Brimborg!




Þú gerir fislétt kaup á notuðum bíl í Brimborg. Brimborg býður 100% lán til kaupa á notuðum bíl til kl. 18 í dag. Mjög gott úrval vandaðra bíla.

**Komdu í kaffi og kleinur**

## Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg í dag

# Veldu f

# komdu strax

# Í dag. Dæmi um 100% lán Brimborgar

**100% lán. 29.525 kr. á mán.**



Ford Mondeo Ghia
2,0 sjálfskiptur.
Fast númer RG-394
Skrd. 03/2003
Ek. 58.000 km.
~~Verð 1.550.000 kr.~~
Tilboðsverð 1.190.000 kr.*
100% lán. 29.525 kr. á mán.
Meðalgr. í 60 mán. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 577.569 kr.

**100% lán. 29.725 kr. á mán.**



Huyndai Santa Fe
2,4 beinskiptur.
Fast númer YL-546
Skrd. 06/2002
Ek. 118.000 km.
~~Verð 1.190.000 kr.~~
Tilboðsverð 890.000 kr.*
100% lán. 29.725 kr. á mán.
Meðalgr. í 48 mán. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 695.593 kr.

**100% lán. 23.225 kr. á mán.**



Huyndai Santa Fe
2,7 sjálfskiptur.
Fast númer US-513
Skrd. 5/2001
ek: 113.000 km.
~~Verð 1.090.000 kr.~~
Tilboðsverð 690.000 kr.*
100% lán. 23.225 kr. á mán.
Meðalgr. í 48 mánuði. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 420.314 kr.

**100% lán. 38.925 kr. á mán.**



Ford C-Max Trend
2,0 sjálfskiptur.
Fast númer AF-276
Skrd. 09/2006
Ek. 19.000 km.
~~Verð 2.290.000 kr.~~
Tilboðsverð 1.990.000 kr*
100% lán. 38.925 kr. á mán.
Meðalgr. í 84 mán. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 1.275.544 kr.

**100% lán. 53.725 kr. á mán.**



Volvo XC70
2,5 sjálfskiptur.
Fast númer TN-135
Skrd. 05/2003
Ek. 92.000 km.
~~Verð 3.090.000 kr.~~
Tilboðsverð 2.190.000 kr.*
100% lán. 53.725 kr. á mán.
Meðalgr. í 60 mán. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 1.024.621 kr.

**100% lán. 29.725 kr. á mán.**



Hyundai Santa Fe
2,7 sjálfskiptur.
Fast númer FT732
Skrd. 04/2002
Ek. 109.000 km.
~~Verð 1.290.000 kr.~~
Tilboðsverð 890.000 kr.*
100% lán. 29.725 kr. á mán.
Meðalgr. í 48 mán. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 531.436 kr.

**Fjöldi annarra bíla í boði - Hringdu núna í síma 515-7000**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

*Um er að ræða lán í íslenskri mynt. Lán til 60 mánaða eða lengri tíma eru verðtryggð en til styttri tíma óverðtryggð. Engir ábyrgðarmenn ef lántaki er eldri en 18 ára og fasteignareigandi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Opið í dag
frá kl. 9 til 18

# í dag Brimborg býður 100% lán af völdum notuðum bílum til kl. 18 í dag

# íslétt kaup 100% lán.

## á notuðum bílum:

**100% lán. 36.225 kr. á mán.**

Ford Mondeo Trend
2,0 sjálfskiptur.
Fast númer UD-693
Skrd. 06/2002
Ek. 82.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~
Tilboðsverð 1.090.000 kr.*
100% lán. 36.225 kr. á mán.
Meðalgr. í 48 mán. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 640.224 kr.



**100% lán. 51.625 kr. á mán.**

Ford Explorer XLT Sport
4,0 sjálfskiptur.
Fast númer OS-745
skrd. 05/2005
ek: 72.000 km.
~~Verð 2.750.000 kr.~~
Tilboðsverð 2.390.000 kr.*
100% lán. 51.625 kr. á mán.
Meðalgr. í 72 mánuði. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 1.316.653 kr.



**100% lán. 47.325 kr. á mán.**

Ford Explorer XLT
4,0 sjálfskiptur.
Fast númer TY-801
Skrd. 03/2005
Ek: 51.000 km.
~~Verð 2.790.000 kr.~~
Tilboðsverð 2.190.000 kr.*
100% lán. 47.325 kr. á mán.
Meðalgr. í 72 mánuði. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 1.211.007 kr.



**100% lán. 32.425 kr. á mán.**

Citroën C5
2,0 beinskiptur.
Fast númer TA-287
Skrd. 06/2005
Ek. 80.000 km.
~~Verð 1.890.000~~
Tilboðsverð 1.490.000 kr.*
100% lán. 32.425 kr. á mán.
Meðalgr. í 72 mán. Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 839.264 kr.



*Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.*
*Komdu í Brimborg*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eyða þarf óvissu um ólíka evrukosti.

## Mikilvæg opnun

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í síðustu viku birti greiningardeild Kaupþings það álit sitt að gengi krónunnar hefði styrkst á undangengnum tveimur vikum fyrir þá sök að vaxtamunarviðskipti hefðu orðið möguleg á ný. Sú sæla varð þó heldur skammvinn.

Almennt er það góðs viti þegar gjaldmiðill styrkist. En eigi styrkingin ekki rætur í verðmætasköpun getur hún verið dæmi um sjúkdómseinkenni. Það voru slík viðskipti sem færðu íslensku krónuna í hæstu hæðir. Með því að nauðsynlegur hagvöxtur stóð ekki að baki var fallið síðan óumflýjanlegt. Eina leið Seðlabankans til þess að slá á verðbólgu er að koma áhættuviðskiptum af þessu tagi af stað á ný. Takist það veikist útflutningsstarfsemin, sem hefur styrkst að undanförnu. Síðan springur blaðran og gengið fellur aftur. Þetta er sá vítahringur sem óhjákvæmilega blasir við að óbreyttri peningastefnu á opnum alþjóðamarkaði með fjármagn.

Þennan vítahring þarf að rjúfa. Það verður ekki gert nema með grundvallar kerfisbreytingu. Flestir eru á einu máli um að evran sé eini raunhæfi kosturinn í þeim efnum. Aðild að sameiginlegri mynt með mörgum þjóðum fylgja vitaskuld bæði kostir og gallar. En sá kaldi veruleiki blasir við að ósamkeppnishæf mynt dæmir okkur til að dragast aftur úr öðrum þjóðum.

Forsætisráðherra hélt því fram fyrir nokkrum mánuðum með skynsamlegum rökum að valið í þessu efni stæði á milli krónunnar annars vegar og fullrar aðildar að Evrópusambandinu og þar með Evrópska myntbandalaginu hins vegar. Þó að þessu mati hafi ekki verið hnekkt þarf það ekki að útiloka að aðrir kostir séu skoðaðir.

Á iðnþingi í vor sem leið ræddi Illugi Gunnarsson, annar af tveimur formönnum í Evrópunefnd ríkisstjórnarinnar, þann möguleika að EES-löndin gætu á grundvelli þeirrar aðildar leitað eftir formlegri aðild að Evrópska myntbandalaginu sem óneitanlega er annar hluti af sameiginlega markaðnum.

Áður hafði núverandi varaformaður Framsóknarflokksins opnað álíka umræðu. Þórlindur Kjartansson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, ítrekaði svipaðar hugmyndir í Evrópugreinaflokki Fréttablaðsins um helgina, en þær höfðu áður komið fram innan þeirra raða. Dómsmálaráðherra reifaði svo einnig á sama tímapunkti slíka kosti. Orð ráðherrans hafa eðlilega vakið mesta athygli þó að þau séu ekki ný af nálinni.

Fyrir rúmu ári skilaði Evrópunefnd þáverandi ríkisstjórnar undir forystu dómsmálaráðherra áliti um stöðu Íslands í Evrópu. Helstu pólitísku tíðindin við útkomu þeirrar skýrslu fólust í formlegu bandalagi Sjálfstæðisflokksins og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs með undirritun sameiginlegrar bókunar um afstöðu flokkanna til þessa stærsta álitaefnis í utanríkispólitík samtímans.

Yfirlýsing dómsmálaráðherra nú hefur að sama skapi verulegt pólitísk gildi. Hún verður ekki skilin á annan veg en að bandalagið við VG sé úr sögunni. Það opnar fyrir frekari þróun þessarar umræðu. Jónas Haralz og Einar Benediktsson hafa nýverið fært fram sterk rök fyrir því að það verði gert í víðtækara samhengi en lýtur að efnahags- og peningaumræðunni.

Hvað sem öðru líður er mikilvægt að allar ákvarðanir í þessum efnum séu vel undirbúnar með skýrum tímasettum markmiðum. Brýnast er að eyða óvissu um þá möguleika sem eru í stöðunni. Þjóðarbúskapurinn þolir hana ekki til lengdar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

„...fyrst á visir.is“






...ég sá það á visir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Breyttar forsendur**

Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem saminn var fyrir rúmu ári segir að „kraftmikið efnahagslíf [sé] forsenda þess að hægt sé að halda áfram uppbyggingu í menntamálum, samgöngumálum og í heilbrigðis- og félagsmálum“. Mikið hefur gengið á síðan og fáir myndu lýsa íslensku efnahagslífi sem kraftmiklu, eins og málum er háttað. Það er því engum blöðum um það að fletta að forsendurnar sem lágu að baki stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru brostnar, sem og markmið hennar um stöðugleika, lága verðbólgu og lágt vaxtastig. Þarf ekki ríkisstjórnin – í ljósi breyttra aðstæðna – að taka stjórnarsáttmálann til rækilegrar endurskoðunar?



**Geir og gúrkan**

Geir H. Haarde boðaði til blaðamannafundar í gær í tilefni af hugmyndum Björns Bjarnasonar um upptöku evru á grundvelli EES-samningsins. Geir var efins um að það væri hægt og sagði gúrkutíð í fréttum einu ástæðuna fyrir að málið væri í fréttum. Er það til siðs í forsætisráðuneytinu að efna til blaðamannafunda vegna gúrkufrétta?

**Dregið í land**

Vefþjóðviljinn birti nýlega grein um ógagn íslensku krónunnar; sagði hana meðal annars ógjaldgenga í alþjóðlegum viðskiptum og fullyrti að það ógnaði ekki sjálfstæði Íslendinga þótt þeir hættu að gefa út eigin mynt. Sætti þessi grein tíðindum þar sem Vefþjóðviljnn mun vera vettvangur þeirra sjálfstæðismanna sem þykja einna lengst til hægri innan flokksins. Í gær var hins vegar komið annað hljóð í strokkinn; Vefþjóðviljinn slær á puttana á þeim sem gera „áköfustu Evrópusinnum Sjálfstæðisflokksins“ hátt undir höfði og áréttar að Geir H. Haarde sé „eindreginn og skýr“ í afstöðu sinni við inngöngu í ESB sem og við upptöku evru á Íslandi. Af hverju dregur Vefþjóðviljinn aftur í land núna?



bergsteinn@frettabladid.is

## Flóttamenn á Íslandi



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Dyflinnarsamningurinn

Fyrir rúmri viku var Keníumaður að nafni Paul Ramses Odour rekinn frá Íslandi en hingað hafði hann leitað til að biðja um pólitískt hæli. Mál hans fékk aldrei efnislega meðferð heldur var hann fluttur til Ítalíu á grundvelli svonefnds Dyflinnarsamnings. Samkvæmt þessum samningi ber íslenskum stjórnvöldum ekki að fjalla um mál flóttamanna sem hafa haft viðkomu í öðru Evrópulandi á leið sinni hingað. En Paul leitaði hingað vegna þess að hann þekkti Íslendinga og hefur áður unnið hér á landi. Tengsl hans við Ísland eru nú orðin enn meiri þar sem sonur hans fæddist hér á landi. En þetta skiptir auðvitað einungis máli ef mál hans hefði verið tekið til efnislegrar meðferðar og það vilja íslensk stjórnvöld ekki gera.

Íslendingar hafa aldrei lagt mikið af mörkum til að lina þrautir þess fólks sem flýr land vegna pólitískra ofsókna heima fyrir. Hlutskipti þess hefur blandast inn í baráttu stjórnvalda gegn óæskilegum útlendingum sem þau sjá í hverju horni. Á hverju ári berast fréttir af hetjuskap Útlendingastofnunar við varnir Íslands gagnvart útlendingum sem ekki mega koma hingað – hvort sem það eru vélhjólagengi, Romafólk eða liðsmenn Falun Gong. En Ísland er ekki einangraðasta land í heimi. Hér eru stjórnvöld að fylgja fyrirmyndum sem við þekkjum frá Evrópu. Má jafnvel halda því fram að brottrekstur útlendinga úr landi sé kjarni þess Evrópusamstarfs sem Íslendingar hafa tekið þátt í fram að þessu.

**Frelsin fjögur**

Hér á Íslandi er oft látið að því liggja að markmið Evrópusambandsins sé að auka ferðafrelsi fólks. Það er eitt af „frelsunum fjórum“ sem eru sögð vera hornsteinar í stefnu sambandsins. En þetta er ekki nema hálfsannleikur. Frelsið nær ekki nema til landa innan bandalagsins, en hins vegar hafa Evrópuþjóðir reist varnarmúra gagnvart fólki sem kemur frá löndum utan þess. Hið margfræga Schengensamkomulag er dæmi um það hvernig aukið ferðafrelsi reynist kalla á aukið eftirlit og tálmanir í raun.

Meðal þeirra sem virkisborgin Evrópa heldur utan við múranna eru svo kallaðir „ólöglegir innflytendur“ frá fátækum löndum sem sækjast eftir betri lífskjörum í hinum auðugu iðnríkjum sem eitt sinn áttu nánast allan heiminn. Þar tíðkast það að innflytjendur sem yfirvöld ná að góma eru beittir miklu harðræði þegar verið er að flytja þá úr landi með valdi.

Yfirvöld dómsmála á Íslandi eru sannir Evrópusinnar í málefnum innflytjenda og hafa lært aðferðir sem stundaðar eru í ríkjum Evrópusambandsins á skömmum tíma. Enda var Schengensamkomulagið gert til þess að tryggja að Ísland væri innan múranna.

**Evrópsk innflytjendastefna**

Þetta er skuggahliðin á eftirsókninni eftir því að tilheyra Evrópu og því sem góð samskipti við Evrópuþjóðir hafa í för með sér. Við erum ekki einungis að taka upp þarfa löggjöf eftir Evrópusambandinu heldur einnig stefnu þess í málefnum hinna, sem eru fyrir utan. Þeir sem eru fyrir utan koma nefnilega ekki Evrópu við, nema sem hugsanlegir óvinir í stríði eða keppinautar í heimsverslun.

Í löndum sem telja sig frjálsustu samfélög heims þykir ekkert athugavert við það að handvelja einstaklinga inn og út úr landinu eftir geðþótta embættismanna og annarra handhafa ríkisvalds. Og það sem meira er – þetta er óaðskiljanlegur hluti hnattvæðingarinnar eins og hún hefur virkað undanfarna áratugi. Fórnarlömb röskunarinnar sem verður þegar stórfyrirtækin flytja starfsemi sína fram og aftur í leit að hámarkshagnaði hafa ekki sama rétt og fyrirtækin. Það er útilokað fyrir fólk að elta fjármagnið á sama hraða og það streymir á milli landa, en þar að auki hafa verið settar miklar hömlur á fólksflutninga innan hins hnattvædda heimsþorps. Hömlur sem bera alþjóðleg nöfn eins og Dyflinnarsamningurinn. Yfirvöld virðast hafa ótakmarkaðan rétt til að flytja það fram og aftur án þess að nokkur saki þau um „forræðishyggju“ eða aðra nútímalega glæpi.

Mál Paul Ramses hefur hreyft við mörgum Íslendingum sem ofbýður mannúðarleysið sem fylgir útlendingastefnu og Evrópustefnu þjóðarinnar. En nokkuð vantar upp á að tekist sé á við sjálfar grundvallarforsendur stefnunnar. Langar okkur til að búa í hinni vernduðu virkisborg sem búið er að reisa í kringum okkur eða viljum við annars konar heim?

## Fréttablaðið í pólitík

**UMRÆÐAN**

Sigurjón Þórðarson skrifar um Fréttablaðið



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Frjálslyndi flokkurinn hefur verið í fararbroddi þeirrar baráttu að koma á skynsamlegri og réttlátri stjórn fiskveiða. Málefnið á sér víðtækan hljómgrunn meðal þjóðarinnar þrátt fyrir að hagsmunasamtök hafi nýtt afl sitt og ómælt fé til að fá þjóðina til að sætta sig við óréttlætið.

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra og núverandi ritstjóri Fréttablaðsins, á mikla sök á vondu kvótakerfi í sjávarútvegi.

Það hefur ekki farið á milli mála að Þorsteini er mjög í nöp við Frjálslynda flokkinn og hefur óskað þess í leiðurum að flokkurinn kafnaði. Væntanlega hefur það verið vegna afstöðu flokksins í kvótamálum. Undir stjórn Þorsteins Pálssonar, ritstjóra Fréttablaðsins, hefur verið mikil tilhneiging til að draga úr gagnrýninni umfjöllun um vafasama stjórn fiskveiða, t.d. með vali á viðmælendum og drætti á birtingu aðsendra greina. Einnig hefur það verið stefna Fréttablaðsins að réttlæta áframhaldandi mannréttindabrot stjórnvalda gagnvart sjómönnum.

Það er greinilegt að þeir sem beita sér fyrir breytingum á núverandi óstjórn fiskveiða og vilja að stjórnvöld hætti að brjóta mannréttindi á íslenskum þegnum eru ekki í liði Fréttablaðsins og mega búast við því að hvað eftir annað sé snúið út úr málflutningi og þeim jafnvel gerðar upp skoðanir.

Það á sérstaklega við um nauðsynlega en viðkvæma umræðu um málefni útlendinga þar sem hvað eftir annað er málflutningur tekinn úr samhengi og gerður tortryggilegur. Dæmi um þetta er að ég skrifaði pistil á vefinn www.sigurjon.is um að mér þætti sæta tíðindum að Evrópusinnarnir í Samfylkingunni treystu alls ekki einu af algóðum stofnríkjum Evrópusambandsins fyrir máli flóttamanns sem var að mati Samfylkingarinnar borðliggjandi. Í framhaldi af þessum pistli spannst umræða þar sem ég nefndi að mér þætti mjög miður að barátta fyrir landvist flóttamannsins væri á stundum rekin með mjög rætnum hætti þar sem spjótum væri beint persónulega að starfsmönnum Útlendingastofnunar og dómsmálaráðherra. Umrædd skrif mín urðu síðan til þess að ritstjórn blaðsins dró þá furðulegu ályktun að ég varaði við fréttaflutningi af máli pólitíska flóttamannsins frá Kenía.

Það er rétt að lesendur hafi framangreindar staðreyndir í huga við lestur á því sem stendur í Fréttablaðinu – og ekki síður því sem ekki er fjallað um í blaðinu.

*Höfundur er líffræðingur.*






„Við fengum mjög gott veður á Vestfjörðunum í fyrra, glampandi sól allan tímann og spáin er alveg sæmileg núna, en við tökum samt að sjálfsögðu regngallana með,“ segir Áslaug Dóra, sem hér er ásamt tvíburunum Stefáni og Sólveigu Nordal.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Með Vestfjarðabakteríu

***Íslenska hásumarið dregur Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur, sérfræðing í menntamálaráðuneytinu, og hennar fjölskyldu út á land þetta árið. Hún var einmitt að pakka niður þegar haft var samband. Förinni er heitið á norðanverða Vestfirði.***

„Við byrjum á að fara norður á Strandir og verðum þar eina nótt. Sofum í litlu sundlaugarhúsi í Krossnesi í Árneshreppi og hlökkum mikið til að gista þar alveg við úthafið,“ segir Áslaug Dóra þegar forvitnast er um ferðaáætlunina. Spurð hvort hún þekki til í Árneshreppi kveðst hún hafa komið þar áður enda sé systir hennar skólastjóri í Finnbogastaðaskóla. En hversu lengi er ekið þangað? „Bara svona fimm til sex tíma. Við förum að morgni og erum komin norður um kaffileytið,“ segir Áslaug Dóra og hlakkar greinilega til að komast í heimabakaða snúða í sveitinni. Reyndar fræðir hún blaðamann um að komið sé nýtt kaffihús í kaupfélaginu í Norðurfirði. Samt er það ekki síður umhverfið sem heillar. „Strandirnar eru sjarmerandi svæði, með mikla sögu og náttúrufegurð,“ bendir hún á. „Mig langar til dæmis að skoða Gjögur og jafnvel skreppa til Kúvíkur sem er síldarverksmiðja nálægt Djúpavík.“

Eiginmaður Áslaugar Dóru er Sigurður Nordal hagfræðingur og börnin þeirra eru þrjú. „Það verður fjör í bílnum,“ segir Áslaug Dóra hlæjandi og spáir í hverju hún eigi að pakka niður handa börnunum því eftir Strandirnar ætlar fjölskyldan til Ísafjarðar og dvelja þar í vikutíma. „Við fórum um sunnanverða Vestfirði í fyrra og vorum mjög hrifin svo nú erum við komin með Vestfjarðabakteríuna. Ætlum að skoða Vigur, Hesteyri og svo firðina í kringum Ísafjörð í þessari ferð. Svo höfum við aldrei stoppað neitt á Ísafirði sjálfum en hlökkum til að kynnast bænum aðeins. Ætlum svo að koma við í Húnavatnssýslunni í bakaleiðinni,“ segir Áslaug Dóra og bætir við að lokum: „En við sleppum því að taka tjaldið með núna því við leigjum hús fyrir vestan.“

*gun@frettabladid.is*



**Sólarvörn** er nauðsynleg til að verja húðina gegn skaðlegum sólargeislum. Lýðheilsustöð hefur tekið saman nokkur ráð um hvernig hægt er að verja sig gegn geislun sólarinnar, www.lydheilsustod.is








LD3080501

Glucomed® 625 mg

*Glucomed inniheldur glúkósamín*

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

**Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.**

*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*


# Óvenju mikið um ofnæmi

***Í vor og sumar hafa frjókorn á flugi verið sérlega áberandi og samfara því fleiri stífluð nef og rauð augu á Íslendingum.***

„Aðaltími frjókornaofnæmis er svolítið breytilegur frá ári til árs, eftir því hvernig veðurfarið er,“ segir Dóra Lúðvíksdóttir, lungna- og ofnæmislæknir, og bætir við að hámarkstíminn í ár hafi verið núna um mánaðamótin júní/júlí. Að sögn Dóru hefur frjókornaofnæmi aukist samfara hlýnun á landinu enda fylgir hlýindunum meiri góður. Upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands sýna að magn frjókorna í loftinu í júnímánuði var meira en undanfarin ár. „Magn frjókorna í loftinu skiptir miklu máli fyrir styrk ofnæmisins því aukið magn veldur svo miklu áreiti á ofnæmiskerfið. Þeir sem hafa tilhneigingu til að mynda ofnæmi eru gjarnari á að mynda ofnæmi fyrir fleiri hlutum,“ segir Dóra.

Dóra kveðst hafa tekið eftir því í sumar að fólk sem áður hefur ekki fundið fyrir frjókornaofnæmi hafi komið í greiningu, vegna þess hversu mikið af frjókornum hefur verið í loftinu. „Fólk sem er með dýraofnæmi hefur verið að koma með einkenni um frjókornaofnæmi. Það er mikil aukning í því,“ upplýsir Dóra og bætir við að það geti tekið tíma fyrir fólk að átta sig á því að það hafi frjókornaofnæmi.

„Einkennin eru langvarandi nefrennsli, kláði í nefi, hnerri og viðkvæmni í augum. Ef fólk hefur annað ofnæmi skellir það stundum skuldinni á það. Það er því um að gera að láta mæla þetta,“ segir Dóra. Hún segir að fólk fái stundum astmaeinkenni samfara hinum einkennunum en það sé þó sjaldgæfara.

Að sögn Dóru er hægt að halda frjókornaofnæmi heilmikið niðri því það sé til svo mikið af góðum lyfjum, ofnæmistöflur, nefúði og augndropar. „Svo höfum við, á göngudeild ofnæmis og lungna, verið með í allmörg ár afnæmismeðferð sem er sprautumeðferð. Þá gefum við lítið magn af ofnæmisvakanum undir húð og þá minnka einkennin verulega hjá flestum,“ segir Dóra en bætir við að ofnæmismeðferðin hefjist venjulega á haustin þegar minna sé af frjókornum í loftinu.



Dóra Lúðvíksdóttir segir frjókornaofnæmi aukast samfara hlýrra loftslagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

martaf@frettabladid.is


HEYRNARÞJÓNUSTAN

HEYRN




heyra allt skýrt | skynja allt rétt | upplifa lífsins gildi

**Samefling gerir gæfumuninn**

Nýju ReSound Ziga heyrnartækin eru sameфld þannig að þau skila meiru en nemur samanlagði virkni þáttanna sem í þeim eru.

Með Ziga geturðu vænst þess að heyra á notalegan og eðlilegan hátt vegna þess að þau hafa framúrskarandi hljóðgæði, eru mjög þægileg og hraðvirk og með mikla aðlögun að þörfum notandans.

Fáðu ReSound Ziga til reynslu í nokkra daga, nánari upplýsingar á www.heyrn.is

**Byrjaðu sem fyrst að njóta sameflingar!** **Tímapantanir 534-9600**



Ziga™ ReSound

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is




Franskar, fituríkt kjöt og sykraðir drykkir eru helst á boðstólum breskra barna í menningarleit.

## Sykur, salt og mikil fita

BRESKIR SKEMMTIGARÐAR, SÖFN OG AFÞREYINGASTAÐIR BJÓÐA BÖRNUM UPP Á MÁLTÍÐIR SEM BYGGJAST UPP Á SYKRI, SALTI OG FITU.

Þetta kemur fram í nýrri könnun á vegum stjórnvalda í Bretlandi þar sem úrtakið var 220 afþreyingastaðir af ýmsu tagi. Kom fram að ekki ein máltíð af þeim 397 sem rannsakaðar voru mætti viðmiðunarreglum heilsuverndar.

Prófaðar voru máltíðir ætlaðar börnum í dýragörðum, leikjamiðstöðvum, sögulegum görðum, húsdýragörðum og sundlaugagörðum, bæði í opinberri eigu og einkarekstri, flestar voru bornar fram með frönskum kartöflum. Versti kosturinn innihélt yfir 85 grömm af fitu, sem er þrisvar sinnum meira en heilbrigðisyfirvöld ráðleggja. Aðrar máltíðir innihéldu sex sinnum meira af transfitu, 500 prósent meira prótín og þrisvar sinnum meira salt en ráðlagt er í einum dagskammti. Að meðaltali voru máltíðir 10 prósent of fituríkar og 44 prósent of saltríkar.

Segja bresk heilbrigðisyfirvöld að verði ekki gerðar gagngerar breytingar stefni Bretar rakleiðis á þann óeftirsótta titil að verða feitasta þjóð heims. Aðilar í ferðaþjónustu sjá lítið rangt við matseðlana þar sem foreldrar kjósi að bjóða börnum sínum annað að borða á tyllidögum en það vanabundna heima.

*- þlg*



**Garðhúsgögn** nota margir á sumrin. Á fallegum sumarkvöldum er fátt betra en að sitja úti með gott snarl og góðu fólki og njóta lífsins.

# Sumarstarf í borg og bæ

***Tónlistarhópurinn Slyngur var stofnaður síðastliðið vor og starfar á vegum Kópavogsbæjar í Skapandi sumarstarfi. Þau verða með opnunaratriði tónleikaraðarinnar Sumar í Hömrum á Ísafirði.***

Í júlí og ágúst stendur Tónlistarfélag Ísafjarðar fyrir tónleikaröðinni Sumar í Hömrum en tónleikaröðin hlaut styrk frá Menningarráði Vestfjarða í vor. „Tónleikaröðin hefst fimmtudaginn 17. júlí klukkan 20 með okkar tónleikum en á efnisskránni verða verk eftir Mozart, Beethoven og Tsjaíkovskí og er þetta fjölbreytt og skemmtileg efnisskrá,“ útskýrir Arnþrúður Gísladóttir, flautuleikari og Ísfirðingur.

„Tónlistarhópurinn Slyngur hóf göngu sína í vor þegar við sóttum um styrk til að starfa á vegum Kópavogsbæjar í Skapandi sumarstarfi. Við höfum öll verið nemendur í Listaháskólanum og reyndar útskrifuðust tvö okkar í vor. Við erum á aldrinum nítján til tuttugu og eins árs.

Ég spila á flautu og svo er strengjakvartett; tvær fiðlur, víóla og selló,“ segir Arnþrúður en auk hennar eru í hópnum Bjarni Frímann Bjarnason, víóla, J. Páll Palomares, fiðla, Viktor Orri Árnason, fiðla, og Þorgerður Edda Hall, selló.

„Tónleikarnir verða í Hömrum, sem er salur Tónlistarskólans á Ísafirði, og er ókeypis inn. Þetta er í fyrsta sinn sem við spilum sem hópur á Ísafirði en við vorum reyndar öll á tónlistarhátíðinni Við Djúpið þar sem við vorum á masterclass-námskeiði. Þar spiluðum við sem kammerhópur,“ segir Arnþrúður áhugasöm.

„Mjög mikið af ungu listafólki kemur fram á sumartónleikunum en þar verða einnig aðrir þekktari og reyndari. Tónlistarfélagið er mjög öflugt í því að styðja ungt fólk sem fær þarna tækifæri til að láta ljós sitt skína,“ segir Arnþrúður þakklát og bætir við: „Á Ísafirði hefur alltaf verið mjög öflugt tónlistarlíf og þar var fyrsti tónlistarskóli landsins stofnaður.

Það eru hátt á fjórða hundrað nemendur í tónlistarskólanum og hann rekur útibú í nágrannasveitarfélögum. Það er eiginlega varla til sú fjölskylda á Ísafirði þar sem ekki er einhver í tónlistarskólanum,“ segir Arnþrúður kímin en hún stundaði nám við skólann í áratug áður en hún hóf nám í Listaháskólanum. „Ég var mjög ánægð þar. Mikið er lagt upp úr því að nemendur komi fram og tónlistarskólinn er mjög virkur í bæjarlífinu þannig að nemendur fá oft tækifæri til að koma fram víðs vegar um bæinn.“

Á vefsíðu Tónlistarskóla Ísafjarðar, www.tonis.is, má finna nánari upplýsingar um tónleikaröðina Sumar í Hömrum en þar kennir ýmissa grasa í júlí og ágúst. *hrefna@frettabladid.is*



Meðlimir tónlistarhópsins Slyngs eru fimm talsins, á aldrinum 19-21 árs. Þau hafa öll verið nemendur í Listaháskóla Íslands og útskrifuðust tvö þeirra í vor. MYND/SÓLBORG VALDIMARSDÓTTIR



Fjórhjólaferðir eru skemmtilegar á sumrin. MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

# Fjör úti í náttúrunni

***Á sumrin reynir fólk að nýta góða veðrið sem best og vera sem mest úti.***

Ef gott veður er um helgar er tilvalið að skella sér á fjórhjól og sjá þá fallegu náttúru sem er hér á landi.

Hjá Fjórhjólaleigunni er hægt að leigja fjórhjól og fara í fjölbreyttar ferðir, meðal annars tveggja tíma ferð um Hengilssvæðið þar sem sjá má borholur, hraun og margt fleira sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða, í fylgd leiðsögumanns.

Einnig er boðið upp á steggja- og gæsaferðir sem eru alltaf vinsælar ásamt sérstökum vinnuferðum, sem eru vinsælar þegar starfsmannafélög ætla að gera sér glaðan dag. Á svæðinu er líka góður skáli sem hægt er að grilla við.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðunni www.fjorhjolaleigan.is. *- stp*















# börn

ÞRIÐJUDAGUR 15. JÚLÍ 2008

## Hildur Kristjánsdóttir

**segir mikilvægt að halda lestrarkunnáttu barna við**

BLS. 4



## Ný vefsíða

**helguð frístundum barna**

BLS. 2





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ

# Hollráð um heilsu

Á vef Landlæknisembættisins má nálgast greinar um fjölbreytt efni sem birst hafa í dagblöðum og tímaritum. Á undirsíðunni Hollráð um heilsuna er að finna fræðslugreinar um margvísleg efni er varða heilsufar og heilbrigðisþjónustu, forvarnir og heilsueflingu.

Einn af efnisflokkum Hollráða er flokkurinn Börn en meðal efnis í þessum flokki er umfjöllun um heilsu skólabarna þar sem velt er upp spurningum um hvernig efla megi líkamlega og andlega líðan barna í skólum og bæta heilsufar þeirra til langs tíma. Bæði er hugað að líkamlegri og andlegri heilsu.

Auk efnis um heilsu skólabarna er fjallað um ýmislegt er varðar öll börn, allt frá ungbörnum til hinna eldri. Einnig má finna greinar tengdar börnum í efnisflokknum Forðumst slysin þar sem fjallað er meðal annars um slysavarnir barna og í efnisflokknum Klínískar leiðbeiningar er fræðsla um offitu barna og unglinga, þar sem fjallað er um meðferð og forvarnir. Annars er um að gera að heimsækja vefinn www.landlaeknir.is og skoða það sem vekur áhuga. *- hs*



**Á heimasíðu Landlæknisembættisins má finna fjölbreytt efni um heilsu barna. Ofþyngd og hreyfingarleysi er eitt þeirra en fram kemur á síðunni að Æskilegt sé að börn fari út og hreyfi sig en offita og ofþyngd barna á skólaaldri ásamt hreyfingarleysi eru vaxandi vandamál sem leita þarf lausna við.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

*Skemmtilegt starf!*

*Leikskólinn Undraland ehf. er lítill notalegur, einkarekinn leikskóli í Kópavogi*

*Okkur vantar samviskusaman og lífsglaðan starfsmann í 100% starf frá 19. ágúst.*

*Upplýsingar í síma 899 8654 / 8623029*



**Félagarnir Ólafur og Steinn hugsa vel um garðana sína.**

# Gefandi vinna í góðra vina hópi

**Í skólagörðunum gefst börnum tækifæri að læra að gróðursetja og rækta ásamt því að njóta útiverunnar í góðra vina hópi.**

Skólagarðarnir sameina garðyrkjustörf, útivist og skemmtun og eru tilvaldir til afþreyingar fyrir börn á sumrin. Hverju barni er úthlutað 18 m² garði og fræi, útsæði, grænmetisplöntum og blómum.

Hjá skólagörðunum í Reykjavík geta börn á aldrinum 8 til 12 ára sótt um svæði, en eldra fólki gefst einnig kostur á garði ef þeir eru afgangs. Skólagarðarnir eru þannig ekki aðeins samkomustaður fyrir börn með áhuga á ræktun heldur einnig tækifæri fyrir mismunandi kynslóðir til að koma saman og rækta áhugamál sín.

Aðaláherslan er lögð á umhirðu garðanna en markmiðið er meðal annars að börnin læri grunnhandtök gróðursetningar og ræktunar og njóti útiverunnar. Einnig eru haldnir leikjadagar einu sinni í viku. Þá er farið í bíó, keilu, skoðunarferðir eða grillað og farið í leiki. Krakkarnir fá síðan afrakstur erfiðisins í lok sumars þegar þau fara heim með uppskeruna.

Skólagarðarnir eru opnir frá klukkan 8 til 12 og 13 til 16. Nánari upplýsingar á www.skolagardar.bloggar.is og www.umhverfisvefurinn.is.

Meðfylgjandi myndir voru teknar í skólagörðunum í Laugardal fyrir skemmstu, þar sem hóparnir voru að vinna á fullum krafti. *- stp*



**Skólagarðarnir sameina fræðslu, útivist og skemmtun.**



**Nauðsynlegt er að vökva reglulega og hefur rigningin síðustu daga komið sér vel.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Skólagarðarnir í Reykjavík eru kjörinn staður fyrir unga sem aldna til að njóta samverunnar.**



**Í hverri viku er flottasti garðurinn valinn.**



**Garðarnir eru allir snyrtilega merktir, og fallegar og sumarlegar stjúpur er að finna í þeim öllum.**













ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

*Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is*

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN

*Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300*

*www.minjasafnreykjavikur.is*

# Frístundir fyrir alla krakka

„Ég fékk þessa hugmynd árið 2006 þegar ég flutti til Íslands. Þegar ég kom hingað sá ég að það var mikið um frístundir á Íslandi en ómögulegt að nálgast upplýsingar um þær á einum stað og erfitt að fá þær á öðru tungumáli en íslensku.

Ég hafði því samband við nokkur fyrirtæki og kannaði hvort áhugi væri fyrir hendi af þeirra hálfu að stofna svona síðu. Þá fór boltinn að rúlla,“ segir Letetia Beverley Jonsson, hjá Frístundum Íslands, sem er stofnandi vefsíðunnar www.fristundir.is.

Á síðunni er hægt að nálgast upplýsingar um alls kyns frístundir ætlaðar börnum, svo sem fimleika, glímu, keilu, golf og fleira á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku. „Ísland hefur breyst, það er ekki eins og áður þegar hér voru bara Íslendingar. Núna er mikið af erlendu fólki sem hér er með börn. Nauðsynlegt er að taka tillit til þarfa þess.“

Sem stendur fjallar síðan um frístundir barna á höfuðborgarsvæðinu en til stendur að bæta við upplýsingum um frístundaiðkun barna um allt land árið 2009. Hinn 24. ágúst næstkomandi kemur út bæklingur á vegum Frístunda Íslands. „Í tilefni af útgáfunni verður haldin fjölskylduskemmtun í Smáralind til að auglýsa bæklinginn og kynna síðuna, því þar eru allar nánari upplýsingar, eins og hvenær námskeið hefjast og þar fram eftir götunum.“



**Letetia segir að mikil þörf sé fyrir upplýsingar á fleiri tungumálum um afþreyingarmöguleika fyrir börn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fyrirtæki sem hafa áhuga á að skrá sig á síðuna geta gert það til 31. júlí. Sjá nánar á www.fristundir.is *- stp*

HiPP
ORGANIC



Engin aukaefni eða viðbættur sykur
Fersk og náttúruleg hráefni
Fjölbreytt úrval fæðutegunda
Frábær fyrsta fæða barnsins

# Fyrir litla töffara

Sænska fyrirtækið Elodie Details hannar töff fylgihluti fyrir börn. Gengið er út frá þeirri hugmyndafræði að þó menn og konur verði að foreldrum minnki ekki áhuginn á flottri hönnun sé hann yfir höfuð fyrir hendi. Mikið hefur hingað til verið lagt upp úr barnafatahönnun, barnavagnahönnun, hönnun burðarpoka og barnarúma en Elodie Details leggur áherslu á fylgihluti.

Þau þrjú ár sem fyrirtækið hefur starfað hefur það reynt að glæða þá hluti sem yfirleitt fylgja litlum krílum skemmtilegu lífi. Þetta eru til dæmis snuð, snudduhaldarar, pelar, stútkönnur, smekkir, teppi og svefnpokar. Sumir hlutirnir láta barninu í té ákveðna afstöðu og geta þau til dæmis boðað frið með friðardúfusnuði. Aðrir hlutir skarta myndum af fjögurralaufa smárum eða eru gull- og silfurslegnir. Hauskúpur þekja suma hlutina og henta sérstaklega hörðum nöglum ásamt hinum ýmsu hlutum í felulitum.

Hlutina má nálgast í gegnum vefverslun á slóðinni www.elodie-details.com en þeir fást einnig í Hnokkum og hnátum á Skólavörðustíg og Baby Sam svo dæmi séu tekin. *- ve*



Felulitapelar.

Happasmekkur.

Baby Love heitir þessi dudda.

Snuð í felulitunum er óneitanlega töff.

Fyrir stelpur sem eru harðar af sér.

Ekkert minna en gull dugar fyrir þessa dömu.

Hægt er að fá snudduhaldara í stíl við snuðin.

**Útsala**



**Allt að 60%**
**af barna - og ullarfatnaði!**

Þumalína ehf, Skólavörðustígur 41, 101 Reykjavík, 551 2136
http://www.thumalina.is






**Reiðskólinn Faxaból**
**býður uppá skemmtileg reiðnámskeið fyrir börn og unglinga.**

Eigum nokkur laus pláss á reiðnámskeiðin

**7.júlí - 18.júlí,**
**21.júlí - 1.ágúst og**
**5.ágúst - 15.ágúst.**

Sjá nánar á
**www.faxabol.is**




Loforðið eftir Hrund Þórsdóttur var kosin vinsælasta bók síðasta árs af börnum.




Þessi vinsæla bók fjallar um unglinga og samkynhneigð.




Ungu krakkarnir eru nú að byrja á Harry Potter-bókunum.

„Stelpurnar eru mikið fyrir alls konar prinsessubækur," segir Ingibjörg.

# Fantasíur og draugasögur

**Fantasíubækur eru vinsælar meðal krakka og draugasögur mikið leigðar á bókasöfnum borgarinnar. Unglingar leigja einnig bækur sem snúast um félagsleg málefni.**



Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir er bókavörður í Gerðubergssafni.



Þorbjörg Karlsdóttir er bókasafnsfræðingur í aðalsafni Borgarbókasafnsins.

„Nýútgefnar bækur eru alltaf vinsælastar," segir Þorbjörg Karlsdóttir bókasafnsfræðingur í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu, þegar hún er spurð um hvers konar bækur séu eftirsóttastar meðal yngstu safngestanna. Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, bókavörður í útibúinu í Gerðubergi tekur undir það en bætir því við að misjafnt sé eftir aldurshópum hvers konar bækur verða fyrir valinu. „Eldri krakkarnir spyrja helst um einhverja ákveðna bók. Hjá yngri krökkunum fer valið meira eftir foreldrunum, hvað þeir höfðu sjálfir gaman að í æsku," segir Ingibjörg.

Varla kemur á óvart að margir leigi sér nýjustu Harry Potter-bókina um dauðadjásnið en Þorbjörg segir yngri krakkanna byrjaða á fyrstu bókunum. „Svo eru draugasögurnar alltaf vinsælar. Til dæmis norræna smásögubókin Draugurinn sem hló," segir hún og bætir því við krakkarnir elski spennusögur. Fantasíubækur eru afskaplega mikið teknar núna, jafnvel enn meira en áður og telur Ingibjörg kvikmyndir hafa þar nokkuð að segja. „Krakkar eru til dæmis mikið að lesa Narníu-bækurnar svo sem Ljónið, nornin og skápurinn, aftur enda hafa samnefndar myndir verið sýndar í kvikmyndahúsum síðustu ár."

Athygli vekur að tvær nýjar bækur sem báðar fjalla um unglinga og samkynhneigð njóta mikilla vinsælda. Önnur þeirra nefnist Strákarnir með strípurnar og hin heitir Kossar og ólífur. „Krökkum finnst voða gaman að lesa bækur um lífið eins og það er. Einnig er verðlaunabókin Loforðið eftir Hrund Þórsdóttur mikið lesin en hún fjallar einmitt um ákveðna lífsreynslu," segir Þorbjörg. *- mþþ*

# Æfingin skapar meistarann




Stuttar og einfaldar bækur henta þeim yngstu sem nýlega eru orðin læs.




Teiknimyndasögur eru vinsælar hjá krökkunum, en að sögn Hildar er ekki gott að lesa þær eingöngu.

Að mati Hildar Kristjánsdóttur, grunnskólakennara í Austurbæjarskóla, er mikilvægt að halda lestri barna við yfir sumartímann.

„Mín reynsla sem kennari og móðir er sú að lestrarfærni barna detti svolítið niður þegar þau koma aftur í skólann eftir sumarið ef lestrinum hefur ekkert verið haldið við yfir sumartímann."

Hún bendir þó á að nauðsynlegt sé að gefa börnunum eitthvað frí. „Lestur á ekki að vera kvöð og mikilvægt er að gera hann spennandi. Þegar börn eru komin á vissan hraða í lestrinum þá er það æfingin sem skiptir öllu máli."

Að sögn Hildar er mikilvægt að hætta ekki að lesa fyrir börnin þó þau geti farið að lesa sjálf. „Það er auðvitað nauðsynleg þjálfun fyrir börnin að æfa sig að lesa sjálf, en það er líka mikilvægt að lesið sé fyrir þau aðeins þyngri texti og hann útskýrður, því það eykur orðaforða og skilning."

Hildur segir sniðugt að skipta niður köflum í bókum til að fá börnin til að lesa meira sjálf. „Barnið les einn kafla, svo foreldrið einn og með tímanum eykur maður hlut þeirra í lestrinum," útskýrir Hildur. *- kka*



Hildur Kristjánsdóttir telur það mikilvægt að börn æfi sig í lestri yfir sumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




*Hægt er að fá bæklinginn um Spákonufellshöfða á flestum ferðamannastöðum. Með gönguleiðinni eru fræðsluskilti um fugla og gróður Höfðans.*












# Skagaströnd

## *Listin að lifa er að njóta*





*Golfvöllurinn, sem nefnist Háagerðisvöllur, er einn sá fallegasti á landinu og aðeins um fjóra kílómetra frá tjaldsvæðinu. Hann er níu holu og talsvert krefjandi á kafla, klettahæðir og mishæðótt landslag skapa alls konar brautir og þar með skemmtilega vallarmynd. Sjá nánar www.golf.is/gsk.*

Á Skagaströnd er fögur og gróðursæl náttúran yfir og allt um kring og menningin sérstök, blómleg og lifandi.

Tónlistin hljómar frá útvarpi kántrýkóngsins, hins eina og sanna Hallbjörns Hjartarsonar.
Seiðandi matarilminn leggur frá Kántrýbæ sem er engum veitingastað líkur.
Listamenn sinna störfum sínum í Nes-listamiðstöðinni og kaffihúsið í Bjarmanesi er bæjarprýði.

Spákonufellshöfði er vinsælt útivistarsvæði, þar sem gönguleiðir hafa verið merktar og fræðsluskilti um fugla og gróður sett upp. Á björtum sumarkvöldum má sjá þar miðnætursólina setjast við hafsbrún í norðri. Með fjörunni sem iðar af lífi, eru góðar gönguleiðir bæði til norðurs og suðurs. Spákonufell er svipmikið og virðulegt fjall fyrir ofan bæinn og þar upp er merkt gönguleið. Tjaldsvæðið er einstaklega fallegt, skjólsælt og rúmgott með glæsilegu þjónustuhúsi. Nóg pláss er fyrir tjaldvagna, húsbíla og hjólhýsi – allt gjaldfrjálst.

*Velkomin á Skagaströnd*













**SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND**

www.skagastrond.is

# Hæfileikaríkir nemendur í Hofsstaðaskóla

**Í Hofsstaðaskóla í Garðabæ er boðið upp á fjölbreytta list- og verkgreinadeild.**

Óhætt er að segja að listalífið sé í hávegum haft í Hofstaðaskóla í Garðabæ. Síðastliðin þrjú ár hafa nemendur sjötta og sjöunda bekkjar í smíði hannað lampa í tengslum við lampakeppni Hofsstaðaskóla.

„Lampakeppnirnar eru í raun tvær, þar sem nemendur í sjötta bekk eiga að nota í sinn lampa tuttugu peru ljósaseríu og endurvinna gamalt dót eða búa til úr nýju efni. Hins vegar fá nemendur í sjöunda bekk eitt perustæði og tréplötu til þess að festa perustæðið, vírnet, veggfóðurslím, pappír og grisju,“ segir Sædís Arndal, smíðakennari skólans.

„Eftir að lamparnir eru tilbúnir er sett upp sýning í skólanum þar sem veitt eru verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti í báðum árgöngum. Einnig er valinn hönnuður Hofstaðaskóla í hvorum árgangi. Marel hefur styrkt þessa keppni og gefið vinningshöfunum verðlaun.“ Að sögn Sædísar er svo kennd nýsköpun í fimmta bekk og nýsköpunarkeppni haldin sem Marel hefur líka styrkt.

Hofsstaðaskóli varð þrjátíu ára á þessu skólaári og í upphafi þess tók skólinn við Grænfánanum. Af því tilefni kviknaði skemmtileg hugmynd um hönnun á stól sem átti að gefa Hönnunarsafni Íslands í tilefni af afmæli skólans.

„Ákveðið var að endurvinna afganga, til dæmis afsag nemenda í smíði og auk þess voru notaðir tveir gamlir nemendastólar sem voru úrskurðaðir ónýtir. Það voru fimm nemendur í fimmta og sjöunda bekk sem unnu verkið í samráði við mig. Stóllinn hlaut nafnið Vinastóll. Á hvern kubb á stólnum var teiknað furðuandlit og í heildina hefur stóllinn að geyma skemmtilega teiknimyndasögu,“ segir Sædís.

„Þeir Guðjón Viðarsson, Hrannar Ingi Benediktsson og Kári Þór Arnarsson í 5. G. og P. myndskreyttu stólinn á skemmtilegan hátt.“

- mmr


Skemmtilega útfærður sírenulampi úr gömlum hjólkopp.


Flottur lampi sem gefur frá sér þægilega birtu.



Fótbolti öðlast annað notagildi sem lampi.


Guðjón Viðarsson, Hrannar Ingi Benediktsson og Kári Þór Arnarsson sáu um myndskreytingirnar á stólnum.


Fjölmargir karlar prýða stólinn og eru engir tveir eins.



# Líflegt allt árið um kring

Fræðslunefnd Stangveiðifélags Reykjavíkur stendur fyrir veiðidögum fyrir börn og unglinga í Elliðaám fjórum sinnum í sumar. Sá fyrsti var haldinn sunnudaginn 6. júlí. Þann dag veiddust fimm laxar, fjórir á maðk og einn á flugu.

„Þetta eru dagar sem eru hugsaðir fyrir börn og unglinga í Stangveiðifélagi Reykjavíkur,“ segir Haraldur Eiríksson, markaðsfulltrúi Stangveiðifélags Reykjavíkur. Að sögn Haraldar er barna- og unglingastarf í SVFR öflugt og meðlimir undir sextán ára aldri um fjögur hundruð talsins. „Við reynum að hafa barna- og unglingastarfið sem líflegast allt árið.“

Veiðidagarnir eru mjög vinsælir og uppbókað er alla dagana því bókað er með talsverðum fyrirvara. „Þessir dagar fyllast alveg um leið,“ upplýsir Haraldur.

Hann segir að neðri aldurstakmörkin séu miðuð við það að barnið geti haldið á veiðistöng og landað fiski. „Við förum ekki með allra yngstu börnin í þetta. Síðan er það upp að sextán ára aldri.“

*- mmf*



Fræðslunefnd SVFR heldur fjóra barna- og unglingaveiðidaga í sumar. MYND/G. BENDER



Kojur eru vinsælar hjá þeim sem hafa lítið pláss. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hver hlutur á sínum stað

Að mörgu þarf að huga þegar valin eru húsgögn inn í barnaherbergi. Í fyrsta lagi er gott að hafa húsgögnin sterk svo þau þoli ágang og hnjask.

Stærð herbergja skiptir síðan ekki alltaf höfuðmáli heldur hvernig húsgögnunum er raðað upp. Húsgögn á hjólum eru til að mynda tilvalin því þau er hægt að færa til að vild.

Þá er hægt að hafa upphækkað rúm í herberginu ef pláss er af skornum skammti. Við það verður gólfplássið meira og hægt að vinna betur með rýmið.

Kojur henta vel þar sem tvö börn eru saman í herbergi og jafn vel hægt að slá tveimur litlum herbergjum í eitt stærra ef börnin eru sátt við það fyrirkomulag.

*- stp*



Tveggja til fjögurra ára börn eru móttækilegri fyrir nýjum mat en á aldrinum fjögurra til átta ára, að því er kemur fram í nýlegri rannsókn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hollusta í hávegum höfð

Regluna um að borða fimm eða fleiri skammta af grænmæti og ávöxtum á dag er auðvelt að muna en oft erfiðara að fá smáfólkið til að fylgja henni eftir.

Bandarísk rannsókn sýnir að matarvenjur og eftirlætismatur barna draga mjög dám af venjum foreldra. Það er líka háð því hversu duglegir þeir eru að kynna hollan mat fyrir börnunum, jafn vel þótt þau hafni matnum í upphafi.

Foreldrum er því ráðlagt að vera duglegir við að bjóða ungabörnum nýjar matartegundir. Halda svo áfram jafnvel þótt það þýði að þeim verði að bjóða skeið af grænum baunum fimmtán sinnum áður en þau taka við þeim.

Niðurstöður annarrar rannsóknar sýna að börn taka nýjum mat frekar á aldrinum tveggja til fjögurra ára en á aldursbilinu fjögurra til átta ára. Ekki þýðir það þó að orðið sé of seint að fá eldri börn til að borða öðruvísi mat. Klassískt ráð er að bæta ávöxtum og grænmeti út í mat sem börnunum þykir nú þegar góður. Til dæmis getur verið sniðugt að búa til banana- eða kúrbítsmuffins eða setja niðurskorna ávexti út í jógúrt.

Nánar á www.keepkidshealthy.com.

*- mþþ*




# ÍSBAND.IS

ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF

BÍLAINNFLUTNINGUR

Funahöfða 1 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433 - Fax 534 4430 - is-band@isband.is - www.isband.is

Opið mánudaga til föstudaga kl 10-18:30



Nýr CADILLAC ESCALADE
ULTRA LUXURY
verð 10.480þ



Nýr LINCOLN NAVIGATOR
ULTIMATE ELITE
verð 8.980þ



Nýr CHEVROLET TAHOE
HYBRID K1500
verð 8790þ



Nýr CHEVROLET SUBURBAN
Z71 OFF ROAD
verð 7.490þ



Nýr FORD F350 KING RANCH
verð 4.377þ án / vsk 5.450þ m/vsk



Nýr FORD F350 Lariat
verð 4.088þ án/vsk 5.090þ m/vsk



Nýr DODGE CHALLENGER
SRT8 FIRST EDITION
verð 8.890þ



Nýr DODGE CHARGER R/T
New
verð 5.890þ



Nýr JEEP WRANGLER
UNLIMITED RUBICON
verð 5.590þ

## ÓTRÚLEGT VERÐ Á NOKKRUM NÝJUM TILBOÐSBÍLUM



Nýr CHRYSLER 300 C HEMI
verð 4.490þ



Nýr CHRYSLER 300 TOURING
LIMITED
verð 3.990þ



Nýr DODGE NITRO SXT 4X4
verð 3.390þ



Nýr JEEP PATRIOT LTD 4X4
verð 2.990þ



Nýr JEEP PATRIOT SPORT
4X4
verð 2.690þ



Nýr JEEP GRAND CHEROKEE
LAREDO X 4X4
verð 4.190þ



Nýr DODGE DAKODA
EXTENDED CAB ST 4X2
verð 1.679þ án /VSK 2.090 m/vsk



Nýr DODGE DAKODA QUAD
CAB SLT 4X2
verð 1.992þ án /VSK 2.480þ m/vsk



Nýr DODGE RAM REG. CAB
1500 4x4
verð 2.240þ án /VSK 2.790þ m/vsk

Sjá nánar WWW.isband.is Sjá nánar WWW.isband.is Sjá nánar WWW.isband.is



Möguleiki á skipti á minni sendibíl. Benz Sprinter 416 árg. '04 ek. 74.500 km. burðargeta 2300. Rafmagn í rúðum, speglum, spólvörn, skriðvörn, þjófavörn, Vibasto olíu miðstöð, bakkmyndavél. S. 899 9485.

## Hópferðabílar



Til sölu 52ja manna Man SR292 H hópferðabíll. Ekinn 789.000 Árgerð 1987, nýskoðaður í góðu standi. Mjög gott stgr. verð. Upplýsingar í síma 770 1080.

## Vörubílar

**FLUTNINGAVAGNAR**
Alorka útvegar bæði nýja og notaða vagna og vörukassa sem standast kröfur flutningsaðila. Einnig vörukassa með WINGLINER opnun. ALORKA, s. 577 3080, www.alorka.is

## Húsbílar

Fita Europa '90 1,4td 6 m., svefnp. 6+, ás. v. 1790 þ. tilb. 1590 þ. S. 820 5698.

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

## Mótorhjól



**575 þús**
2007 árgerð af Kawasaki 450KXF til sölu. Hjólið er nánast ónotað, ekið c.a. 50 tíma. Lítur óaðfinnanlega út. 575 þús stgr. Ekkert áhvílandi. Engin skipti. Frábært hjól á frábæru verði. Þetta er hjólið sem þú hefur verið að leita af. Upplýsingar í síma 898 2130

## Fjórhjól



Go Kart í toppstandi verðhugmynd 380 þús. fyrir allt dótið. Aukadekk, aukaplöst og sérsmíðuð kerra ofl. S. 862 9070

Til sölu captain fjórhjól. 300 kúpinga. árg.'07. Uppl. í s. 893 2622.

## Hjólhýsi



Dethleffs Rally 14 fet í mjög góðu standi. Til sýnis á Prestastíg 2 Grafarholti. Verð aðeins 450 þ. S. 892 0066.

## Fellihýsi



2008 árgerð 10 Feta Palomino Fellihýsi, klárt í útileguna. 2 gaskútar, grjótgrind, 100 W sólarsella, 2 rafgeymar, útvarp og cd fylgir, fortjald, svefntjöld. 8 Gistinætur. Verð 1890. (Kostar nýtt 2.150.) Upplýsingar í 510 4900 eða 897 0957.

www.fellihysaleigan.is S. 899 4161 & 822 1920 og á opet@opet.is

Fleetwood bayside 12" árg 2007 fortjald sólarsella ferða wc og fl aukahlutir verð 1900 þúsund óska eftir tilboði sími 866-3880

Til sölu Palomino 10 fet 08. Fortjald, grjótgrind, sólarsella, upph. svefntjöld. Uppl. 891-6858

Fleetwood Utah 12 feta árg' 07 með útdraganlegum borðkrók, fortjaldi og markísu. Möguleg skipti á minna fellihýsi. Uppl. í s. 861 4414 & 895 4848.

Palomino Yerling árg. '07 með fortjaldi & ýmsum aukab. Lítið notað. Fæst á yfrtöku + smápeningur. S. 898 4463.

## Tjaldvagnar

Til sölu Camp-let concord árg 08' Flottur vagn. tilboð óskast. Uppl í S. 664-5554

Combi-Camp tjaldvagn til sölu sk. 08/07 aldrei sofið í honum. Vel útbúinn og fæst á ótrúlegu verði. Fyrstur kemur fyrstur fær. S. 893 2878.

Combi Camp '82 er eins og nýr & góður fyrir versló. V. 100 þ. S. 846 3574.

## Hjólbarðar

4 stk. 155R13 á felgum á 10þ. 2 stk. 155/70 13" á 3 þ. 235/65 17" á 8 þ. ofl. S. 896 8568.

## Vinnuvélar




## Lyftarar



Nettur og lipur lyftari. Í góðulagi. Verð 220.000, 2 metra gaffal framlengin verð 50.000 , nýlegur brettarekkai hæð 5,50m, 5.stk endarstoðir 16.stk þverbitar þriggja pallettu. Uppl. í síma 483 3227.

## Bílaþjónusta




## Bátar




## Varahlutir



**Vélar ehf. Vatnagarðar 16**
Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. S. 568 6625. www.velarehf.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Er að rífa vw Bora 2000 1600 ssk. uppl. í síma 8460165

Gírkassi í Transporter/Caravelle 1993-1999 í góðu standi til sölu. Uppl í síma 858-5868

Varahlutir í Imprezu '97. Uppl. í s. 896 8568.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

Tek að mér venjuleg heimilisþrif í heimahúsum. Er vandvirk. Uppl. í s. 587 2084 & 690 2084.




## BÍLAR TIL SÖLU



## Verslun







## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Vegna breytinga eru til sölu þessi glæsilegu svefnherbergishúsgögn, rafmagnsrúm m/ nuddi, 2 náttborð, kista og 2 skúffuskápar. Nánari uppl. í s. 844 4077.

Til sölu amerískt rúm stærð 1.35x2.00 verð ca 20-30 þúsund Uppl í síma 6910750

## Heimilistæki

Ísskápur 1,70 cm. á hæð með sér frystihólfi. V. 17 þ. S. 616 2712 & 552 7101.

## Barnavörur

Vínrauður Bríókerruvagn til sölu - vel farinn. Verð 50.000 Upplýsingas: 8917562

## Dýrahald

3. mán. Boxer hvolpur til sölu. Ættbókarf. hjá Íshundum. Heilsufar skoðaður, bólusettur og tilb. til afhendingar. Uppl. í s. 847 0606 / 869 7612 / 456 1510.



**Pug hvolpar til sölu**
Æðislegir fjölskylduhundar. Eru tilbúnir til afhendingar, heilsufarsskoðaðir, örmerktir og ættbókafærðir frá hundaræktarfélaginu Rex. Uppl. í s. 699 7813.



Griffon tíkur til sölu. Foreldrar hnéskeljaog augnskoðaðir. Ættbók frá HRFÍ og trygging hjá Vís. Verð 250.000.- uppl í síma 895-9089 eða www.gullgaefu.bloggar.is

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

## Fyrir veiðimenn

Til sölu stórir laxamaðkar. S. 848 3964.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.



Falleg nýuppgerð 4 herbergja íbúð á svæði 104 til langtímaleigu eða sölu. Leiga 180.000 á mánuði. Aðeins reyklaust og áræðanlegt fólk kemur til greina. Uppl í síma 895-9089 eða leiguibud@visir.is

Til leigu 1-2 herb. 80m2 íbúð í miðbæ 220 Hfj. Verð 120þús. með hita,rafm.,ísskáp,þv.vél og fl. Leigist í 6 mán. í senn og er laus. S. 861 3113.

Gott einbýlishús til leigu rétt norðan við Akureyri. Langtímaleiga. Uppl. í síma 820 9408.

**RVK - HFJ - KEF**
1, 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir að losna. Nánari uppl. á www.heimahagar.is.

Bright room (19 m2), laundry, garden, all bills incl. 105 Rvk. Call 6622993.

3ja herb.íbúð í 101 við HÍ.Laus 1/8. Hentar pari og einst.Reykl. 160.000. S 8482185

Til leigu stórt herb. í Hraunbæ. Uppl. í s. 865 9637.

Rúmgóð 2ja herb. íbúð í Mosfellsbæ til leigu. Uppl. á cgtms@hotmail.com

13fm herb. til leigu í Kóp. með aðgengi að sameiginlegu WC ekki sturtu. Laust 1.ágúst. Uppl. í s. 820 6904, Rakel.

Til leigu 65 fm íbúð í Mosfellsbæ. Laus fljótlega. Uppl. í s. 864 8357. Verð 95þ. með hita og rafmagni.

Nýuppgerð herb. til leigu með sameiginl. elhúsi, baðherb., internet, þvottaaðst. í 101 Rvk. Rooms for rent in 101 Rvk. S. 865 3430 & 841 7355.

Gesthouse for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. From 45 thosund pr.month. Call 824 4532.

**Til leigu á Akranesi**
Glæsileg og rúmgóð 4ja herbergja íbúð til leigu strax. Sér inngangur í íbúðina, lyfta í húsinu. Langtíma leigusamningur. Sjá www.leigulidar.is eða 517-3440.

**Til leigu í Hafnarfirði**
3 og 4ja herbergja íbúð til leigu, Rúmgóðar íbúðir með stæði í bílageymslu. Leigutími 12 mánuðir. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**Til leigu á Selfossi**
3 og 4ja herbergja íbúð til leigu, Sér inngangur í hverja íbúð, lyfta í húsinu. Langtímaleigusamningur, sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**Til leigu í Reykjavík**
Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir til afhendingar strax. Sér inngangur í hverja íbúð, lyfta í húsinu. Langtímaleigusamningur, sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

## Húsnæði óskast

sérbýli á höfuðborgarsvæðinu óskast til langtímaleigu. Fyrir tvær litlar fjölskyldur, þarf að vera möguleiki á tveimur séríbúðum, þvottahús, geymsla og bílskúr getur verið sameiginlegt. sendið okkur upplýsingar á ingibjorgth@simnet.is eða hringið í síma 891 9218 Ingibjörg

Einangraður gámur ( 20 fet eða stærri) eða sambæri legur vinnuskúr óskast. 8648772/8931965

Vantar herb. m. aðgangi að þvottavél eða stúdíóíbúð sem fyrst. S. 897 8015.

**Bílastæði óskast**
1-2 stæði í bílageymsluhúsi óskast til leigu helst í Rvk. en ekki skilyrði. S. 698 7665.

## Sumarbústaðir



**Gestahús til sölu :**
Er að byggja stórglæsileg 25 fm gestahús, heilsárshús mjög vönduð og henta vel íslenskum aðstæðum. Hægt er að fá húsin á mismunandi byggingastigum. Tilvalið fyrir þá sem vilja stækka sumarhúsið sitt eða byrja á gestahúsinu. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Upplýsingar í síma 820 0051.




## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

## Bílskúr

Bílskúr í Vesturbæ til leigu að hluta eða í heilu lagi. 48fm. Uppl. magnusvesturbaer@gmail.com

## ÞJÓNUSTA



## Gisting

2-3 herbergi laus í 1. ár. með aðgangi að snyrtingu, eldhúsi og þvottaðstöðu. Algjör reglusemi. 35 þús/mán. uppl Gunnar s. 6952589.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**American Style Hafnarfirði**

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sækta um á americanstyle.is

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus - Call Margrét 699 1060**

**Kvöld og helgarvinna**

Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á næturnar frá kl.23-08 alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi. Skilyrði: Lágmarksaldur 18 ár - hreint sakavottorð - góð íslensku kunnátta.**

Tapasbarinn óskar eftir skemmtilegum þjónum í hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum, alla daga, milli kl. 14 og 18.

RESTAURANT

**Hótel Óðinsvé**
**Óskum eftir að ráða þjóna til starfa á Ó Restaurant, bæði faglærða og aðstoðarfólk. Uppl. gefur Ida í s. 511 6200 eða á o@orestaurant.is, Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1.**

**Traust verktakafyrirtæki**
**Auglýsir eftir menntuðum trésmiðum eða einyrkjum í ákveðin verkefni eða til lengri tíma. Upplýsingar í síma 660 1701 & 660 1704.**

**Bakari óskast til starfa**
**Í bakarí í Breiðholti. Upplýsingar í síma 893 7370.**

**Smiðir**
**Óskum eftir íslenskumælandi smiði og verkstjóra. Mjög mikil vinna framundan. Uppl. í s. 864 7414**

**Poszukujemy pracowników powyzes 25 lat. Z doswiadczeniem drzy.**
**-Panele**
**-Beton**
**-Gegips**
**Numer Kontaktowy: 861 2815, Karol.**

MAX1 BÍLAVAKTIN

Max1, bílavaktin að Bíldshöfða 8 í Reykjavík óskar eftir að ráða vanan einstakling til starfa. Max1 sérhæfir sig í :Hjólbarða, bremsu, smur, rafgeyma og demparaþjónustu. Vinnutími er frá 8:00-18:00 alla virka daga. Sækta um á www.max1.is. Frekari upplýsingar veitir þjónustustjóri Max1, Ívar Smári Ásgeirsson í síma: 690-1331.

Veitingastað á Laugavegi vantar góðan og reyndan kokk í fullt starf. Upplýsingar í síma 8493875

Vantar þig aukatekjur? Sjalfst.dr.Herbalife s:8960936 www.heilsufrettir.is/sigmar

Bílstjóra með meirapróf eða gamla prófið vantar til afleysninga Uppl. síma 825-2123

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

**Vantar smiði**
Topp Verktaka vantar menn í smíðar bæði í skammtíma sem og langtímaverkefni. S. 844 5165 & 844 5470

Rútubifreiðarstjóri óskast í hótel hringferðir frá 21. júlí til 2. ágúst. Uppl. hjá Víkingaslóðum í s. 567 2288 & 860 2895 & 893 9999.

Potrzebujemy cie[li Topp Verktakar ehf. zatrudni cie[li do prac zarówno krótkojak i dBugoterminowych. Telefon: 844-5165; 844-5170

Óska eftir mönnum vönum málningarvinnu. Uppl. í s. 820 3439.

### Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

Blágræn og brún nærsýnisgleraugu töpuðust í Vesturbænum 5. júlí. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 898 9500.

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 opið allan sólarhringinn.**

# Til sölu

Rótgróinn og vel staðsettur hverfisbar. Býður upp á mikla möguleika. Áhugasamir sendi póstann merk „8486" í afgreiðslu fréttablaðsins, Skaftahlíð 24.




## FASTEIGNIR

**HRAUNHAMAR**
**FASTEIGNASALA**
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

**MIÐVANGUR 102 - HF. EINBÝLI**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00 TIL 19.00**



Nýkomið í einkasölu á þessum frábæra stað glæsilegt mikið endurnýjað einbýli m/innb. bílskúr, samtals ca. 170 fm. Glæsilegt nýtt eldhús, nýstandsett baðh, lagnir og fl. Glæsilegur gróinn garður. **V. 49,9 millj. Skipti möguleg á minni eign.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

## ATVINNA

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

**SMIÐIR**
Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

**MÚRARAR**
Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum er lífrænt vottað fyrirtæki sem framleiðir þang- og þaramjöl í háum gæðaflokki. Fyrirtækið er að stærstum hluta í eigu ISP ALGINATES (UK) LTD (71,59%) og Byggðastofunar (27,67%). Ársstörf hjá fyrirtækinu sl. ár voru 24 auk starfa verktaka við þangslátt. Áætluð ársvelta er um 250 milljónir kr. Afurðirnar eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu alginats, fóðurbætis, áburðar og snyrtivara.

Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hf. hefur gengið vel sl. ár og er fyrirhugað að efla hann enn frekar á komandi árum með öflugri þróunarvinnu í nánu samstarfi við ISP ALGINATES (UK) LTD. Á Reykhólum er mikil náttúrufegurð, gott mannlíf, mikið félagslíf og barnvænt umhverfi. Þar er m.a. starfræktur grunnskóli, leikskóli, sundlaug, bókasafn, verslun og dvalarheimili. Íbúar hreppsins eru um 270 talsins og er fjarlægðin til Reykjavíkur um 230 km. Sjá nánar: **www.reykholar.is, www.thorverk.is**

# Framkvæmdastjóri

## Óskum eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa hjá Þörungaverksmiðjunni hf. á Reykhólum

**Starfssvið:**
- Dagleg framkvæmdastjórn með áherslu á öryggi, starfsmannastjórnun, framleiðslu, markaðssetningu, vöruþróun, sölu og dreifingu.
- Setning markmiða og stefnumótun til framtíðar í samvinnu við stjórn fyrirtækisins.
- Áhersla er lögð á að viðhalda góðum tengslum við eigendur fyrirtækisins og viðskiptavini innanlands og utan.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta, tækni eða stjórnunar – eða sambærileg menntun.
- Reynsla af stjórnun nauðsynleg.
- Góð enskunnátta nauðsynleg.
- Vettvangsreynsla af sjó er kostur, þó ekki skilyrði.
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áræði til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki.

**Nánari upplýsingar:**
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is og Ari Eyberg, ari@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 27. júlí nk.**
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

**FOREST WHITAKER ER 47 ÁRA Í DAG**

*„Ég er leikari og ætli ég hafi ekki leikið í svo mörgum myndum að ég sé vel þekktur. En að ég sé stjarna? Ég lít enn á sjálfan mig sem eins konar vinnumaur.“*

***Leikarinn Forest Whitaker á að baki myndir eins og Good Morning Vietnam, Last King of Scotland og A Little Trip to Heaven sem leikstýrt var af Baltasar Kormáki.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 15. JÚLÍ 1099

## *Borgin Jerúsalem fellur*



Fyrsta krossferðin hófst árið 1096 er páfinn Urban II kallaði eftir herferð til landsins helga til að „frelsa“ Jerúsalem og losa kristið fólk í heimshlutanum undan stjórn múslima.

Páfi þurfti ekki að bíða lengi eftir svari. Á meðan kristinn aðall í Evrópu bjó sig undir krossferðina lagði stór hópur bænda og fátækra riddara af stað til Jerúsalem undir stjórn prestsins Péturs. Pílagrímarnir, sem voru á öllum aldri og af báðum kynjum, voru illa undirbúnir, illa þjálfaðir og útbúnir. Þeir mættu andstöðu strax í Austur-Evrópu, voru stráfelldir í Tyrklandi og einungis brot af þeim 40.000 krossförum sem lögðu af stað var enn lifandi er meginher krossferðarinnar kom þeim loks til bjargar við Konstantínópel.

Eftir langa og erfiða ferð komu krossfararnir loks að Jerúsalem. Eftir tiltölulega stutt umsátur féll Jerúsalem 15. júlí 1099.

Í kjölfarið fylgdi blóðbað þar sem nær allir íbúar borgarinnar helgu voru myrtir, jafnt múslimar, gyðingar sem og kristnir menn.

## MERKISATBURÐIR

1626 Einar Sigurðsson, prestur í Heydölum í Breiðadal, andast. Hann er þekktastur fyrir kvæðið Nóttin var sú ágæt ein.

1799 Rosetta-steinninn finnst í Egyptalandi og gerir vísindamönnum kleift að lesa hýróglífur.

1815 Napóleón gefst upp fyrir Bretum.

1916 Boeing-fyrirtækið er stofnað.

1954 Fyrsta Boeing 707 er tekin í notkun og þar með hefst þotuöldin fyrir almenning fyrir alvöru.

1983 Nintendo-leikjatölvan kemur út.

1997 Gianni Versace er skotinn fyrir utan heimili sitt.

2003 Mozilla Foundation er stofnsett.

ÞORLEIFUR ÖRN ARNARSSON LEIKSTJÓRI: ER ÞRÍTUGUR Í DAG

# Til í að takast á við ný ævintýri

„Klukkan er akkúrat núll. Annars vegar er ég að kveðja ákveðinn tíma og hins vegar er ég að byrja nýtt ævintýri,“ segir Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri sem stendur á miklum tímamótum. Hann á ekki einungis þrítugsafmæli í dag heldur var að ljúka krefjandi námi í Þýskalandi og horfir fram á stór og spennandi verkefni. „Það er svona súrsæt tilfinning að vera orðinn þrítugur. Mér líður eins og ég sé tuttugu og tveggja ára en hef samt gert svo margt á síðustu tíu árum. Þetta hefur verið algjört umbreytingaskeið og ég sé ekki eftir neinu.“

Þorleifur var að ljúka leiklistarnámi við HFS Ernst Busch í Berlín, einn virtasta leiklistarskóla í Evrópu. „Þetta er búið að vera rosalega stíft nám en ofboðslega spennandi og krefjandi. Núna á ég bara eftir að setja upp lokasýninguna en ég er svo upptekinn í þýska leikhúsinu að ég mun geyma hana fram á næsta ár,“ segir Þorleifur, sem hefur nú þegar sett upp þrjár leiksýningar í Þýskalandi við frábærar undirtektir. Boltinn er farinn að rúlla og hefur Þorleifi verið boðið að leikstýra Rómeó og Júlíu í stóru sýningarhúsi í Sviss á næsta ári. „Stjórnendurnir höfðu heyrt af mér og langaði í eitthvað nýtt og ferskt og höfðu samband við mig.“



**ÞORLEIFUR ÖRN ARNARSSON** Var að ljúka krefjandi námi og ný verkefni bíða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þorleifur hefur þó ekki alveg sagt skilið við íslenskt leikhúslíf. „Mig langaði að kynnast vinnubrögðum hjá yngstu kynslóðinni í íslensku leikhúsi og ég er því að vinna að sýningu með Símoni Birgissyni í fræðum og framkvæmd. Leikritið verður frumsýnt á Djúpavík í ágúst og mun enda á menningarnótt í Reykjavík.“

Það er þó fleira en leikhúslíf á dagskránni hjá nýútskrifuðum leikstjóranum. „Ég ætla að taka mér gott þriggja mánaða leyfi og fara í stóra reisu í haust. Mig langar að heyra sögur af fólki í öðrum heimshlutum, helst elta uppi staði fimm árum eftir katastrófur,“ segir Þorleifur sem hefur annars lítið ákveðið varðandi framtíðina. „Það er allt opið. Því minna sem maður reynir að stjórna hlutunum, því meira gerist af spennandi hlutum í lífinu.“

**mariathora@frettabladid.is**

---



†

*Ástkæra móðir okkar, amma og langamma,*

**Marselía Kristinsdóttir**
Skúlagötu 80, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum föstudaginn 11. júlí 2008.

**Ómar Eggertsson**
**Eggert Eggertsson.**

---



†

*Ástkær afi okkar, tengdafaðir og langafi,*

**Sverrir Hermannsson**
húsasmíðameistari,

lengst af til heimilis að Aðalstræti 38, Akureyri, lést á dvalarheimilinu Hlíð hinn 12. júlí síðastliðinn.

**Auður Elva Jónsdóttir** **Snæbjörn Magnússon**
**Guðrún Lilja Jónsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Sverrir Már Jónsson**
**Jón Ásmundsson** **Sigrún Gunnarsdóttir**
**Birkir Már, Katrín og Nói.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Egill Jónsson**
bóndi og fyrrverandi alþingismaður,
Seljavöllum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands laugardaginn 12. júlí sl. Hann verður jarðsunginn frá Bjarnaneskirkju föstudaginn 18. júlí kl. 14.00.

**Halldóra Hjaltadóttir**
**Anna Egilsdóttir** **Ari G. Hannesson**
**Valgerður Egilsdóttir** **Ásgeir N. Ágústsson**
**Hjalti Egilsson** **Birna Jensdóttir**
**Eiríkur Egilsson** **Elín Oddleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Magnþóra J. Þórarinsdóttir (Didda)**
Kirkjuvegi 1, Keflavík (áður Húsatóftum Garði),

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hinn 11. júlí. Útför fer fram frá Útskálakirkju fimmtudaginn 17. júlí nk. kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Þórarinn S. Guðbergsson** **Ingunn Pálsdóttir**
**Bergþóra Guðbergsdóttir** **Ólafur Sigurjónsson**
**Jens Sævar Guðbergsson** **Ólöf Hallsdóttir**
**Theodór Guðbergsson** **Jóna Halla Hallsdóttir**
**Rafn Guðbergsson** **Rósbjörg Karlsdóttir Olsen**
**Reynir Guðbergsson** **Salvör Gunnarsdóttir**
**Anna Guðbergsdóttir** **Kristján Gestsson**
**Ævar Ingi Guðbergsson** **Svava G. Sigurðardóttir**
**ömmu-, lang- og langalangömmubörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Egilsdóttir**
dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 17. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Hlíð.

**Sigþór Bjarnason** **Guðríður Bergvinsdóttir**
**Ingibjörg Bjarnadóttir** **Sveinn Ingi Eðvaldsson**
**Egill Bjarnason** **Erna Jóhannsdóttir**
**Þórdís Bjarnadóttir** **Hreiðar Hreiðarsson**
**Sigurður Bjarnason** **Friðrika Árnadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir alla þá vinsemd, hlýhug og samúð sem okkur hefur verið sýnd vegna fráfalls elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóhannesar Halldórs Benjamínssonar.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Fríðuhúss fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Ása Jóhanna Sanko**
**Elín Helga Jóhannesdóttir** **Hallbjörn Ágústsson**
**Axel Hallkell Jóhannesson** **Sigrún Edda Björnsdóttir**
**Þórhildur Guðný Jóhannesdóttir** **Guðmundur Pétursson**
**Halldóra Jóhannesdóttir** **Pétur Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa Pétursdóttir**
frá Norðurgarði, Grænumörk 5, Selfossi,

sem lést sunnudaginn 6. júlí, verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 18. júlí kl. 15.00.

**Jónas Guðmundsson** **Sólveig Jóhannsdóttir**
**Ragnheiður Eiríksdóttir** **Gunnar Haraldsson**
**Sigmar Eiríksson** **Sigríður Ástmundsdóttir**
**Pétur Eiríksson** **Jóna Jónsdóttir**
**Sævar Eiríksson** **Inga Finnbogadóttir**
**Valdimar Eiríksson** **Guðbjörg Hrafnsdóttir**
**Soffía Ellertsdóttir** **Tómas Tómasson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, afi, langafi og bróðir,*

**Þráinn Pálsson**

lést á heimili sínu, Heiðarbrún 67, hinn 10. júlí. Útför hans fer fram frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 19. júlí kl. 14.00.

**Auður Aðalsteinsdóttir**
**Andrea Margrét Þráinsdóttir** **Guðjón Sigurðsson**
**Aðalsteinn Dagsson** **Selma D. Ásmundsdóttir**
**Ómar Geirsson** **Aksonesuda Sangmee**
**Emma Geirsdóttir** **Kristján V. Grétarsson**
**Andrea Margrét Þorvaldsdóttir**
**afabörn, langafabörn og systkini.**





## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn...**




**...góðar fréttir fyrir umhverfið**





# STUÐ MILLI STRÍÐA Að gera ráð fyrir að fólk sé fífl

**KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR** VELTIR FYRIR SÉR HVORT ALMENNINGUR ÞURFI FORSJÁ FYRIRTÆKJA



Hraðinn drepur. Gefðu þér tíma. Á fleygiferð inn í eilífðina? Leggðu þig í fimmtán mínútur. Fyrirgefðu ég sá þig ekki. Hvað ætli við höfum séð margar „sjokkerandi“ auglýsingar á seinustu árum? Og ekki bara frá Umferðarstofu og tryggingafélögunum heldur frá vínbúðunum og ég veit ekki hverjum. Á undan hverri bíómynd sem sýnd er í kvikmyndahúsum er heil romsa af auglýsingum sem eiga að telja mann af því að láta eins og fífl. Eins og það sé engan veginn sjálfsagt að fólk hafi grundvallarþekkingu og -færni í mannlegum samskiptum. Auðvitað er þörf á því að minna fólk á að keyra varlega en virka þessar auglýsingar? Í fyrsta skipti sem maður sér hverja þeirra, þá slær hún mann aðeins. Í hundruð skipta þar á eftir geispar maður og snýr sér að öðru.

Subbulegri herferð var rekin gegn reykingum um árið, þar sem kransæðar voru kreistar og lungu skoðuð í smásjá. Þegar þessar auglýsingar birtust á skjánum mátti telja upp að þremur áður en mamma mín kveikti sér í. „Til að komast yfir sjokkið, þetta var svo ógeðslegt.“ Þær auglýsingar höfðu sem sagt þveröfug áhrif á hana. Ég veit ekki hvernig það er með ökuþórana. Er það ekki bara eins og með reykingarnar? Það hugsa allir: Þetta kemur ekki fyrir mig. Umbúðalaus áróður væri líklegast ekkert betri: Ef þú ert ekki í belti þá drepstu fíflið þitt. Djöfull ertu með lítið undir þér ef þú þarft að keyra Sæbrautina á 120 km/klst. Ef þú ert með svona mikla sjálfseyðingarhvöt af hverju stútarðu þér þá ekki bara? Ertu fáviti?

Það eiga allir með bílpróf að þekkja lögin. Það eiga allir að vita að brennivín er varasamt. En eins og margir telur Umferðastofa gamla máltækið satt. Það hefur enginn tapað peningum á að vanmeta gáfur almennings. Það versta við það er að þau hafa rétt fyrir sér. Þeim sem látast í bílslysum fækkar ár frá ári.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



**Kl. 19.30**
*Guja Dögg Hauksdóttir, arkitekt og deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, ber saman nokkur þekktustu verk þeirra Alvars Aalto og Studio Granda á fyrirlestri sem haldinn verður í Norræna húsinu í kvöld kl. 19.30. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir sem áhuga hafa á að lesa í húsagerðarlist eins og hún gerist best.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# *Danskur Niflungahringur*

Í gær kom út á vegum Decca safn DVD-diska með Niflungahring Wagners í sviðsetningu Konunglega danska leikhússins. Uppsetningin er frá 2006 og er verk hins kornunga óperustjóra, Kasars Bech Holten. Kassinn kemur út eftir hálfan mánuð í Þýskalandi, sama dag og Iréne Theorin, sem syngur Brynhildi, kemur fram í Bayreuth í hlutverki Ísoldar. Upptakan kostaði 82 milljónir íslenskra króna en Þykir líkleg til að styrkja stöðu óperunnar á óperumarkaði Evrópu. Flytjendur gáfu eftir launin sín og stofnuðu samlag sem tekur við hlut þeirra af útgáfunni. Óperan tekur yfir fjórtán klukkustundir í flutningi. Er þetta eina útgáfan sem Decca hefur á boðstólum af verkinu en fyrir á markaði eru sjö útgáfur, tvær þeirra upprunnar í Bayreuth. Þrjár sýningar voru teknar upp og það án þátttöku Danska ríkisútvarpsins sem hefur lagt af sendingar frá óperusýningum sökum fjárskorts. Mikið ýtarefni er á diskunum, meðal annars langt samtal óperustjórans og Margretar Þórhildar Danadrottningar. Verkið er gefið út undir titlinum Danski Niflungahringurinn. **- pbb**


**TONLIST** Óperuhúsið í Kaupmannahöfn fær mikið rými í nýrri danskri útgáfu af Niflungahringnum eftir Wagner.

**> Ekki missa af …**

… athyglisverði sýningu Anne Katherin Greiner í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Sýningin ber titilinn Leigjendurnir og má á henni sjá ljósmyndir af yfirgefnu húsnæði varnarliðsins í Keflavík. Með myndunum eru ofnar saman hugmyndir um stjórnmál og landafræði, en einnig um missi og brotthvarf. Sýningin stendur til 29. júlí.


**LJÓÐSKÁLD MEÐ DJASSI** Jóhann Hjálmarsson og Christopher Burawa.

# Ljóðastund í Mosfellsbæ

Ljóðastund í tali og tónum fer fram í Listasal Mosfellsbæjar annað kvöld kl. 20. Jóhann Hjálmarsson og Christopher Burawa lesa úr ljóðum sínum og þýðingum og Tríó Carls Möller fléttar inn djasstónum. Tríóið skipa þeir Carl Möller, Guðmundur Steingrímsson og Bjarni Sveinbjörnsson. Tónlistin er eftir Carl Möller og fleiri.

Jóhann Hjálmarsson hefur sent frá sér sautján ljóðabækur, hina fyrstu 1956. Hann var bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2006. Ljóð Jóhanns hafa verið þýdd á um þrjátíu tungumál og hafa birst víða í tímaritum og safnritum og að auki í sérstökum bókum í Svíþjóð, Finnlandi, Bandaríkjunum, á Spáni og í Noregi.

Bandaríska skáldið og þýðandinn Christopher Burawa er fæddur á Íslandi og á íslenska móður. Hann kennir enskar bókmenntir og skapandi skrif við Háskólann í Arizona og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir bækur sínar og þýðingar. Hann hefur þýtt margar bækur eftir Jóhann Hjálmarsson og fyrir eina þeirra, Of the Same Mind, hlaut hann Toad Press International Chapbook Competition-verðlaunin árið 2005.

Aðgangur að ljóðastundinni er ókeypis og öllum opinn. **- vþ**

# Á morgun með Megasi

**Loksins er komið nafn á fyrirhugaðan disk Megasar, Magnúsar Þórs Jónssonar, með safni laga úr ýmsum áttum. Hann er væntanlegur í verslanir í lok næstu viku og kallast safnið Á morgun.**

Á disknum eru sextán sönglög úr ýmsum áttum en hljómsveit Magnúsar, Senuþjófarnir, leikur undir. Hefur Megas aldrei áður unnið í svo langan tíma með einum og sama hópi tónlistarmanna. Hafa þeir félagarnir farið um landið og léku í Eyjum á Goslokahátíð og á Bryggjuhátíðinni á Stokkseyri nú um helgina. Á báðum stöðum hlustaði fjölmenni á tónlistarflutninginn.

Eiður Árnason hjá Senu segir lagasafnið einstaklega vel heppnað þótt lögin séu úr ýmsum áttum. „Þetta er einstaklega skemmtileg plata og flutningur hans á ljóðunum dregur fram nýjar hliðar á ljóðunum sem maður hafði ekki náð áður," segir Eiður.

Safnið er sett saman úr lögum eftir aðra höfunda úr ýmsum áttum. Þarna eru kvæði á borð við Frændi þegar fiðlan þegir eftir Halldór Laxness, en þeir Megas voru skyldir, Fornt ástarljóð enskt, Þórður kakali eftir Hannes Hafstein og svo yngri lagasmíðar eins og Hagavagninn eftir Jónas Jónasson, Litla stúlkan, Brúnaljósin brúnu og Selja litla, sem öll eru dægurlög frá fimmta og sjötta áratugnum. Þá er þar hið kunna kvæði Halldórs samið við lag Jóns Nordal sem var í Silfurtunglinu, Hvert örstutt spor.

Megas hefur löngum haft ljóð eftir önnur skáld á efnisskrá sinni, fleiri en hið stóra safn laga sem hann hefur samið við Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Þetta er önnur plata hans sem er einvörðungu með ljóðum annarra en 1978 gaf hann út barnaplötuna Nú er ég klæddur og kominn á ról. **pbb@frettabladid.is**


**TÓNLIST** Safn laga við ljóð ýmissa skálda er væntanlegt frá hendi Megasar.

# Lög og reglur fyrir hvern?

**BÓKMENNTIR**
**Lífstíð eftir Lizu Marklund**
Anna Ingólfsdóttir þýddi

★★★
Liza bregst ekki sínum.

Út er komin ný bók eftir Lizu Marklund í þýðingu Önnu R. Ingólfsdóttur, Lífstíð. Þetta er sjálfstætt framhald bókarinnar um erfðaskrá Nóbels. Þótt nú sé ár liðið síðan Lífstíð kom út í Svíþjóð trónir hún þó enn efst þar á sölulistum.

Liza Marklund er fædd 1962 og íslenskum lesendum vel kunnug enda var hér eins og annar staðar vel tekið á móti frumraun hennar Sprengimanninum, sem út kom 1998 og þar með var hún komin í röð vinsælustu glæpasagnahöfunda og stofnaði forlagið Piraten ásamt hinum þekkta höfundi og blaðamanni Jan Guillou. Liza Marklund skrifar einnig pistla í Expressen og er eins og aðrir ungir höfundar samtímans mikill bloggari. Lífstíð hefur hlotið misjafna dóma gagnrýnenda en lesendur hossa henni hátt og bækur hennar seljast aldrei meir.

Blaðakonan Annika Bengtzon verður fyrir því að hús hennar brennur til kaldra kola og er því lýst hvernig hennig tekst að bjarga ungum börnum sínum úr brunanum en allt annað fer forgörðum. Annika er þekkt blaðakona og þó svo að hún sé í ótrúlega erfiðum prívatmálum með eiginmann sem heldur framhjá og brunarústir einar að heimili kemur það þó í hennar hlut að skrifa um og rannsaka á vegum blaðs síns morð á einum frægasta lögreglumanni Svíþjóðar þar sem hún nokkrum árum fyrr hafði verið úti að fylgjast með starfi lögreglukvenna og kynntist þá Júlíu, eiginkonu hins myrta, en hún var þá starfandi lögreglukona. Framan af er Júlía þessi sú eina sem grunuð er um morðið.

Bókin hefst á því að máluð er upp lýsing af aðkomu lögreglumanna sem finna hinn látna vægast sagt mjög illa útleikinn og eiginkonuna í sjokki og allt bendir til að hennar byssa hafi verið notuð við morðið. Það er nokkuð mikið sjónarspil í kringum þessar lýsingar og lætur höfundur vitnið Ninu hverfa inn í sínar eigin hugsanir nokkuð meðan atburðum er lýst.

Annika Bengtzon liggur undir grun um að hafa sjálf kveikt í húsi sínu vegna óhamingjunnar í hjónabandinu, en hún er nýbúin að komast að því að maðurinn heldur framhjá og er staðráðinn í að fara frá henni. Þegar hinn frægi lögreglumaður David Lindholm er myrtur samsamar hún sig mjög eiginkonu hans. Hún er ein af fáum sem trúir því frá upphafi að hún sé saklaus. David þessi Lindholm er orðinn eins konar þjóðhetja þar sem hann kemur reglubundið fram í sjónvarpsþáttum og tókst á undarverðan hátt að tala brjálæðing til sem hugðist skjóta fullt af krökkum sem hann hélt í gíslingu í skóla. Eiginkonan Júlía á yfir höfði sér lífstíðarfangelsi, ekki aðeins fyrir morðið á eiginmanninum heldur einnig hinum fjögra ára syni þeirra sem hvarf sporlaust í sambandi við morðið. Það er nú kannski til þess að skemma spennu og ánægju lesenda að afhjúpa hér hver drap manninn og rændi drengnum en alla vega er hægt að lofa mikilli spennu og örum ferðalögum upp og niður hinar ýmsu götur í Stokkhólmi því umhverfislýsingar eru nokkuð skýrar. Það vekur þó furðu að götunöfnin eru ekki alveg eins þau eru í Svíþjóð og eins má velta fyrir sér þetta með beygingar í þýðingum.


**LIZA MARKLUND** Sænskur spennubókahöfundur.

Hér kastar Liza Marklund sér inn í mikinn og heitan pott sem áður hefur verið til umfjöllunar nefnilega hvort löggumórallinn sé alltaf sá að þeir, það er að segja lögreglumennirnir, standi alltaf saman hvað sem á dynur og hindri þannig eðlilegar rannsóknir á málum er varða þeirra starfsmenn? Er spillingin jafnvel á æðri stigum samfélagsins?

Reynsla höfundar sem blaðamaður kemur hér vel til skila. Það sýnir sig svo þegar fram í sækir að hinn þekkti lögreglumaður átti fremur skuggalega fortíð sem Annika svo afhjúpar. Þeir sem eru spennusagnafíklar fá hér svo sannarlega enn eina veisluna. Þó svo að bókin sé ekki kafla skipt er hún engu að síður byggð upp með ákveðinni klippitækni þar sem hugsanir þyrlast inn með breyttu letri milli atburðalýsinga sem gerir það auðveldara að lesa hana í striklotu. Það er fullmikið af endurtekningum af nákvæmlega sömu frásögnum og atburðum, sem er máski aðferð höfundar til að halda lesendanum tjóðruðum við efnið.

Liza Marklund er mjög svo opinber persóna. Það er sama hvað hún gerir og hvert hún fer allt er komið á forsíður blaðanna daginn eftir. Þetta hentaði henni í byrjun en nú er hún orðin leið og þreytt og einkum og sér í lagi hefur hún pirrað sig á því að blaðamenn eru sífellt að snuðra í fjármálum hennar. Nýverið festi hún kaup á gömlu sendiráði og átti það allt að fara fram í mikilli leynd en það eru alltaf til blaðamenn, ekki ósvipaðir henni sjálfri sem heyra og sjá gegnum holt og hæðir. Það er erfitt að vera milljónamæringur, frægur og líka fá að vera í friði, eða hvað?

**Elísabet Brekkan**

> ENN MEÐ GÆJANUM

Misvísandi fregnir berast nú af því hvort leikkonan Megan Fox sé á lausu eður ei. Unnusti hennar, Brian Austin Green, segir þau vera saman en slúðurblöð halda hinu gagnstæða fram. Á sunnudag sást aftur á móti til Megan yfirgefa heimili hans svo það virðist of snemmt að afskrifa sambandið alveg.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Ljóðskáld, kórar og rapparar

Á barnum Q-bar á Ingólfsstræti eru haldin vikulega svokölluð Open mike-kvöld þar sem fólk getur mætt og látið ljós sitt skína á sviðinu. Kvöldin hafa hingað til verið haldin á tveggja vikna fresti en vegna vinsælda verða þau haldin vikulega nú í sumar.

„Mér fannst of lítið um að vera á virkum dögum og fannst tími til kominn að breyta því og fékk þá hugmyndina að Open mike-kvöldunum,“ segir Brad Houldcrost, skipuleggjandi kvöldanna. Brad segir alls konar fólk sækja þessi kvöld og að allt sé leyfilegt. „Hingað kemur til dæmis fólk og les ljóð eða syngur lög eftir sjálft sig, rapparar eru einnig duglegir að mæta. Í síðustu viku kom meira að segja gospelkór og söng,“ segir Brad.

Til þess að vera með segir Brad fólk einungis þurfa að mæta á staðinn og skrá nafn sitt á lista og svo sé það kallað upp á svið þegar tími þess í sviðsljósinu er kominn. „Við vildum hafa þetta einfalt og afslappað og fólk á að hafa gaman af þessu.“ Open mike-kvöldin eru haldin á þriðjudögum og hefjast klukkan 22.00. - sm



**ALLIR GETA LÁTIÐ LJÓS SITT SKÍNA** Brad segir alls konar fólk mæta á Open mike-kvöldin á Q-bar. Hljóðneminn er laus í kvöld.

## Þeytir skífum á bar

Söngkonan Amy Winehouse þeytti skífum eina kvöldstund á skemmtistað í Camden í London. Söngkonan stóð sig víst vel sem plötusnúður og spilaði hvern smellinn á fætur öðrum. Amy hélt þó uppteknum hætti og drakk stíft á meðan hún þeytti skífum og í lok kvöldsins þurfti lífvörður hennar að styðja hana út af skemmtistaðnum á meðan söngkonan reyndi án árangurs að fela sig fyrir ljósmyndurum á bak við tóman bjórkassa.

Amy virðist þó eiga eitthvað erfitt með skapið í sér þessa dagana því nýlega greindi tímaritið The Sun frá því að hún hefði ráðist á ljósmyndara fyrir utan heimili sitt og stuttu seinna réðst hún á lífvörð sinn og sló hann í höfuðið. Það er kannski kominn tími til að Amy íhugi meðferð.



# Pálmi ósáttur við snjóflóðavarnargarð

**Pálmi Gestsson er ósáttur við nýjan snjóflóðavarnargarð í Bolungarvík. Honum sárnar að svæði þar sem hann lék sér sem barn sé eyðilagt.**

„Manni blæðir í froðu við að sjá þetta,“ segir Pálmi Gestsson, leikari og hafnarvörður í Bolungarvík. Nýlega hófst vinna við gerð snjóflóðavarnargarðs í Bolungarvík og segir Pálmi hann vera skelfileg náttúruspjöll. Nokkur hús í Bolungarvík voru jöfnuð við jörðu til að hægt væri að setja upp garðinn. „Ég skil ekki þessa pólitík. Að eyða fúlgum fjár í að breyta fjalli í staðinn fyrir að byggja annars staðar,“ segir Pálmi, sem hefði frekar viljað að fleiri hús á hættusvæði hefðu verið rýmd í staðinn fyrir að byggja garðinn. Enda eigi Bolungarvík töluvert af öruggu byggingarlandi. „Undarlegt að menn vilji frekar halda í mannanna verk en náttúrunnar,“ segir hann.

Pálmi er undrandi á náttúruverndarsinnum. „Hvar eru þeir sem láta hlekkja sig við ýturnar núna? Það er eins og þeir hafi sofnað á verðinum.“ Pálma er umhverfið á þessum slóðum afar kært enda lék hann sér þarna sem barn. „Ég hélt til þarna í svokölluðum bólum í fjallinu. Við fórum í kúrekaleiki, byggðum hús og hlóðum þarna virki. Mér finnst að þarna sé verið að ráðast á sköpunarverkið að þarflausu. Auðvitað á að vernda mannslíf en það hefði verið hægt með öðrum hætti,“ segir hann.



**PÁLMI GESTSSON** Harmar náttúruspjöll í heimabyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**BOLUNGARVÍK** Á myndinni sést hvar byrjað er að vinna að varnargarðinum. MYND/PÁLMI GESTSSON

Elías Jónatansson er bæjarstjóri í Bolungarvík. Hann segir allt benda til þess að snjóflóðavarnargarðurinn sé ódýrari en uppkaup á húsum. Áætlað er að garðurinn kosti um 560 milljónir en Elías segir að uppkaupin á þessum fimm til sex húsum sem þurfti að kaupa upp hafi verið kringum 150 milljónir. „Meginregla stjórnvalda er líka að verja frekar byggð en að færa hana,“ segir hann. „En þetta er auðvitað alltaf málamiðlun.“ Hann segir að þegar garðurinn verði tilbúinn eigi hann að falla sem best inn í umhverfið. soli@frettabladid.is


Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

VERTU MEÐ ALLT Á TÆRU

LA SPORTIVA®

Sandstone

Sandstone skórnir frá LaSportiva® eru lágir fjölnota skór. Þeir unnu „The Gear of The Year“ verðlaunin 2007 hjá Outside Magazine fyrir framúrskarandi skó. Þeir eru úr vatnsfráhrindandi leðri og tungan andar vel. Skórnir eru með Vibram® veltisóla sem veitir gott grip og minnkar álag. Grjótvörn á tá.



VATNSHELT

66° NORÐUR

# *Mugison bíður enn*

Mugison hefur ekki enn samið tónlist við myndina On the Road, sem gerð er eftir bók Jacks Kerouac í leikstjórn Walters Salles. Tæp tvö ár eru síðan Fréttablaðið sagði frá verkefninu og hafa viðræður staðið yfir síðan þá. Áður hefur Mugison samið tónlist við mynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven. Örn Elías Guðmundsson segir ástæðuna þá að Salles sé ekki enn búinn að klippa myndina.

„Við erum alltaf að fara að gera þetta eftir tvo mánuði. Hann er alltaf „alveg að verða búinn að klippa hana“. En ég hlakka til að fá að gera hana. Það er búið að standa til svo lengi. En ég veit ekkert hvenær ég fer í hana, það fer bara eftir honum.“ Mugison er nú á tónleikaferðalagi um Evrópu og eru þeir félagar í Bretlandi. Hann er því sjálfur „on the road“. **- kbs**



**MUGISON** Bíður enn eftir Salles.

# Hjónabandinu lokið

Jo Wood, eiginkona Ronnies Wood, á að hafa tilkynnt rokkaranum að hjónabandi þeirra til tuttugu og þriggja ára sé nú lokið. Ronnie, sem stakk af til Írlands ásamt ungri rússneskri stúlku, hefur sökkt sér í mikla drykkju og segja nágrannar hans á Írlandi að það sé ekki sjón að sjá hann. Hjónaband Ronnies og Jo hefur hingað til þótt eitt það traustasta í rokkbransanum, en saman eiga þau hjónin tvö börn. Vinur Jo sagði að hún hefði í fyrstu ekki trúað sögusögnunum um Ronnie og hina ungu Ekaterinu. „Jo hefur átt erfiða daga upp á síðkastið. Hún trúði því að Ronnie og Ekaterina væru aðeins drykkjufélagar og að stúlkan væri aðeins á höttunum eftir frægð og ókeypis drykkjum.“ Ronnie hefur lofað vinum og vandamönnum því að hann muni skrá sig í meðferð þegar hann snýr aftur heim til Englands.

Vinir Ekaterinu segja að stúlkan sé mjög hrifin af rokkaranum gamla og að hún trúi því að þau eigi í ástarsambandi sem muni endast. Móðir stúlkunnar segir þó að ekkert sé á milli dóttur sinnar og Ronnies heldur sé Ekaterina aðeins að sitja fyrir hjá Ronnie, sem máli mikið í frístundum sínum. „Hún er bara að sitja fyrir hjá honum, ekkert meira en það. Og hún er ekki átján ára heldur tvítug.“



**EKATERINA** Hin unga ástkona Ronnies Wood hefur reynt fyrir sér sem fyrirsæta áður.

# Dóttir Jóns Gnarr sló í gegn

**Bakraddasöngkonan Magga Edda stóð sig vonum framar á fyrstu tónleikunum með Merzedes Club. Hún fer með sveitinni til Portúgals um næstu helgi.**

„Hún stóð sig vonum framar og að sjálfsögðu var ákveðið að hún kæmi með til Portúgals,“ segir Valgeir Magnússon, umboðsmaður Merzedes Club. Margrét Edda Jónsdóttir, dóttir Jóns Gnarr, fékk eldskírn sína með hljómsveitinni um liðna helgi og stóð sig með stakri prýði. Hún kom fram á þremur tónleikum með hljómsveitinni og sannaði svo ekki varð um villst að hún væri hæf til að fara með sveitinni sem bakraddasöngkona til Portúgals.

Merzedes Club lék á þremur tónleikum á innan við einum sólarhring fyrir norðan. Fyrst var leikið í Sjallanum á Akureyri aðfaranótt laugardags, svo á planinu við félagsheimilið á Blönduósi á laugardeginum og um kvöldið í Íþróttahúsinu á Blönduósi með Sálinni.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hélt hljómsveitin opnar prufur til að leita að bakraddasöngkonu fyrir væntanlega Portúgalsför. Magga Edda, eins og dóttir Jóns er jafnan kölluð, þótti skara fram úr og fékk tækifæri til að sanna sig um helgina. Hún stóðst prófið með glans, eins og sannaðist þegar langar raðir mynduðust eftir að fá eiginhandaráritun eftir tónleikana á Blönduósi.

Merzedes Club kemur fram á Club Kiss í Portúgal um næstu helgi. Enn eru laus sæti vilji fólk slást með í hópinn. Nánari upplýsingar má finna á Flass.is.



**KLÁR Í SLAGINN** Liðsmenn Merzedes Club tilbúnir fyrir tónleika á Blönduósi. Frá vinstri eru Partí-Hans, Gillzenegger, Rebekka, Magga Edda, Gazman og Ceres 4.



**VINSÆL** Magga Edda gefur ungum aðdáendum á Blönduósi eiginhandaráritanir.

# Vill ættleiða fatlað barn frá Búlgaríu

Glamúrgellan fyrrverandi, Katie Price, hefur ákveðið að ættleiða barn eftir að hún sá heimildarmynd um fötluð börn í Búlgaríu. Heimildarmyndin fjallar um munaðarlaus fötluð börn í Búlgaríu sem búa við mjög bág kjör allt sitt líf og eiga litla von um að eignast gott heimili.

„Ég grét yfir myndinni. Börn sem fæðast með einhvers konar fötlun eignast aldrei almennilegt heimili því enginn vill þau. Ég og Pete (Peter André) höfum rætt við lögfræðing um ættleiðingu en ættleiðingarferlið getur tekið allt í átján mánuði,“ segir Katie, sem oftast er kölluð Jordan. Elsti sonur Katie, Harvey, sem hún átti með fótboltastjörnunni Dwight Yorke, er einhverfur og nánast blindur.



**GÓÐHJÖRTUÐ** Katie og eiginmaður hennar Peter vilja ættleiða barn.




Fiskur í matinn...
beint í ofninn, á grillið eða pönnuna
spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.
www.galleryfiskur.is
Fiskverslun
Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882
Gallerý fiskur
Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað

EXPED
Orion tjald
Góða nótt

Létt 2ja manna tjald sem er auðvelt að tjalda
66° NORÐUR

66°NORÐUR
Dún svefnpoki
Hlýr og þægilegur

Pakkast vel saman og tekur lítið pláss
66° NORÐUR

EXPED
Dún dýna
Dún fylling
Mikið úrval af vönduðum Exped dýnum

Pokinn nýtist sem pumpa
66° NORÐUR

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | |
| MEET DAVE | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| HANCOCK D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45 - 5.50 | |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET DAVE | kl. 6.10 - 8.30 - 10.40 | 7 |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| HAPPENING | kl. 10.20 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10.20 | 14 |
| ZOHAN | kl. 5.40 - 8 | 10 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8.30 - 11 | |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HANCOCK | kl. 8 - 10 | 12 |
| BIG STAN | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 - MASTERCARD FORSÝNING | kl. 8 | 12 |
| MAMMA MIA - DIGITAL | kl. 4, 5.50, 8 og 10.10 | L |
| HANCOCK | kl. 6:10, 8 og 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA - ÍSI.TAL | kl. 4 | L |
| WANTED | kl. 10 | 16 |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 5 | 7 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANDCOCK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| WANTED | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 | 12 |
| THE BANK JOB | kl. 10:20 | 16 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MEET DAVE | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| WANTED | kl. 8D - 10:20D DIGITAL | 16 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6D DIGITAL | L |
| NARNIA 2 | kl. 6 - 9 | 7 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 8 - 10:20 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 8 | L |
| HANCOCK | kl. 10:10 | 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| NARNIA 2 | kl. 5:40 | 7 |
| WANTED | kl. 8 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 8 - 10:20 | L |
| MEET DAVE | kl. 8 | 7 |
| HANCOCK | kl. 10 | 12 |


# Neðanjarðarrapp á Organ

Triangle Productions munstanda fyrir tónleikum á Organ í kvöld. Tónlistarmaðurinn Josh Martinez mun koma fram en hann er einn virtasti neðanjarðarrappari heimsins í dag og fékk plata hans Buck up Princess verðlaun fyrir bestu hiphop-plötu ársins í föðurlandi hans Kanada árið 2004.

Írski plötusnúðurinn DJ Flip mun einnig þeyta skífum fyrir tónleikagesti. DJ Flip er fyrrverandi heimsmeistari í skífuþeytingum og er hér á landi að spila í þriðja sinn. Íslensku tónlistarmennirnir Introbeats, Arkir og Mælginn koma einnig fram í kvöld ásamt Josh Martinez og DJ Flip.

Triangle Productions er plötufyrirtæki í eigu listamannanna Rain og Beatmakin Troopa og hefur fyrirtækið staðið fyrir ýmsum tónleikum síðastliðið ár. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 21.00.

- sm



**SPILAR Á ORGAN Í KVÖLD** Rapparinn Josh Martinez er einn fremsti neðanjarðarrapparinn í dag.

# Hljóðbækur sem lifna við

**Jón Gunnar Þórðarson leikstjóri stendur í fyrirtækjarekstri í kringum hljóðbækurnar Íslenskar þjóðsögur, sem nýlega litu dagsins ljós. Fyrirtækið heitir Heyr heyr og sér um hljóðsetningar.**

„Okkur fannst þetta vanta. Það er félag sem einbeitir sér algjörlega að hljóðmynd. Það eru til hljóðbækur sem eru í sjálfu sér góðar en þar er helst beinn upplestur. Svo eru til geisladiskar með tónlist. Við vildum láta þetta haldast í hendur og búa til bíómynd á geisladiskaformi, nánast,“ segir Jón Gunnar Þórðarson um fyrirtækið Heyr heyr.

Jón Gunnar hefur aldrei rekið fyrirtæki áður. „Það er nú með leikstjórn að það er hálfgert fyrirtæki. Maður er kominn með reynslu af því að basla í leikhúsi þar sem maður þarf að búa til vinnuna sjálfur. Ég þurfti að gera það með Silfurtunglið og lærði af því. Annars er það nýtt fyrir mér að fara í allar þessar tölur og þess háttar en það er bara spennandi.“

Er Jón Gunnar hræddur við bókhaldið? „Nei. Þess vegna erum við með viðskiptafræðing í fyrirtækinu. Núna eru fjórir starfsmenn. Ég er leikstjórinn, Sindri Þórarinsson er hljóðhönnuður og Egill Antonsson er tónlistarmaður. Svo er Andri Franklin Þórarinsson viðskiptafræðingur og bókhaldari. Þetta er allt í öruggum höndum.“

Diskarnir, sem eru tveir, eru byggðir á Þjóðsögum við þjóðveginn eftir Jón R. Hjálmarsson. Jón Gunnar segir verkefnið hafa orðið til í samræðum um hvað væri hægt að gera. „Það er alltaf gaman þegar maður finnur eitthvað og hugsar, er þetta ekki til? – og svo er það ekki til. Þjóðsögur eru eitthvað sem allir eiga og geta tengt við og hljóðsetningin er nýjung.“



**LEIKSTJÓRN HÁLFGERT FYRIRTÆKI** Jón Gunnar Þórðarson ræðst í rekstur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fjöldi leikara kemur að lestri, en aðalsögumaður er Sigursteinn Másson, sem fólk þekkir úr Sönnum íslenskum sakamálum. Jón Gunnar segir fleiri verkefni í vinnslu hjá Heyr heyr, fyrir börn sem fullorðna. Þeirra að auki eru nokkur fram undan hjá Jóni sjálfum. Leikfélag hans, Silfurtunglið, sýnir Fool for Love á Akureyri, þar sem hann leikstýrir einnig nýju leikriti eftir Bjarna Jónsson.

„Svo eru einhver fleiri plön með Silfurtunglið en það er enn á skemmtilegu stigi. Það verða einhverjir af sömu leikurunum, bara eftir því hvaða verk verður valið. Svo er áframhaldandi samstarf við KK og eitthvað fleira í bígerð.“

kolbruns@frettabladid.is

# Hera ferðast um landið í sumar

„Ég dvel á landinu í tvo mánuði og verð á ferðinni nánast allan tímann,“ segir söngkonan Hera Hjartardóttir sem mun hefja tónleikaferðalag sitt um landið í Oddakirkju í Þykkvabæ næstkomandi fimmtudag. „Ég er líka í smá kynningarferð og ætla að vera dugleg að taka myndir og setja inn bloggfærslur um Ísland og allar þessa sjarmerandi litlu kirkjur og félagsheimili sem ég mun spila í og þykir vænt um,“ segir Hera sem lýkur ferðalagi sínu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í lok ágúst, en alls mun hún halda þrettán tónleika víða um landið og kynna nýútkomna plötu sína Live at AL‘s.

„Platan er tileinkuð móðurömmu minni, Báru Björnsdóttur, sem lést fyrir tveimur árum og kenndi mér svo margt, en platan var einmitt tekin upp á afmælis- og útfarardegi hennar í maí,“ útskýrir Hera og segir plötuna vera væntanlega í dreifingu á næstu dögum.

Hera er búsett á Nýja-Sjálandi og nú eru tvö ár liðin síðan hún kom síðast til landsins, en að hennar sögn hefur lítið breyst. „Það eru nokkrir hlutir sem eru mjög líkir með löndunum tveimur, til dæmis hreina vatnið, eldvirknin og góða lambakjötið, en svo eru líka algjörar andstæður. Gott dæmi er að allir svanirnir á Nýja-Sjálandi eru svartir. Svo er auðvitað hávetur þar núna, sem ég slepp við á meðan ég dvel hérlendis,“ segir Hera að lokum.

- ag



**FINNST GAMAN AÐ TAKA MYNDIR** Hera ætlar að nota tónleikaferðalag sitt til að taka myndir og kynna land og þjóð á blogg- og heimasíðu sinni, en hún mun halda þrettán tónleika á Íslandi og kynna nýja plötu sína Live at AL's.

# Leitar að hæfileikaríkum krökkum

„Mér varð hugsað til þess þegar ég fékk að koma fram í Stundinni okkar á sínum tíma og hvað mér fannst það mikil upplifun. Nú langar okkur að gefa krökkum um allt land sama tækifæri,“ segir Björgvin Franz Gíslason, umsjónarmaður Stundarinnar okkar, sem leitar eftir efni frá hæfileikaríkum krökkum sem gætu svo komið fram í þættinum.

„Ég man að ég fékk bæði að koma fram sem galdranorn, gera töfrabrögð og sýna brúður sem ég fékk æði fyrir að búa til þegar ég var um ellefu ára gamall. Nú óskum við eftir að krakkar á öllum aldri sendi okkur upptöku, ljósmynd eða sýnishorn af því sem þau eru að fást við og svo munum við hafa samband við þá sem fá að koma fram í Stundinni okkar,“ útskýrir Björgvin og segist vera sannfærður um að mikið af hæfileikaríkum krökkum leynist um allt land.

„Við viljum ekki bara fá söngvara heldur alla sem eru að fást við eitthvað áhugavert, hvort sem það er dans, teiknimyndasögur, töfrabrögð, leir, legó eða annað,“ segir Björgvin, en áhugasömum er bent á að senda efni sitt á stundinokkar@ruv.is eða í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, merkt Stundin okkar fyrir 30. júlí næstkomandi.

- ag



**STUNDIN OKKAR** Þeir krakkar sem senda inn áhugavert efni fyrir 30. júlí næstkomandi gætu átt kost á að koma fram í Stundinni okkar.

# Faðir Amy veikur

Faðir Amy Winehouse var lagður inn á spítala í síðustu viku eftir að hafa hnigið niður á heimili sínu. Mitch Winehouse hefur verið heilsutæpur upp á síðkastið vegna streitu og hafa áhyggjurnar sem hann hefur af dóttur sinni ekki hjálpað til. Mitch heimsótti fyrir stuttu lækni sem ráðlagði honum að fara í frí og slappa af en í staðinn einbeitti hann sér að því að hjálpa Amy. „Mitch er ekki heilsuhraustur. Hann hefur verið að vinna of mikið og hefur haft miklar áhyggjur af Amy og heilsu hennar, í kjölfar þess hrakaði hans eigin heilsu,“ sagði vinur Mitch við tímaritið Sun. Amy mun hafa brugðið mikið við fréttirnar af veikindum föður síns og á að hafa sagt honum að hætta að hafa áhyggjur af sér og hugsa betur um sjálfan sig.



**AMY WINEHOUSE** Faðir hennar hné niður á heimili sínu í síðustu viku.

# Fékk vatnsmelónubrjóst

**Jay-Z bað um að fá vatnsmelónu mótaða eftir barmi Beyoncé Knowles, eiginkonu sinnar, á hótelherbergið sitt í Nígeríu á dögunum. Samkvæmt heimildum breska dagblaðsins Daily Mirror var stór vatnsmelóna skorin í tvennt og helmingarnir mótaðir eftir brjóstum Beyoncé, en tvö kirsuber voru notuð sem geirvörtur.**

**Rapparinn, sem nýverið hlaut misjafna dóma eftir framkomu sína á Glastonbury-tónlistarhátíðinni, var staddur í Nígeríu vegna Thisday-tónleikanna sem fram fóru síðastliðinn föstudag. Þar steig hann á svið ásamt söngkonunni Rihönnu og saman tóku þau lagið Umbrella sem þau gerðu víðfrægt á síðasta ári.**

**Auk þeirra komu fram söngvararnir Mary J. Blige og Usher og ofurmódelið Naomi Campbell hélt ræðu, en tilgangur Thisday-tónleikanna er að vinna að varanlegri lausn á efnahagslegum og pólítískum vanda Afríku.**



# Langar að hitta Lindsay

Hálfsystir Lindsay Lohan sagði nýlega í sjónvarpsviðtali að hún vildi gjarnan hitta systkini sín en hefði engan áhuga á að hitta föður sinn, Michael Lohan. Móðir hinnar þrettán ára gömlu Ashley Kaufman segist hafa átt í sambandi við Michael árið 1995 þegar hann og Dina, móðir Lindsay, voru skilin að borði og sæng. „Það er undarlegt að vita af því að ég eigi systkini sem hafi ekki hugmynd um að ég sé til,“ sagði hin unga Ashley.




NÚ KOSTAR BARA 850 KALL AÐ AUGLÝSA GARÐDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU




# Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins taka til í garðinum fyrir þig

MARKAÐSTORG HEIMILANNA

Dagana 30. júní – 13. júlí bjóðum við auglýsingar í flokknum Garður fyrir aðeins 850 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á visir.is. Notaðu tækifærið og hringdu í **síma 512 5000**. Þannig geturðu grætt á því að losa þig við hluti sem þú þarft ekki lengur en aðrir gætu notað. Opið alla virka daga frá 08-22 og um helgar frá 10-22.



**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

## > Hörður Axel á leið til Spánar

Landsliðsmaðurinn Hörður Axel Vilhjálmsson er búinn að gera tveggja ára samning við spænska B-deildarfélagið Melilla eftir stutt stopp hjá Keflavík en Hörður Axel kom þangað frá Njarðvík í lok síðasta mánaðar. Þetta staðfesti Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari og þjálfari Keflavíkur, í samtali við Vísi í gærmorgun. Sigurður kvað tíðindin vissulega vera blóðtöku fyrir Keflavíkurliðið en samgladdist Herði Axel aftur á móti þar sem hann fengi nú tækifæri til þess að reyna sig sem atvinnumaður í sterkri deild. Sigurður og Hörður Axel eru nú staddir í Litháen þar sem íslenska landsliðið leikur í kvöld seinni æfingalandsleik sinn við heimamenn.




**sport**
sport@frettabladid.is

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON, READING:** HEFUR BÆTT SIG MIKIÐ Á TVEIMUR OG HÁLFU ÁRI HJÁ ENSKA FÉLAGINU

# *Vonast til að fá tækifæri með aðalliði Reading*

Hinn átján ára Gylfi Þór Sigurðsson hefur hægt og bítandi verið að vinna sig upp hjá enska Íslendingaliðinu Reading en félagið féll sem kunnugt er úr ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð. Gylfi Þór kom til félagsins haustið 2005 og hefur fram að þessu leikið með unglinga- og varaliði félagsins en vonast eftir því að fá tækifærið með aðalliðinu á komandi leiktíð.

„Ég er náttúrlega búinn að læra heilmikið og bæta mig mjög sem leikmaður síðan ég kom til Reading á sínum tíma en maður vill alltaf meira. Ég skrifaði undir nýjan tveggja ára samning við félagið síðasta haust og vonast á þeim tíma til þess að fá tækifæri með aðalliðinu og það er stefnan. Á meðan félagið var í ensku úrvalsdeildinni var erfitt fyrir yngri leikmenn félagsins að fá tækifæri en eftir fallið hefur Steve Coppell, framkvæmdastjóri Reading, sagt að nú sé kjörið tækifæri fyrir yngri leikmenn félagsins að sýna hvað þeir geta og stíga fram,“ sagði Gylfi Þór, sem æfir nú af kappi með aðalliði félagsins fyrir átökin í ensku Championship-deildinni.




„Allur hópurinn er að æfa saman núna og þetta er búið að vera mjög fínt. Æfingaprógrammið byrjaði rólega en núna er það farið að þyngjast smátt og smátt auk þess sem við spilum æfingaleiki nokkuð þétt,“ sagði Gylfi Þór, sem var meðal markaskorara Reading í fyrsta æfingaleiknum gegn utandeildarliðinu Didcot Town í skrautlegum leik sem Reading vann 9-0.

„Ég náði að skora sjöunda markið með ágætu skoti yfir markmanninn eftir sendingu frá Bobby Convey. Það er alltaf gaman að skora mikið af mörkum og gott upp á liðsandann á erfiðu undirbúningstímabili,“ sagði Gylfi Þór en stuttu eftir að hann skoraði markið var honum skipt út af fyrir Simon nokkurn Holloway, aðdáanda Reading, sem hafði unnið sér þátttökurétt í leiknum á uppboði. Holloway fékk áttunda markið skráð á sig eftir að hafa fengið fast skot í sig og inn við mikinn fögnuð aðdáenda Reading. Reading leikur annan æfingaleik í dag, gegn Forest Green.

**Fram 0-2 Keflavík**

Laugardalsv., áhorf.: 824 — Valgeir Valgeirsson (8)

*0-1 Þórarinn Kristjánsson (83.), 0-2 Þórarinn Kristjánsson (89.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 3–11 (1-5) |
| Varin skot | Hannes 2 – Ómar 1 |
| Horn | 4-4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9-13 |
| Rangstöður | 1-3 |

| **FRAM** 4–4–2 | | **KEFLAVÍK** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórs. | 6 | Ómar Jóhannsson | 6 |
| Ingvar Ólason | 4 | Guðjón Á. Antoníus. | 6 |
| Reynir Leósson | 5 | Kenneth Gustafsson | 7 |
| Auðun Helgason | 6 | Hallgrímur Jónasson | 7 |
| Sam Tillen | 6 | Nicolai Jörgensen | 6 |
| Daði Guðmundsson | 5 | (46., Brynjar Guðm. | 6) |
| (80., Jón Orri Ólafs. | -) | Hörður Sveinsson | 6 |
| Paul McShane | 6 | (80., Þórarinn Kristj. | -) |
| Halldór H. Jónsson | 7 | Einar Orri Einarsson | 5 |
| Heiðar G. Júlíusson | 6 | (64., Hans Matthies. | 6) |
| Guðmundur Magn. | 5 | ***Hólmar Ö. Rúnars.** | **8** |
| (62., Jón G. Fjólus. | 4) | Patrik Redo | 7 |
| Hjálmar Þórarinsson | 3 | Guðmundur Steinars. | 6 |
| (46., Ívar Björnsson | 4) | Magnús Þorsteinsson | 7 |

**Maður leiksins*

**STAÐAN**

*Landsbankadeild karla:*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Keflavík** | **11** | **8** | **1** | **2** | **25:15** | **25** |
| 2. FH | 11 | 7 | 1 | 3 | 22:12 | 22 |
| **3. Fjölnir** | **11** | **7** | **0** | **4** | **19:10** | **21** |
| 4. Valur | 11 | 6 | 1 | 4 | 18:14 | 19 |
| **5. KR** | **11** | **6** | **0** | **5** | **19:13** | **18** |
| 6. Breiðablik | 11 | 5 | 3 | 3 | 19:16 | 18 |
| **7. Fram** | **11** | **5** | **0** | **6** | **10:11** | **15** |
| 8. Grindavík | 11 | 4 | 2 | 5 | 15:19 | 14 |
| **9. Þróttur** | **11** | **3** | **4** | **4** | **15:20** | **13** |
| 10. Fylkir | 11 | 4 | 0 | 7 | 12:19 | 12 |
| **11. ÍA** | **11** | **1** | **4** | **6** | **8:17** | **7** |
| 12. HK | 11 | 1 | 2 | 8 | 12:28 | 5 |

# Bjargvætturinn stóð undir nafni

**Varamaðurinn Þórarinn Brynjar Kristjánsson sá til þess að Keflvíkingar kæmust í góða stöðu á toppi Landsbankadeildar þegar hann skoraði bæði mörkin í 0-2 sigri gegn Fram á Laugardalsvelli í gærkvöld.**

**FÓTBOLTI** Þórarinn Brynjar Kristjánsson þreytist seint á því að koma Keflavíkurliðinu til bjargar. Hann kom inn á sem varamaður gegn Fram í Laugardalnum í gær og skoraði bæði mörk liðsins í 2-0 sigri. Keflavík komst þar með upp í efsta sæti deildarinnar. Framarar eru á niðurleið og töpuðu þriðja leik sínum í röð. Leikurinn var ekki mikil skemmtun fyrir utan í lokin.

„Okkur tókst ekki vel upp í fyrri hálfleiknum en það voru skýrari línur í seinni hálfleiknum. Við tókum smá glímu í klefanum í hálfleik. Við skerptum á því sem við ætluðum að gera og ræddum um ákveðna grýlu sem hefur verið að ulla á okkur og við viljum jarða,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, dularfullur eftir leik en hann vildi ekki ræða þessa grýlu nánar.

„Við erum komnir á toppinn og höldum núna áfram að vinna eftir okkar markmiðum. Seinni umferðin er öll eftir,“ sagði Kristján.

Fyrri hálfleikurinn var virkilega bragðdaufur. Keflvíkingar voru mun meira með boltann en varnarleikur Fram var virkilega traustur og gestunum gekk brösuglega að skapa sér opin færi. Það skall þó hurð nærri hælum snemma leiks þegar boltinn fór tvívegis í tréverkið á marki Fram. Strax á eftir fékk Paul McShane dauðafæri en skot hans fór framhjá.

Hólmar Örn Rúnarsson átti magnað skot úr aukaspyrnu sem




**BARÁTTA** Keflvíkingurinn Magnús Þorsteinsson er hér í baráttunni við Framarann Halldór H. Jónsson á Laugardalsvelli í gærkvöld. Það var hins vegar varamaðurinn Þórarinn „bjargvættur“ Kristjánsson sem stal senunni og skoraði bæði mörk Keflvíkinga í 0-2 sigri Suðurnesjaliðsins, sem er komið á toppinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hannes Þór Halldórsson varði með miklum tilþrifum í hornspyrnu. Annars var fátt sem gladdi augað. Seinni hálfleikur hélt síðan áfram á sömu nótum og Frömurum gekk illa að skapa sér færi.

Keflvíkingar voru alltaf líklegri, Magnús Þorsteinsson fékk dauðafæri en skotið sleikti stöngina og fór framhjá. Stuttu áður var Auðun Helgason næstum búinn að skora sjálfsmark.

Á 81. mínútu kom síðan Þórarinn af bekknum og var bara búinn að vera á vellinum í um tvær mínútur þegar hann skoraði glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu. Undir blálokin innsiglaði hann síðan sigur Keflavíkur eftir góða sendingu frá Patrik Redo.

„Þetta hefur verið ansi erfitt hjá okkur í síðustu leikjum,“ sagði Reynir Leósson, fyrirliði Fram. „Við erum ekki að skapa nægilega mikið af færum til að eiga eitthvað skilið. Við verjumst ágætlega en erum ekki að ógna. Þetta minnti mig á FH-leikinn, þá héldum við lengi út en svo kom Arnar (Gunnlaugsson) og skoraði svipað mark og Þórarinn núna. Þetta var bara ótrúlega vel gert hjá honum.“ sagði Reynir.

Það vantar bit í sóknarleik Fram en félagaskiptaglugginn er nú opinn og spurning hvort brugðist verður við í Safamýri. „Ég ætla ekki að tjá mig um það. Ég veit ekkert hvernig staðan er varðandi það en við sem erum í þessum hópi eigum að geta gert betur. Við verðum allir að vinna að því saman,“ sagði Reynir.

Það má síðan hrósa Valgeiri Valgeirssyni dómara leiksins en hann stóð sig virkilega vel með flautuna og hélt öllum spjöldum í vasanum. Þetta var fyrsti leikurinn í Landsbankadeildinni sem hann flautar á en áður hafði hann fengið að koma inn sem varamaður þegar Magnús Þórisson meiddist í leik Fram og Breiðabliks.

**- egm**




Grindavík þarf enn að bíða eftir fyrsta heimasigrinum eftir 2-2 jafntefli í gær:

# Umdeild vítaspyrna í blálokin

**FÓTBOLTI** Grindavík og Þróttur skildu jöfn, 2-2, í Grindavík í dramatískum leik í Landsbankadeildinni í gærkvöld.

Lítið var um dýrðir í fyrri hálfleik og gerðist fátt markvert fyrir utan að Tomasz Stolpa náði að kjafta Eyjólf Kristinsson dómara á að gefa sér sitt annað gula spjald átta mínútum fyrir leikhlé.

Seinni hálfleikur var mun fjörugri og virtust Þróttarar ætla að nýta sér liðsmuninn til hlítar þegar Þórður Hreiðarsson kom Þrótti yfir eftir 54 minútna leik.

Grindavík jafnaði aðeins þremur mínútum síðar þegar Zoran Stamenic skallaði hornspyrnu Scott Ramsay í netið. Ramsay var svo sjálfur á ferðinni þrettán mínútum fyrir leikslok þegar hann skoraði frábært mark eftir að hafa farið illa með nánast alla vörn Þróttar.

Þremur mínútum fyrir leikslok jafnaði Hjörtur Hjartarson metin með marki úr vítaspyrnu. Orri Freyr Hjaltalín var dæmdur brotlegur þegar hann og Rafn Andri Haraldsson áttust við í teignum og var Orri Freyr allt annað en ánægður með þann dóm.

„Þetta var ekki víti. Ég er aðeins að pressa á hann og hann hendir sér niður. Svo kemur hann upp með skítaglottið framan í mann á eftir. Það er grautfúlt að fá svona jöfnunarmark á sig upp úr engu,“ sagði Orri Freyr.



Grindvíkingar voru afspyrnuslakir þar til Stolpa var rekinn af leikvelli. „Það voru allt of margir leikmenn í okkar liði sem voru ekki mættir út á völl í byrjun leiks. Svo fáum við spark í rassinn þegar hann er rekinn út af og þá fórum við að gera þetta eins og menn,“ sagði Orri, sár og svekktur yfir að hafa ekki náð að landa fyrsta sigrinum á heimavelli í sumar.

Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, var vægast sagt ósáttur við spilamennsku síns liðs. „Úr því sem komið var var ágætt að jafna þetta en mér fannst við spila leikinn ferlega illa í seinni hálfleik hafandi alla möguleika á að spila þá sundur og saman. Það vantaði yfirvegun á boltann og ákvarðanatakan var skelfileg þegar við vorum komnir á þeirra vallarhelming. Þegar við áttum möguleika á að gefa úrslitasendingu kom mjög slök sending. Við köstuðum dýrmætum stigum frá okkur í dag og gáfum þeim allt of mörg færi með óskynsömum leik. Ég er mjög óánægður með að hafa ekki náð í þrjú stig hér í dag. Ég er þó þakklátur að ná í þetta eina sem við vorum búnir að kasta frá okkur á tímabili,“ sagði Gunnar ómyrkur í máli. **- gmi**

**ÖFLUGUR** Scott Ramsay skoraði seinna mark Grindavíkur í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

| Breiðablik | 2-1 | HK |
|---|---|---|
| Kópavogsv., áhorf.: óuppgef. | | Þóroddur Hjaltalín Jr. (8) |

*1-0 Marel Baldvinsson (11.). 2-0 Nenad Zivanovic (32.). 2-1 Hörður Már Magnússon (75.) Rautt spjald, Hermann Geir Þórsson (18.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 21-5 (12–2) |
| Varin skot | Casper 1 – Gunnleifur 6 |
| Horn | 9-3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17-10 |
| Rangstöður | 5-0 |

| BREIÐAB. 4–4–2 | | HK 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Casper Jacobsen | 6 | Gunnleifur Gunnleifs. | 8 |
| Arnór S. Aðalsteins. | 6 | Damir Muminovic | 2 |
| Srdjan Gasic | 6 | Finnbogi Llorens | 4 |
| Finnur O. Margeirs. | 6 | Hermann G. Þórsson | - |
| Kristinn Jónsson | 7 | Hörður Árnason | 3 |
| Nenad Petrovic | 7 | Ásgrímur Albertsson | 3 |
| ***Guðmundur Krist.** | **8** | Finnur Ólafsson | 2 |
| Arnar Grétarsson | 6 | Rúnar M. Sigurjóns. | 2 |
| Nenad Zivanovic | 7 | (69., Goran Brajkovic | 6) |
| Jóhann Berg Guðm. | 8 | Mitja Brulc | 2 |
| (68., Prince Rajcom. | 6) | Aaron Palomares | 4 |
| Marel Baldvinsson | 6 | (65., Hörður Már | 6) |
| | | Iddi Alkhag | 4 |

*Maður leiksins



**TVEIR KOSTIR** Ronaldinho er á leið til Englands eða Ítalíu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Barist um Ronaldinho:

## Man. City með risatilboð

**FÓTBOLTI** Joan Laporta, forseti Barcelona, segir að Man. City sé líklegast í baráttunni um að hreppa Ronaldinho þessa dagana en City er búið að gera 25,5 milljóna punda tilboð í Brasilíumanninn. AC Milan er einnig á höttunum eftir Ronaldinho.

„Ronaldinho og umboðsmaður hans geta valið úr tveim áhugaverðum tilboðum og þeir hallast meira að tilboðinu frá City eins og staðan er núna," sagði Laporta í samtali við katalónska útvarpið.

Ronaldinho var ekki á meðal leikmanna Barcelona sem hittust í gærmorgun enda var honum tjáð af nýjum þjálfara liðsins í júní að krafta hans væri ekki óskað lengur hjá félaginu. **- hbg**

| Grindavík | 2-2 | Þróttur |
|---|---|---|
| Grindavíkurv., áhorf.: 744 | | Eyjólfur Kristinsson (4) |

*0-1 Þórður Steinar Hreiðarsson (54.), 1-1 Zoran Stamenic (57.), 2-1 Scott Ramsay (77.), 2-2 Hjörtur Hjartarsson (87.). Rautt spj., Tomasz Stolpa (37.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9-16 (2–7) |
| Varin skot | Zankarlo 5 – Bjarki Freyr 0 |
| Horn | 3-10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14-11 |
| Rangstöður | 2-5 |

| GRINDAV. 4–4–2 | | ÞRÓTTUR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Zankarlo Simunic | 6 | Bjarki F. Guðmunds. | 4 |
| Ray A. Jónsson | 3 | Jón R. Jónsson | 5 |
| Zoran Stamenic | 7 | Þórður Hreiðarsson | 6 |
| Marinko Skaricic | 6 | Michael Jackson | 6 |
| Jósef Kr. Jósefsson | 7 | Kristján Ó. Björns. | 5 |
| ***Scott Ramsay** | **8** | Rafn A. Haraldsson | 7 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 5 | Hallur Hallsson | 3 |
| Eysteinn H. Hauksson | 4 | (79., Andrés Vilhjálm. | -) |
| (72., Jóhann Helgas. | -) | Dennis Danry | 6 |
| Alexander V. Þórarins. | 4 | Magnús M. Lúðvíks. | 7 |
| (58., Bogi R. Einars. | 4) | (72., Carlos Bernal | -) |
| Andri S. Birgisson | 5 | Sigmundur Kristjáns. | 6 |
| Tomasz Stolpa | 2 | Hjörtur J. Hjartars. | 6 |

*Maður leiksins

Blikar unnu Kópavogsslaginn en klúðruðu næstum leiknum undir lokin á Kópavogsvelli í gær:

# Blikar hafa ekki sagt sitt síðasta orð

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann sanngjarnan og óþarflega tæpan sigur á HK, 2-1, í uppgjöri Kópavogsliðanna í gær. Sigur Blika var þess utan sögulegur því þetta var í fyrsta skipti í nákvæmlega tvö ár sem Blikum tekst að vinna tvo leiki í röð á Íslandsmótinu.

Blikar eru því á siglingu og til alls líklegir í kjölfarið. Nákvæmlega ekkert annað en fall blasir aftur á móti við HK. Liðið er sem stefnulaust rekald og svo lélegt að sjálfur Sir Alex Ferguson gæti varla bjargað því frá falli.

Fyrsta mark leiksins kom snemma er Marel Baldvinsson stimplaði sig loksins inn í Íslandsmótið með sínu fyrsta marki í sumar. Arnar Grétarsson tók hornspyrnu, Gunnleifur féll á leið í úthlaupið og Marel átti ekki í vandræðum með að skalla í tómt markið.

Skömmu síðar fékk Hermann Geir Þórsson að líta rauða spjaldið fyrir ákaflega klaufalega tilburði. Hann hitti ekki boltann þannig



**RAUTT SPJALD** HK-ingurinn Hermann Geir Þórsson fórnar hér höndum eftir að dómarinn Þóroddur Hjaltalín gefur honum rauða spjaldið með tilþrifum á 18. mínútu Kópavogsslagsins í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁ Í LOFTINU** Markahrókurinn Marel Baldvinsson skoraði í gær sitt fyrsta mark fyrir Breiðablik í Landsbankadeildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að Jóhann Berg slapp inn fyrir, Hermann elti, klippti hann niður og fékk ókeypis ferð í sturtu fyrir tilþrifin. Hárréttur dómur hjá góðum dómara leiksins.

Blikar héldu áfram að sækja og Zivanovic bætti marki við á auðveldan hátt er hann skilaði sendingu Kristins Jónssonar í netið. Á einhvern óskiljanlegan hátt stóð Zivanovic einn á teignum og engu líkara en varnarmenn HK hefðu ákveðið að hlaupa frá honum svo hann ætti auðveldara með að skora.

HK var stanslaust að elta í síðari hálfleik, Blikar sköpuðu fín færi en nýttu ekki enda Gunnleifur frábær á milli stanganna og bjargaði oft glæsilega. Stundarfjórðungi fyrir leikslok minnkaði Hörður Már mjög óvænt muninn með fyrsta skoti á markið hjá HK í leiknum og úr fyrstu sókn liðsins í hálfleiknum. Innkoma Harðar og Goran Brajkovic hleypti talsverðu lífi í lið HK sem var fram að því sem liðið lík. Allt gat gerst undir lokin en HK tókst ekki að ræna stigi, sem hefði verið ákaflega ósanngjarnt.

Það var nákvæmlega ekki heil brú í leik HK í 75 mínútur. Varnarvinnan slök og sóknarleikurinn tilviljanakenndur. Skipulagið nákvæmlega ekkert, bara kýlt fram og vonað það besta. Viljinn og barátta var lengstum til fyrirmyndar en gæðin í leik liðsins eru engin. Það er langt frá því að vera í úrvalsdeildarklassa.

Það var að sama skapi virkilega gaman að fylgjast með Blikaliðinu. Ungu strákarnir hafa gefið liðinu ferskan blæ og það spilar betur með hverjum leik. Guðmundur var frábær á miðjunni, Jóhann síógnandi og vinnandi í fremstu víglínu og Kristinn duglegur að sækja fram. Þrátt fyrir góðan leik vantaði drápseðlið í liðið og menn slökuðu aðeins of mikið á seinni hlutann.

„Þetta var lykilleikur fyrir okkur og við vissum sem var að við yrðum að vinna til að eiga möguleika á að blanda okkur í baráttuna. Það er loksins að koma stöðugleiki hjá okkur, sem er verulega jákvætt," sagði Marel Baldvinsson brosmildur en loksins búinn að skora. „Það er alltaf gaman að skora en lykilatriðið er að liðið vinni leiki," sagði Marel spurður hversu mikill léttir það væri að skora.

Gunnleifur, fyrirliði HK, var súr á svipinn eftir leik en jákvæður. „Baráttan var til fyrirmyndar og við náum að klóra okkur inn í leikinn. Gefumst aldrei upp og ég gef mönnum hrós fyrir það. Þetta er vonandi byrjun á einhverju nýju. Við gefumst ekki upp."

henry@frettabladid.is






**> Hilary Swank**

„Mér finnst það ákaflega pirrandi þegar ég er spurð hvort ég ætli nokkurn tímann að leika sæta stelpu.“ Swank leikur í myndinni „Iron Jawed Angels“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FAGNAR GÓÐRI HUGMYND

## *Hringrás tilvísana er óendanleg*

Sjónvarpið hefur tekið til sýninga á laugardagskvöldum afar sniðugt sjónvarpsefni frá bresku sjónvarpsstöðinni ITV, sem reyndar er vel kunn í heimalandi sínu sem leiðinlegasta stöð sögunnar. Hvað um það, einstaka sinnum ramba jafnvel leiðinlegar sjónvarpsstöðvar á sniðugar hugmyndir og það er einmitt ein, eða öllu heldur tvær, slíkar sem Sjónvarpið dælir inn í setustofur landsmanna á besta tíma.



Hér er átt við þættina Sápugerðin og Bergmálsströnd sem sýndir eru hvor á eftir öðrum. Fyrrnefndi þátturinn er gamanþáttur sem fjallar um framleiðslu erki-breskrar sápuóperu. Síðarnefndi þátturinn er svo sápuóperan sem fyrrnefndi þátturinn snýst um. Sniðugt, ekki satt? Þættirnir eru meiriháttar sjálfsstyrkjandi fyrir glögga áhorfendur sem geta klappað sér á bakið fyrir að taka eftir þeim smáatriðum í seinni þættinum sem höfðu líka komið fyrir í þeim fyrri. Ljóst er að hér er á ferð fullkomið sjónvarpsefni fyrir þá sem neyta afurða afþreyingarmenningar fyrst og fremst til þess að koma auga á tilvísanir í aðrar afþreyingarafurðir. Að koma auga á tilvísanir er íþrótt sem hefur mjög vaxið fiskur um hrygg á síðustu tveimur áratugum eða svo, allt frá því að kaldhæðið menningarefni öðlaðist almennar vinsældir snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Nú er svo komið að meira og minna allt afþreyingarefni verður að innihalda gamansamar tilvísanir í aðra kima poppmenningar til þess að teljast söluvænlegt og því eru slíkar vísanir orðnar óumflýjanlegur hluti menningarlandslagsins hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Því er því víst best að halla sér bara aftur og njóta þessarar vægu heilaleikfimi.

En þættirnir um sápugerðina og ströndina skjóta þó flestum öðrum ref fyrir rass í tilvísanakeppninni, enda ekki til annars gerðir. Jú, reyndar hafa þeir einn tilgang til: þeir hafa vippað Ástralanum Jason Donovan aftur í sviðsljósið. Hann er nú miðaldra!

## EKKI MISSA AF



▶ **18.35 The War at Home** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Landsbankadeildin - Umferðir 1-11** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Kid Nation** SKJÁREINN



▶ **20.50 Las Vegas** STÖÐ 2



▶ **21.25 Á faraldsfæti - Kenýa** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (14:26)

**18.00 Geirharður bojng bojng** (26:26)

**18.25 Fiskur á disk í Argentínu**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Everwood** (4:22)

**20.45 Kárahnjúkar** Sjöunda heimildarmyndin af níu sem gerðar verða á fjórum árum um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

**21.15 Svipmyndir af myndlistarmönnum** Svipmyndir af myndlistarmönnum sem taka þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008. Sýningin verður sett upp í átta borgum í sjö löndum, þar á meðal á Íslandi.

▶**21.25 Á faraldsfæti - Kenýa** (Vildmark – Upptäckeren) Sænsk þáttaröð þar sem sjónvarpsmaðurinn Bobbo Nordenskjöld fer á staði utan alfaraleiðar og kynnir sér framandi menningu. Í þættinum í kvöld heimsækir Bobbo fiskimenn og bátasmiði á Kizingtini-eyjum undan norðurströnd Kenýa.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Raðmorðinginn 3** (1:2) Spennumynd í tveimur hlutum sem fjallar um rannsóknarlögreglumanninn Red Metcalfe og starfslið hans sem eru að reyna að klófesta kaldrifjaðan fjöldamorðingja.

**23.55 Kastljós** (e)

**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 La vie aprés l'amour**

**10.00 In Good Company**

**12.00 My Baby's Daddy**

**14.00 La vie aprés l'amour**

**16.00 In Good Company**

**18.00 My Baby's Daddy**

**20.00 Iron Jawed Angels** Átakanleg verðlaunamynd um hóp róttækra kvenna sem börðust fyrir rétti kvenna til að kjósa. Aðahlutverk: Hilary Swank, Anjelicu Huston og Frances O'Connor.

**22.00 Munich**

**00.40 Bodywork**

**04.00 Munich**

**06.40 Pieces of April**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Camp Lazlo og Tommi og Jenni.

**08.10 Oprah**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Missing** (6:19)

**11.10 Tim Gunn's Guide to Style** (8:8)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.55 The Station Agent**

**14.25 Derren Brown - Hugarbrellur**

**14.50 Friends** (12:24)

**15.25 Sjáðu**

**15.55 Ginger segir frá**

**16.18 Kringlukast**

**16.43 Shin Chan**

**17.03 Justice League Unlimited**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.49 Íþróttir**

**18.56 Ísland í dag**

**19.04 Veður**

**19.15 The Simpsons** (18:22)

**19.40 Friends**

**20.05 The Moment of Truth** (6:25)

▶**20.50 Las Vegas** (2:19) Við fylgjumst með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

**21.35 Traveler** (7:8) Tveir félagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera eltir af lögreglunni og hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.

**22.20 Silent Witness** (3:10) Ellefta þáttaröð sakamálaþáttar þar sem við fylgjumst með störfum dr. Sam Ryan réttarmeinafræðings sem aðstoðar lögregluna við rannsókn á flóknum morðmálum.

**23.10 60 minutes**

**23.55 Medium** (14:16)

**00.40 Big Love** (11:12)

**01.35 ReGenesis** (5:13)

**02.20 The Butterfly Effect**

**04.10 The Station Agent**

**05.35 The Simpsons** (18:22)

**05.55 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008** Breiðablik - HK

**17.10 Landsbankadeildin 2008** Breiðablik - HK

**19.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

▶**20.00 Landsbankadeildin 2008** Umferðir 1-11 gerðar upp í Landsbankadeild karla. Íþróttafréttamann Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.

**21.00 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Þáttur þar sem Logi Bergmann Eiðsson fer umhverfis Ísland á 80 höggum.

**21.45 The Science of Golf** Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kylfingar að gera rangt í sveiflunni? Svarið við því er að finna í þessum þætti.

**22.10 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**23.05 Landsbankadeildin 2008** Umferðir 1-11 gerðar upp í Landsbankadeild karla. Íþróttafréttamann Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.

**00.05 Ultimate Blackjack Tour** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem allir slyngustu spilarar heims mæta til leiks.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**18.20 Premier League World 2008/09** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst.

**18.50 PL Classic Matches** West Ham - Bradford, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.20 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

**20.05 Bestu bikarmörkin** Bikarveisla að hætti Leeds United en félagið hefur fjórum sinnum leikið til úrslita og einu sinni sigrað í keppninni (FA Cup).

**21.00 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson** Áttundi þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**21.50 Football Rivalries** Rígur helstu stórvelda Evrópu skoðaður og að þessu sinni verður rígur Milan og Inter og Lzio og Roma krufinn til mergjar.

**22.45 Premier League World 2008/09** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst.

**23.15 Bestu leikirnir** Arsenal - Derby

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**15.35 Vörutorg**

**16.35 Everybody Hates Chris** (e)

**17.00 Rachael Ray**

**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

▶**20.10 Kid Nation - Lokaþáttur** Það er komið að lokaþættinum. Nú fá landnemarnir ungu í Bonanza tækifæri til að sanna að þeir hafi byggt upp samfélag sem virkar. Síðustu dagana virðist sem allt sé að fara úr skorðum en ólíkleg hetja rís upp og bjargar málunum. Áður en krakkarnir halda heim fá þau hjartnæman glaðning.

**21.00 Age of Love - Lokaþáttur** Það er komið að stóru stundinni og tennisstjarnan Mark Philippoussis gerir endanlega upp hug sinn. Hann fer með stúlkurnar þrjár sem eftir eru til heimkynna sinna í Ástralíu og kynnir þær fyrir fjölskyldu sinni.

**21.50 The Real Housewives of Orange County** (7:10) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Colton og Kara undirbúa sig fyrir nýtt skólaár með því að kaupa ný föt á meðan Jeane ræður hundaþjálfara fyrir hvuttana sína. Jo tilkynnir Slade að hún ætli að flytja til L.A. og Tammy er orðin leið á því að vera ein á báti og skellir sér á stefnumót.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 The Evidence** (e)

**00.20 Dynasty** (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### The Moment of Truth

Einn alvinsælasti sjónvarpsþátturinn vestanhafs. Þátttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum rétt til þess að vinna 500 þúsund dali en það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er tengdur við lygamæli.




## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson**

**Stöð 2 sport 2 kl. 21.00**



Ásgeir Sigurvinsson var af mörgum talinn einn besti knattspyrnumaður Evrópu á sínum tíma og gerði garðinn frægan í Þýskalandi og Belgíu þar sem hann lék með liðum eins og Stuttgart, Bayern München og Standard Liege. Franz Beckenbauer sagði eitt sinn að ef Ásgeir væri þýskur ríkisborgari væri hann hiklaust leikmaður í þýska landsliðinu. Í þætti kvöldsins verður ferill Ásgeirs skoðaður í máli og myndum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dalakofinn
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Tónlistargrúsk
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Tónlist úr þularstofu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarást
**21.10** Listin og landafræðin
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Pan
**22.45** Dragspilið dunar
**23.30** Saga til næsta bæjar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld 2** (1:13)
**17.30 Ally McBeal** (4:23)
**18.15 The Class** (15:19)
▶**18.35 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld 2** (1:13) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**20.30 Ally McBeal** (4:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Hér segir frá lögfræðingnum Ally McBeal og samstarfsfólki hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21.15 The Class** (15:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
**21.35 The War at Home**
**22.00 So you Think You Can Dance** (4:23)
**23.25 Missing** (10:19)
**00.10 It's Always Sunny In Philadelphia** (3:10)
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Nútímafólk** Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands.
**21.00 Mér finnst...** Umsjón Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Páll Óskar Hjálmtýsson, Katrín Júlíusdóttir og Elísabet Jökulsdóttir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** Saras køkken **11.30** Hammerslag i Hasseris **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Lille Nørd **16.00** Hjerterum **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Virusudbrud **21.00** Mistænkt 3 **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**9.55** Country jukeboks **10.55** Du skal høre mye jukeboks **12.00** Vitenskap jukeboks **13.00** Norsk på norsk jukeboks **14.00** Norske filmminner: For Tors skyld **15.20** Sydvendt **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.15** Eddy og bjørnen **16.25** Wassi, gutten fra Etiopia **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Jordmødrene **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.35** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Herfra til evigheten **23.05** Clement intervjuer **23.35** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Landgång **11.05** Så länge skutan kan gå **14.20** Grattis Victoria **16.00** Rapport **16.05** Gomorron Sverige **17.00** Anslagstavlan **17.05** På luffen i Norden **17.30** Bergen - Kirkenes t/r **18.00** Bolibompa **18.10** Evas sommarplåster **18.20** Byggare Bob **18.30** Hej hej sommar **18.31** Philofix **18.50** Det femte väderstrecket **19.00** Unge greve Dracula **20.00** Allsång på Skansen **21.00** Morden i Midsomer **22.35** Hollywoodredaktionen **23.00** Rapport **23.10** Berlinerpopplarna **00.00** Kringkastingsorkestret möter Come Shine **01.05** Sändningar från SVT24





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Humarinn á veitingahúsinu Við Tjörnina er rosalega góður, annars er það bara kjörbúðin svona dags daglega.“*

Daníel Ágúst Haraldsson tónlistarmaður.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** örverpi, 6. eftir hádegi, 8. örn, 9. skora, 11. samanburðartenging, 12. helgitákn, 14. beikon, 16. ætíð, 17. mánuður, 18. utan, 20. átt, 21. hávaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** starf, 3. guð, 4. fjölmiðlar, 5. málmur, 7. örmjór, 10. eldsneyti, 13. er, 15. ávöxtur, 16. arr, 19. ung.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. urpt, 6. eh, 8. ari, 9. rák, 11. en, 12. kross, 14. flesk, 16. sí, 17. maí, 18. inn, 20. nv, 21. gnýr.
**LÓÐRÉTT:** 1. verk, 3. ra, 4. pressan, 5. tin, 7. hárfínn, 10. kol, 13. sem, 15. kíví, 16. sig, 19. ný.

## VEISTU SVARIÐ

1. 194 milljarðar.
2. Bandalag Miðjarðarhafsríkja.
3. Í Frakklandi.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Byrjaði að skora þegar ég kynntist kærustunni

„Það bara fer ágætlega saman,“ segir Elías Ingi Árnason útvarps- og knattspyrnumaður. Elías starfar á FM957 um helgar en spilar fótbolta með ÍR í 2. deild. Elías er næstmarkahæstur í deildinni með níu mörk í tíu leikjum. „Þeir eru skilningsríkir hvor um sig, yfirmaðurinn og þjálfarinn,“ segir Elías, sem kallaður er Elli. Hann sprakk fyrst út sem leikmaður síðastliðið sumar undir stjórn Ásgeirs heitins Elíassonar og skoraði ellefu mörk og lagði upp önnur ellefu. Í haust voru fjölmörg lið í Landsbankadeildinni og 1. deild á eftir Ella en hann vildi sanna sig betur áður en hann tæki næsta skref. „Ég vildi sanna mig fyrir sjálfum mér einna helst,“ segir Elli.

Elli kann þó skýringar á því hvers vegna honum fór að ganga svo vel í fyrrasumar. „Ég byrjaði að föstu og þá fór mér að ganga svona vel. Ég sé eftir því að hafa ekki fundið þessa stelpu þegar ég var átján ára,“ segir Elli en hann og kærasta hans, Thelma Ýr Tómasdóttir, eiga von á barni í byrjun janúar.

Skemmtana- og glamúrlíf útvarpsmannsins er eitthvað sem Elli stundar lítið. Það er liðin sú tíð er hann starfaði á Kissfm og gekk undir nafninu Partí-Elli. Hann segir raunar að starfsmenn FM957 séu miklir reglumenn upp til hópa. Á daginn starfar Elli hjá fyrirtækinu Nordic Sea við að keyra út vörur. „Það er alveg frábær vinna með fótboltanum. Ég vinn frá sjö til þrjú svo ég get hvílt mig vel fram að æfingu,“ segir markaskorarinn og útvarpsmaðurinn Elías Ingi Árnason. - shs



**MARKASKORARI** Elías Ingi skorar grimmt með ÍR og starfar einnig sem útvarpsmaður á FM957.



**FANTURINN HVÍLIR BASSANN** Þröstur Jónsson, fyrrum basaleikari í Mínus, sækir nú sjó fyrir austan. Hann fagnar þrítugsafmæli sínu síðar í mánuðinum en segist ekki munu halda upp á afmælið með látum. Hann drekki enda ekki nema einstaka rauðvínsglas með góðum mat.

## ÞRÖSTUR JÓNSSON: FÍNT AÐ VERA Á SJÓNUM Í KREPPUNNI

# Bassafanturinn í heyskap

Þröstur Jónsson, fyrrum bassaleikari hljómsveitarinnar Mínuss, er sem kunnugt er kominn á sjó og stundar nú sjómennskuna af lífi og sál á togaranum Barða NK 120. Þessa dagana er hann þó í fríi og er kominn norður á land í heyskap. Þröstur ber sjómennskunni vel söguna en þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann fer á sjó. „Það er eðall að vera á sjó og ég var alltaf á sjónum þegar ég var yngri. Svo eru þetta allt snillingar og þungarokkarar sem eru á togaranum með mér.“

Þröstur segist þó ekki vera alfarið hættur í tónlistinni og segist oft grípa til gítarsins á sjónum. „Ég er bara í pásu frá tónlistinni, á meðan er maður loks farinn að taka alvöru túra.“ Þröstur segist ætla að vera áfram á sjónum í einhvern tíma og segist vera best geymdur þar. „Það er best að vera á sjónum einmitt núna þegar krónan er í rugli því maður fær svo mikið fyrir aflann. Þannig að ég held mig við sjómennskuna í bili.“

Togarinn Barði NK 120 er gerður út frá Neskaupstað þar sem þungarokkshátíðin Eistnaflug var haldin um helgina. Þröstur segist hafa verið á hátíðinni fyrri daginn ásamt hinum skipverjum Barða og segir hátíðina hafa verið magnaða. „Þetta var magnað, ég mæli með því að allir mæti næsta ár. Allavega allir alvöru þungarokkarar.“

Von er á Þresti í bæinn bráðlega en að eigin sögn er hann orðinn helmassaður og tannaður af útiverunni og sjómennskunni. Þegar hann er spurður hvort hann hafi áhuga á að ganga til liðs við hina helmössuðu og tönnuðu meðlimi Merzedes Club að sjómennskunni lokinni segist hann ekki hafa áhuga á því þrátt fyrir að vera mikill aðdáandi hljómsveitarinnar. Annars ber það hæst í þessum mánuði hjá Þresti að hann mun halda upp á þrítugsafmæli sitt í lok mánaðarins og stefnir á að fagna því í Kaupmannahöfn með vini sínum, útvarpsmanninum Andra Frey Viðarssyni. Eiga þá Danir von á illu í lok júlí? „Nei, ég er mjög stilltur og drekk ekki nema einstaka rauðvínsglas með góðum mat,“ segir Bassafanturinn að lokum. sara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Skessuhorn greindi í síðustu viku frá auðmönnum sem fóru með þyrlu úr Kjarrá til að fá sér pylsu í Hyrnunni í Borgarnesi. Fylgdi sögunni að fyrirhyggjan hefði ekki verið meiri en svo að þeir mættu veskislausir í Hyrnuna og þurftu að fá lánað fyrir snæðingnum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var hér um að ræða Bakkavararbræðurna **Lýð** og **Ágúst Guðmundssyni** og menn tengda Existu og Bakkavör.



Þeir bræður komust líka í fréttirnar á síðasta ári þegar þeir voru við veiðar í Kjarrá. Þá bókuðu þeir **Pétur Örn Guðmundsson** og tvo aðra meðlimi hljómsveitarinnar Dúndurfrétta til að spila fyrir sig í veiðihúsinu. Fengu tónlistarmennirnir allt að 150 þúsund krónur á mann fyrir að mæta og spila óskalög fyrir auðmennina. Vinsælustu lögin voru Nína og Álfheiður Björk, en þau voru spiluð þrisvar hvort og hefðu fengið að hljóma oftar hefðu tónlistarmennirnir ekki tekið í taumana.



Það vakti athygli viðskiptavina Skífunnar í byrjun síðustu viku að ný plata **Bubba Morthens**, Fjórir naglar, var ekki fáanleg í verslun-inni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var þetta vegna deilna Skífunnar og Senu, sem gefur Bubba út, en síðarnefnda fyrirtækið var á sama tíma með útsölumarkað í Laugardalshöll. Vildu Skífumenn meina að ósanngjarnt væri að plata Bubba væri á útsöluverði á markaði Senu á meðan þeir þyrftu að selja hana fullu verði. Þessi deila var leyst fljótt og vel og plata Bubba var aftur til sölu hjá Skífunni einum eða tveim dögum síðar. - hdm



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, TÚNFISKUR
Úrval fiskrétta á grillið

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

# Fékk óvænta afmælisveislu

„Þetta kom mér algerlega í opna skjöldu. Ég átti ekki von á neinu,“ segir Lýður Ægisson, tónlistarmaður og fyrrverandi skipstjóri, sem á dögunum varð sextugur. Í viðtali við Fréttablaðið sem birtist á afmælisdegi Lýðs hinn 3. júlí sagðist hann ekki ætla að blása til veisluhalda. Annað kom á daginn því fjórir synir hans og fósturdóttir hans blésu til óvæntrar veislu í Sandgerði. „Vinur minn bauð mér bara á rúntinn til þess að gera eitthvað og við enduðum suður í Sandgerði,“ segir Lýður en þar biðu hans ættingjar og samferðamenn. „Þetta voru gamlir gaurar af sjónum. Til dæmis fráfarandi bæjarstjóri Grindavíkur, Ólafur Örn Ólafsson, hann byrjaði hjá mér 16 ára gamall á sjónum austur á Hornafirði.“ Einnig mætti móðir Lýðs ásamt bróður hans, Séra Sigurði Ægissyni, presti á Siglufirði en þau komu keyrandi þaðan. Gylfi Ægisson, bróðir Lýðs, lét sig heldur ekki vanta og söng með sonum Lýðs. „Þetta stóð langt fram eftir kvöldi. Matur og flottheit en ekkert vín. Enda er ég búinn að vera edrú í 32 ár. Svo það ætti að vera runnið af mér,“ segir hinn sextugi Lýður Ægisson. - shs



**LÝÐUR ÆGISSON** Fékk óvænta afmælisveislu í Sandgerði sem fjórir synir hans og fósturdóttir höfðu skipulagt á laun í fjóra mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

INNRÉTTINGAR Í ELDHÚS · BAÐHERBERGI · SVEFNHERBERGI · ÞVOTTAHÚS

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

*Innréttingar að þínu skapi!*

# *Af hverju að borga meira?*







- Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum
- Fagleg ráðgjöf
- Flatar pakkningar sem auðvelt er að flytja
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð
- Sérsniðið hönnunarforrit fylgir

ALLT AÐ
**20% afsláttur** af hágæða AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH eldhúsinnréttingar.

*Nýr, glæsilegur bæklingur kominn úr prentun. Fáið bæklinginn sendan heim – eða kynnist úrvalinu af eigin raun í verslunum okkar.*




**ORMSSON**

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

**ORMSSON** ÁRVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160 **ORMSSON** AKUREYRI · SÍMI 461 5003

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

## MEST LESIÐ:

- Sautján aðildarfélög BHM hafa samþykkt kjarasamning
- Leigubílstjóra ógnað með hnífi - fann árásarmennina sjálfur
- Ekið á vespu - Tvær konur slasaðar
- Deila OR og Guðmundar snýst um 7 milljóna króna Land Cruiser

…ég sá það á visir.is



**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Bjartur í borgarhúsum*

Bjartur í Sumarhúsum var mikill gallagripur enda saman settur úr mörgum þeim löstum sem hrjáð hafa landsmenn frá aldaöðli. Hann hugsaði um það eitt að vera sjálfstæður og óháður; skuldlaus við guð og menn. Hvað eitt sem minnti hann á að við verðum að taka tillit til annarra í kringum okkur var eitur í hans beinum.

**TIL** dæmis brást hann illur við þegar fyrsta kona hans setti út á matseðilinn í Sumarhúsum en á honum var ekkert annað en steinbítur. Langaði konu í kjöt svo Bjartur brá á það ráð að telja henni trú um að hin landlæga hjartveiki væri nú farin að gera vart við sig hjá kellu. Væri því ekkert annað að gera en hella í hana meðali en það varð til þess að hún lá í móki í rúmi sínu alla daga, sem var hið besta mál fyrir Bjart því ekki truflaði hún hann með tiktúrum sínum á meðan.

**SLÍK** meðul dugðu þó ekki á hreppstjórann, sem var sífellt að minna á vald sitt og reyndi að pranga ýmsum hlutum inn á dalabóndann til að gera hann háðari sér. Einnig áttu menn það til að vappa um landareign Bjarts en slíka óhæfu fannst honum sjálfstæðir menn ekki þurfa að þola.

**UMRÆÐAN** um hin ýmsu skipulags- og íbúðamál á höfuðborgarsvæðinu gefur það til kynna að hugmyndafræði Bjarts og hreppstjórans lifi ágætu lífi með landanum. Bústólpar nútímans koma sér fyrir í þéttbýlinu en vilja þó helst geta séð bæði Esjuna og Keili út um gluggann og haft götuna og jafnvel hverfið eins og þeim hentar. Þess vegna er höfuðborgarsvæðið eins og bóndabæjaþyrping sem teygir anga sína um víðan völl. En sjálfstæði bústólpanna gengur þó stundum í berhögg við fyrirhyggju yfirvaldsins því einhvers staðar verður þyrluflugvöllur fyrir sjúkrahúsið að vera, einhvers staðar verða krakkarnir að fá að spila körfubolta, svo þarf að stækka leikskóla svo að öll börnin komist fyrir, einhvers staðar þarf að vista fíkla í meðferð og annars staðar menn sem gatan tæki annars við. Þetta hefur verið að raska ró íbúanna að undanförnu.

**KANNSKI** er yfirvaldið í sumum tilfellum klaufalegt þegar það er að koma þessu niður við túnfót nútíma bústólpanna. En viðbrögð þeirra minna um margt á söguswið Sjálfstæðs fólks eftir Halldór Laxness, nema hvað Bjartur er kominn á mölina.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 15. júlí, 198. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.42 | 13.34 | 23.23 |
| Akureyri | 2.57 | 13.18 | 23.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

